kjarninn
1. útgáfa – 22. ágúst – vika 34



STUNDIN NÁLGAST

Stjórnvöld og kröfuhafar í störukeppni

Tilboð í Íslandsbanka á leiðinni frá Hong Kong

Niðurstaða viðræðna ræður örlögum Íslands

Meðal efnis

1. útgáfa
22. ágúst 2013
vika 34



MANNRÉTTINDI

Leki Snowdens

Kjarninn skilinn frá hisminu í stærsta lekamáli sögunnar



STJÓRNMÁL

HANNA BIRNA BOÐAR HAGRÆÐINGU

Sveitarfélög verða að auka samstarf og lækka skuldir.



PISTILL

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir skrifar um

LÝÐRÆÐISÞRÓUN Í AFGANISTAN



EXIT

FARA ÓTROÐNAR SLÓÐIR ERLENDIS

Hvers vegna verður íslensk tónlist vinsæl í öðrum löndum?



Þjóðarsátt um stéttaskiptingu

LEIÐARI
Þórður Snær Júlíusson
thordur@kjarninn.is

Bjarni Benediktsson, nú fjármálaráðherra, sagði í eldhúsdagsumræðum 13. mars að ef Sjálfstæðisflokkurinn kæmist til valda yrði gerð ný þjóðarsátt. Þessar áherslur rötuðu inn í stefnuyfirlýsingu nýrrar ríkisstjórnar. Í lok júlí sýndi Bjarni aðeins á spilin og hvað ætti að felast í þjóðarsáttinni. Þá lét hann hafa eftir sér að launahækkanir á almennum vinnumarkaði væru óheppilegar og að sameiginlegt átak þyrfti til að forðast aukna verðbólgu og kjararýrnun. Kæla þyrfti hagkerfið og komandi kjarasamningar ættu að leika lykilhlutverk í þeirri kælingu.

Allt er þetta skynsamlegt hjá nýja fjármálaráðherranum. Launahækkanir þurfa að haldast í hendur við aukna verðmætasköpun. Það hafa þær ekki gert undanfarið. Laun á almenna vinnumarkaðinum hækkuðu um 14 prósent á árunum 2008 til 2012 og litlu meira hjá opinberum starfsmönnum. Ljóst er að þær hækkanir eru meiri en hagvöxtur á sama tímabili. Til að stemma stigu við áframhaldandi innistæðulausu launaskriði almúgans hefði verið eðlilegt að sýna fordæmi og halda aftur af hækkunum á launum forstjóra og forstöðumanna. Það var ekki gert.

Þess í stað ákvað kjararáð að hækka laun forstöðumanna ýmissa ríkisstofnana afturvirkt til 1. ágúst í fyrra um 16 til 20 prósent. Starfsmenn í fjármálaþjónustu, hjá lífeyrissjóðum og í vátryggingastarfsemi hækkuðu um 11,2 prósent í launum í fyrra. Vísitala launa þeirra hækkaði um 29 prósent á árunum 2009 til 2012. Við bætist að starfsmenn Landsbankans, sem er nánast að öllu leyti í eigu ríkisins, fengu hlut í bankanum, metinn á 4,7 milljarða króna, gefins frá þrotabúi hans fyrir að vera duglegir að rukka inn ákveðin lánasöfn. Fullur hlutur hvers starfsmanns nemur fernum mánaðarlaunum.

Þetta hefur allt gerst samhliða því að enn er í gildi allsherjar ríkisábyrgð á innlánunum sem starfsemi fjármálafyrirtækja hvílir á.

> Til að stemma stigu við áframhaldandi innistæðulausu launaskriði almúgans hefði verið eðlilegt að sýna fordæmi og halda aftur af hækkunum á launum forstjóra og forstöðumanna. Það var ekki gert.

Til viðbótar kom fram í tekjublaði Frjálsrar verslunar að 200 launahæstu forstjórar landsins voru með 2,3 milljónir króna að meðaltali á mánuði í fyrra. Laun þeirra höfðu hækkað um 300 þúsund frá ári til árs. Regluleg laun fullvinnandi launamanna á íslenskum vinnumarkaði voru 402 þúsund krónur að meðaltali á árinu 2012. Meðallaunahækkun forstjóranna nemur því um 75 prósentum af heildarlaunum meðallaunamannsins.

Þessi þróun er augljós vísir að aukinni stéttaskiptingu á Íslandi og versta veganesti sem hægt er að taka með sér inn í mikilvægustu kjarasamningaviðræður í aldarfjórðung. Hinir ríku verða ríkari á meðan launafólk er hvatt til að færa fórnir með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi, þrátt fyrir að jafn lítil innistæða sé fyrir launahækkunum forstjóranna og starfsmanna á plani. Hinir ríku eiga líka margir hverjir peninga erlendis sem þeir geta komið með í gegnum fjárfestingaleið Seðlabankans, og fengið fyrir vikið 20 prósenta afslátt á eignum hérlendis. Eignafólk er líklegra til að taka þátt á verðbréfamarkaði, sem hefur hækkað um tugi prósenta á undanförnum árum, að hluta til vegna áhrifa gjaldeyrishafta. Við bætist að ríkisstjórnin ætlar að ráðast í hundraða milljarða króna skuldaniðurfellingar, sem lenda að mestu hjá tekjuháum. Rúsínan í pylsuendanum er síðan áform hennar um að afnema lágmarksútsvar. Þá geta hinir ríku hópað sig enn frekar saman í sveitarfélögum þar sem þeir greiða mjög lága skatta.

Í ávarpi sínu á þjóðhátíðardaginn sagði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra að Ísland hefði „ekki verið stéttskipt á sama hátt og mörg önnur lönd og það er einn af mörgum góðum kostum þess að byggja þetta land“. Það stéttskiptingarleysi, hafi það einhvern tímann verið til staðar, virðist vera á hröðu og markvissu undanhaldi, að hluta til vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar. Verði ekki brugðist við þessari þróun í aðdraganda kjarasamninga í haust gæti hún fest sig rækilega í sessi.

Deildu með umheiminum


kjarninn
Laugavegi 71, 101 Reykjavík
Sími 551-0708
kjarninn@kjarninn.is
www.kjarninn.is

Ritstjóri: Þórður Snær Júlíusson
Framkvæmdastjórar: Gísli Jóhann Eysteinsson og Hjalti Harðarson

Kjarninn miðlar ehf.
gefa Kjarnann út.

VIÐ STÖNDUM VIÐ WOW LOFORÐIN

SAMKVÆMT dohop ERUM VIÐ AÐ MEÐALTALI ÓDÝRUST



LÆGRA VERÐ · NÝRRI VÉLAR · BREIÐASTA BROSIÐ

LOFORÐ WOW



Sparibaukur valdhafa á Suðurnesjum

Kjarninn birtir svarta leyniskýrslu um Sparisjóðinn í Keflavík

FJÁRMÁL
Ægir Þór Eysteinsson
aegir@kjarninn.is

Fjármálaeftirlitið fól endurskoðunarfyrirtækinu Price Waterhouse Coopers að gera úttekt á tilteknum þáttum í starfsemi Sparisjóðsins í Keflavík, með samningi dagsettum 7. júlí árið 2010. Á þeim tíma hafði Fjármálaeftirlitið tekið stjórn sparisjóðsins yfir, vikið stjórn hans frá og skipað bráðabirgðastjórn. Ákvörðun FME um að taka sparisjóðinn yfir byggðist á því að frá lokum mars árið 2009 hafði eiginfjárstaða hans verið undir lögbundnum mörkum og ítrekaðar samningsviðræður við kröfuhafa um fjárhagslega endurskipulagningu skilað engu.

Price Waterhouse Coopers (PwC) skilaði Fjármálaeftirlitinu niðurstöðum sínum í formi svartrar skýrslu þann 7. apríl árið 2011. Kjarninn hefur umrædda skýrslu undir höndum, en henni hefur verið haldið frá stofnfjárhöfum, sem margir hverjir urðu fyrir miklum fjárhagslegum búsifjum vegna falls sjóðsins. Stofnfjáreigendur í Sparisjóðnum í Keflavík voru 1.750 talsins, en þeir töpuðu tæplega sautján milljörðum króna á falli sparisjóðsins.

Kjarninn birtir nú skýrslu PwC í heild sinni. Skýrslan er í senn ótrúleg og skuggaleg yfirlestrar. Ekki stóð steinn yfir steini í rekstri sparisjóðsins.

Smelltu til að sækja leyniskýrsluna

Vítaverð vinnubrögð – mögulega saknæm

PwC óskaði ekki eftir aðgengi að tölvupóstum starfsmanna sjóðsins, en áréttar í skýrslunni að Fjármálaeftirlitið verði að ákveða hvort ráðast eigi í frekari rannsóknir á sviði sakamála byggðar á niðurstöðum skýrslunnar. Þannig yrðu tölvupóstar og síðar yfirheyrslur yfir lykilstjórnendum sjóðsins grunnur að frekari rannsókn ásamt niðurstöðum PwC.

Í almennum niðurstöðum PwC í skýrslunni segir hins vegar: „Stjórn og stjórnendur [Sparisjóðsins í Keflavík, innsk. blaðamanns] voru undir miklum þrýstingi að sýna góða afkomu, tryggja fjármögnun og halda uppi virði sjóðsins. Stutt getur verið á milli þess sem augljóslega telst ekki til venjulegra viðskiptahátta og þess sem hugsanlega gæti verið saknæmt.“

Deildu með umheiminum

Í skýrslu Fjármálaeftirlitsins (FME) um útlánahættu, markaðsáhættu og eftirlit með peningaþvætti hjá Sparisjóðnum í Keflavík frá september 2008 voru gerðar alvarlegar athugasemdir við veikleika í innri reglum sjóðsins, áhættustýringu og eftirlitshlutverk stjórnar. Í framhaldi af skýrslunni var ráðgjafi frá endurskoðunarfyrirtækinu Deloitte ráðinn af stjórnendum sjóðsins til að koma með tillögur um úrbætur. Í kjölfarið voru settar nýjar reglur um áhættustýringu og útlán. Einnig voru settar nýjar starfsreglur stjórnar og erindisbréf fyrir þáverandi sparisjóðsstjóra, Geirmund Kristinsson.

Eftir að framangreindar reglur voru settar var ekki oftar fjallað um skýrslu FME í fundargerð stjórnar. Nýjar reglur breyttu engu um starfshætti sjóðsins, að því er fram kemur í skýrslu PwC, því eins og áður hélt stjórn sjóðsins áfram að mestu í höndum sparisjóðsstjórans, eða fram að þeim tíma er FME skipaði tilsjónarmann inn í stjórn sjóðsins í júní 2009. Þvert á móti voru heimildir Geirmundar rýmkaðar þegar reglum um lánanefnd var breytt í þá veru að eftir breytingu var hlutverk hennar einungis að fjalla um mál sem ekki voru ákvörðuð af sparisjóðsstjóra.


Í skýrslunni gera skoðunarmenn PwC jafnframt athugasemd við þá ótrúlegu staðreynd að á skoðunartímabilinu, sem náði frá 30. júní 2008 til 23. apríl 2010, gerði sparisjóðurinn ekki eitt formlegt veðkall.

Þótt nú séu liðin rúmlega þrjú ár frá falli Sparisjóðsins í Keflavík hafa enn engar ákærur á hendur fyrri stjórn sjóðsins litið dagsins ljós. Embætti sérstaks saksóknara hefur haft umrædda skýrslu undir höndum í dágóðan tíma, sem og fleiri sem komu að því að vinna úr málum sjóðsins.

Engar verklagsreglur í lagi

Í skýrslu PwC fá starfshættir Sparisjóðsins í Keflavík almenna falleinkunn. Þrátt fyrir alvarlegar athugasemdir í áðurnefndri skýrslu FME frá árinu 2008 voru engin viðmið sett varðandi lausafé eða eiginfjárhlutfall sjóðsins. Haldið var utan um peningamarkaðsinnlán sjóðsins í Excel-skjölum

STJÓRN SPARISJÓÐSINS Í KEFLAVÍK Í MARS 2009



og engar verklagsreglur voru til fyrr en eftir mitt ár 2008 um afleiðuviðskipti, en þá hafði sjóðurinn hætt að stunda slík viðskipti og samningar lágu óuppgerðir svo mánuðum og jafnvel árum skipti.

Ekki voru til sértækar reglur um meðferð yfirdráttarbeiðna og þá voru ákvæði um tryggingar í útlánareglum sjóðsins veik. Engar takmarkanir voru í reglunum um lánveitingar til aðila með neikvætt eigið fé, neikvætt sjóðsstreymi eða til þeirra sem voru með afskriftarframlag í sjóðnum. Sömuleiðis voru engin ákvæði í útlánareglum sjóðsins um að lánveitingar til venslaðra aðila skyldu samþykktar í stjórn. Ört minnkandi eiginfjárgrunnur sjóðsins í aðdraganda yfirtöku FME breytti þar engu um.

Þá voru ekki til skriflegar reglur um mat á útlánum og endanlegar afskriftir, og ákvæði um veðköll voru ekki í skuldabréfum eða lánasamningum. Tryggingar reyndust of lágar eða jafnvel ekki til staðar og veð voru gjarnan ónýt þegar til kastanna kom og söluverð eigna mun lægra en mat trygginga.

Stórar áhættuskuldbindingar voru gróflega vanmetnar, þar sem skilgreining á tengdum aðilum var mjög veik. Eitt skýrasta dæmið um þetta er Fasteignafélag Suðurnesja. Félagið var í eigu sparisjóðsins, Sparisjóðabanka Íslands, Steinþórs Jónssonar, fyrrverandi bæjarfulltrúa í Reykjanesbæ og



Sparisjóðsstjórinn Geirmundur Kristinsson lét af störfum sem sparisjóðsstjóri Sparisjóðsins í Keflavík 1. júní 2009. Við starfi hans tók þá Angantýr V. Jónasson, fyrrverandi sparisjóðsstjóri hjá Sparisjóði Vestfirðinga. Geirmundur hafði þá starfað hjá sjóðnum samfleytt í 44 ár, frá árinu 1965.

Sverris H. Geirmundssonar, sem er sonur sparisjóðsstjórans fyrrverandi. Skuldir eigendanna voru ekki teknar saman í mati á stórum áhættuskuldbindingum í skýrslum sjóðsins til FME fyrr en árið 2010. Miðað við skuldastöðu viðkomandi í lok júní 2008 nam vanmatið ríflega 400 milljónum króna. Heildaráhættuskuldbinding Fasteignafélagsins og tengdra aðila, samkvæmt skýrslunni frá 2010, nam um 906 milljónum króna og þá hafði um fjórðungur þegar verið lagður í afskriftarsjóð, eða um 188 milljónir króna.

Þá má geta þess að miðað við fyrrnefnda skýrslu sjóðsins til FME frá 2010 nam heildarskuldbinding Þorvaldar Lúðvíks Sigurjónssonar, fyrrverandi forstjóra Saga Capital fjárfestingarbanka og núverandi framkvæmdastjóra Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar, um 514 milljónum króna, en um 87 prósent þeirrar fjárhæðar höfðu þá verið afskrifuð, ríflega 447 milljónir króna.

Einráður og stjórnlaus sparisjóðsstjóri

Geirmundur Kristinsson, þáverandi sparisjóðsstjóri, hafði

heimild til að veita lán sem námu allt að fimmtán prósentum af eiginfjárgrunni sjóðsins. Áðurnefnd breyting á reglum lánanefndar á haustdögum 2008 kom í veg fyrir að öll stærri lánamál færu fyrir lánanefnd óháð yfirferð sparisjóðsstjórans. Hann var því einráður og stjórnlaus er kom að stærri lánveitingum sjóðsins.

Þess eru dæmi að sparissjóðsstjóri hafi breytt skilmálum lána án þess að hafa til þess heimild, og tilfelli eru um að skilmálabreytingar félaga sem tengdust stjórnarmönnum sjóðsins hafi ekki verið teknar fyrir í stjórn. Samhliða því að erlendum lánum var breytt í íslenskar krónur veitti sjóðurinn allt að 25 prósenta afslátt af höfuðstól. Þetta var gert þrátt fyrir að engar skriflegar reglur væru til um slíka gjörninga og mjög neikvæðan gjaldeyrisjöfnuð sjóðsins.

Dæmi eru um að Geirmundur hafi samþykkt lán til lögaðila tveimur mánuðum eftir að lánanefnd hafði hafnað að veita viðkomandi félagi lán, en sparisjóðsstjórinn átti sæti í lánanefnd sjóðsins.

Börn Geirmundar skulduðu háar fjárhæðir til sjóðsins, hundruð milljóna króna í einhverjum tilfellum. Fólu lánin í sér háar lánafyrirgreiðslur, sumar án nokkurra trygginga, sem ekki koma fram í samþykktum stjórnar eins og reglur sjóðsins kváðu á um. Þá átti Geirmundur sæti í stjórn fyrirtækja sem fengu lánafyrirgreiðslur í sparisjóðnum, sem ekki samræmdust lögum sjóðsins.

Starfslokasamningur Geirmundar var til umfjöllunar í fjölmiðlum á sínum tíma og vakti mikla athygli. Í starfslokasamningi hans dagsettum 21. júní 2009 segir að fram skuli fara endurútreikningur á láni sonar hans, Sverris Geirmundssonar, og það fært yfir í einkahlutafélag. Sá starfslokasamningur var dreginn til baka eftir gagnrýni starfsmanna, og ákvæðið um son sparisjóðsstjórans tekið út. Kristján Gunnarsson, þáverandi stjórnarformaður sjóðsins, undirritaði báða samningana. Eftir umfjöllun um fyrri ráðningarsamninginn í fjölmiðlum sagði Kristján af sér sem formaður Starfsgreinasambandsins í kjölfar harðrar gagnrýni og dró sig út úr stjórnunarstörfum fyrir Alþýðusamband



Stór biti fyrir skattgreiðendur
Kostnaður almennings vegna yfirtöku Landsbankans á SpKef, sem reistur var á rústum Sparisjóðsins í Keflavík, er áætlaður um 26 milljarðar króna.

Íslands og Festu lífeyrissjóð. Hann situr enn sem formaður Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur.

Sjálftaka starfsmanna

Sparisjóðurinn í Keflavík veitti Jónu Björgu Antonsdóttur, sem var starfsmaður sjóðsins, 11,5 milljóna japanskra jena lán nokkru eftir að gjaldeyrishöft höfðu verið sett á Íslandi. Kjör lánsins vekja einnig athygli, en það bar 2,75 prósenta vaxtaálag. Gjaldeyrisjöfnuður sparisjóðsins var eins og áður segir mjög neikvæður á þessum tíma sem leiddi til þess að nokkrum mánuðum eftir umrædda lánveitingu fór sjóðurinn að snúa lánum í japönskum jenum og svissneskum frönkum yfir í evrur og síðar í íslenskar krónur.

Smelltu til að lesa um vanskil starfsmanna

Dæmi eru um að starfsmenn sjóðsins samþykktu lán fyrir hönd sjóðsins sem fór vel yfir þær heimildir sem þeir höfðu. Sum lán voru brotin niður í smærri lán, samþykkt innan heimilda starfsmanns en saman farið langt yfir heimildir. Samkvæmt skýrslu PwC voru lán til starfsmanna oft og tíðum veitt án viðskiptaforsenda og þeim lánaðar háar fjárhæðir sem óvíst var að þeir gætu greitt til baka.

Skuldastaða stjórnarmanna

Í mörgum tilfellum var ekkert fjallað um lánveitingar til stjórnarmanna eða fyrirtækja á þeirra vegum í fundargerðum stjórnar sparisjóðsins. Erfitt er að átta sig á þeim viðskiptaforsendum sem lágu þeim að baki.

Stærstu lánveitingarnar eru til stjórnarmannsins Birgis Þórs Runólfssonar og félaga tengdra honum. Samkvæmt skýrslu PwC voru lánin sem honum voru veitt mörg hver áhættusöm og án nokkurra trygginga. Þann 30. júní 2008 námu lán til hans og tengdra félaga tæplega 545 milljónum króna, en þann 22. apríl 2010 hafði skuldastaðan hækkað upp í tæplega 815 milljónir króna. Hluti þessara lána var veittur á meðan Birgir sat í stjórn sjóðsins, en hann fékk niðurfellingu á erlendu láni til hlutabréfakaupa sem aðrir viðskiptavinir sjóðsins fengu almennt ekki. Samkvæmt skýrslu PwC er ekki að sjá að félög Birgis hafi verið skoðuð sem ein áhættuskuldbinding.

Þá benti skoðun PwC á fullnustueignum til þess að jafnræðis hefði ekki verið gætt við meðhöndlun á skuldum viðskiptamanna, þar sem sérsamningar voru gerðir við ákveðna viðskiptamenn um yfirtöku eigna og niðurfærslu skulda þeirra á sama tíma og sams konar óskum annarra viðskiptamanna var hafnað.

Óvenjuleg launakjör lykilstarfsmanna

Samkvæmt skýrslu PwC voru engar verklagsreglur til staðar varðandi innkaupa- og risnuheimildir starfsmanna og þar af leiðandi ekkert eftirlit með innkaupum og risnu. Það er mat skýrsluhöfunda að eftirlit þáverandi stjórnarformanns sjóðsins, Þorsteins Erlingssonar, hafi algjörlega brugðist. Þess má geta að Þorsteinn er fyrrverandi bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ. Við yfirferð starfsmanna sjóðsins á risnureikningum Geirmundar við starfslok kom í ljós talsverður fjöldi einkaúttekta af greiðslukorti og risnureikningi sparisjóðsstjórans. Í kjölfarið var hann krafinn um endurgreiðslu á tæpum tveimur milljónum króna vegna úttekta í hans eigin þágu. Yfirferð starfsmanna náði þó eingöngu til úttekta á risnureikningum vegna ársins 2009.

PwC gerir athugasemdir við óvenjulegar greiðslur Sparisjóðsins í Keflavík í lífeyrissjóð nokkurra starfsmanna, sem voru umfram ákvæði kjarasamninga. Við athugun PwC voru ráðningarsamningar lykilstarfsmanna skoðaðir.

Sparisjóðsstjórarnir Geirmundur Kristinsson og Angantýr V. Jónasson, sem tók við af Geirmundi, Helgi Bogason, útibússtjóri í Grindavík, Jensína U. Kristjánsdóttir, útibússtjóri á Patreksfirði, Jón Axelsson, innri endurskoðandi sjóðsins, og Steinn Ingi Kjartansson, útibússtjóri á Ísafirði, fengu sjö prósenta viðbótarframlag í séreignarsjóð sinn. Ásdís Ýr Jakobsdóttir, forstöðumaður einstaklingssviðs, fékk tíu prósenta viðbótarframlag í sinn séreignarlífeyrissjóð, viðbótarframlag vegna Þrastar Leóssonar forstöðumanns hagdeildar og fjárstýringar nam tólf prósentum og Árni Björgvinsson forstöðumaður reikningshalds og miðvinnslu fékk fimmtán prósenta viðbótarframlag í séreignarlífeyrissjóð sinn en þar að auki

fékk hann greiddar 60.000 krónur á mánuði inn í sinn sjóð. G. Grétar Grétarsson, forstöðumaður fyrirtækjasviðs, fékk 20 prósenta viðbótarframlag í séreignarlífeyrissjóð sinn, en hæsta viðbótarframlagið fékk Magnús Haraldsson, forstöðumaður rekstrar- og afgreiðslusviðs, eða 30 prósent. Allt ofangreint verður að skoða til hliðsjónar af því að hinn almenni launamaður fær almennt í dag tveggja prósenta viðbótarframlag frá launagreiðanda inn í séreignarlífeyrissjóð.

Stjórn sparisjóðsins samþykkti að laun Geirmundar vegna starfa í stjórnum og nefndum á vegum sjóðsins skyldu renna til Geirmundar en ekki sparisjóðsins, eins og áður hafði verið samið um. PwC gerir athugasemd við þetta fyrirkomulag í skýrslunni.


Þá telur PwC að reikna hafi átt Geirmundi sparisjóðsstjóra húsnæðishlunnindi vegna afnota hans á fasteign sparisjóðsins á Akureyri, en hann einn hafði ráðstöfunarrétt á þeirri fasteign. Engin gögn liggja fyrir um það hvernig fasteignin var nýtt.

Í skýrslu PwC kemur jafnframt fram að sparisjóðurinn hafi greitt tryggingar fyrir nokkra lykilstarfsmenn, en ekki hafi verið gert ráð fyrir slíkum hlunnindum á launamiðum fyrir árin 2009, 2010 og 2011.

Flétta áhrifamanna á Suðurnesjum

Í kjölfar yfirtöku FME á viðskiptabönkunum í október 2008, og í ljósi þess mikla vantrausts sem ríkti í þeirra garð á þeim tíma, jukust innlán sjóðsins gríðarlega. Sjóðurinn átti þá sömuleiðis í gríðarlegum lausafjárerfiðleikum sem meðal annarra nágrannasveitarfélög Reykjanesbæjar brugðust við og færðu innlán sín yfir til sparisjóðsins. Grindavíkurbær lagði til að mynda tvo milljarða króna inn í sjóðinn, auk þess sem lífeyrissjóðir og fyrirtæki á Suðurnesjum fluttu háar fjárhæðir úr öðrum fjármálastofnunum yfir í sparisjóðinn. Stuttu fyrir hrunið námu innlán hjá sparisjóðnum 44,9 milljörðum króna, en í lok árs 2008 höfðu innlán sjóðsins hækkað um tæpa tíu milljarða króna. Í drögum að ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2009 kom fram að innlán hans voru komin í 62,3

INNLÁNASÖFNUN SPARISJÓÐSINS Í KEFLAVÍK



Allar tölur eru í milljörðum króna.

milljarða króna í lok þess árs, og höfðu því aukist um 18,3 milljarða króna frá bankahruni. Á sama tíma rýrnuðu eignir sjóðsins um 17 milljarða króna samkvæmt reikningnum.

Reikningsdæmið var einfalt fyrir þá sem áttu sérhagsmuna að gæta með áframhaldandi tilvist sjóðsins; dælum inn í hann peningum og reynum að halda í honum lífi, því fari hann hvort sem er á hliðina eru innistæður í honum að fullu tryggðar vegna neyðarlaganna. Sú varð raunin; sjóðurinn féll og reikningurinn féll á skattgreiðendur.

Eitt af því sem stjórn sjóðsins og áhrifamenn á Suðurnesjum gerðu til að tryggja honum meira lausafé, var að ráðast í fléttu, sem verður að teljast vafasöm í ljósi sögunnar.

Með samningi sem dagsettur er 16. október 2008 gaf Reykjanesbær út 2,5 milljarða króna skuldabréf með 5,6 prósenta verðtryggðum vöxtum til tíu ára sem sparisjóðurinn keypti. Þessi skuldabréf fóru svo frá sjóðnum inn í Seðlabanka Íslands og söluandvirðið til sjóðsins. Í skýrslu PwC segir að markmið þessarar fléttu hafi verið að sjóðurinn myndi kaupa bréfin og nýta þau til endurhverfra viðskipta við Seðlabanka Íslands og bæta þannig lausafjárstöðu sína. Í apríl 2011 var ákveðið að nýta innstæðuna til að gera upp skuldabréfið. Reykjanesbær nýtur því ekki lengur þeirrar ávöxtunar á innstæðunni sem samið var um við útgáfu skuldabréfsins.



Leyniskýrsla PwC opinberuð
Lesendur Kjarnans geta nú nálgast leyniskýrslu PwC, sem haldið hefur verið leyndri frá almenningi frá árinu 2010. Skýrslan er hátt í sex hundruð blaðsíður að lengd.

Smelltu til að sækja leyniskýrsluna

Sorgleg málalok sem þarf að læra af

Endalok Sparisjóðsins í Keflavík eru bæði sorgleg og ógnvænleg. Fall sjóðsins reiddi mörgum stofnfjárhöfum þungt fjárhagslegt högg, sem margir hverjir riða enn eftir. Af endalokum hans er hægt að draga lærdóm. Forkastanleg vinnubrögð og gegndarlausar lánafyrirgreiðslur til áhrifamanna á Suðurnesjum, bæjarfulltrúa sem sátu í stjórn sjóðsins og annarra vildarvina, án nokkurra trygginga eða veða, riðu sjóðnum að fullu. Þá vógu áhættufjárfestingar sjóðsins vissulega þungt, en fyrst og síðast er stjórn sjóðsins ábyrg fyrir falli hans. Enn hefur enginn verið dreginn til ábyrgðar vegna Sparisjóðsins í Keflavík.

Kostnaður almennings vegna yfirtöku Landsbankans á SpKef, sem reistur var á rústum Sparisjóðsins í Keflavík, er áætlaður um 26 milljarðar króna. Von er á skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis um fall sparisjóðanna á næstunni, þar mun vafalaust koma fram ýmislegt sem er að finna í leyniskýrslu PwC sem er nú lesendum Kjarnans aðgengileg. Rannsókn á falli sparisjóðanna átti að ljúka síðasta haust, en hefur dregist sökum mannabreytinga í nefndinni og stærðar verkefnisins. Ljóst er að margir bíða óþreyjufullir eftir upplýsingunum sem þar koma fram.



Vogunarsjóðir gegn almenningi

EFNAHAGSMÁL
Þórður Snær Júlíusson
thordur@kjarninn.is

Framtíð Íslands markast á næstu mánuðum. Þá munu fara fram viðræður við kröfuhafa föllnu bankanna um með hvaða hætti þrotabú þeirra verði gerð upp. Þær viðræður munu skipta höfuðmáli við afnám gjaldeyrishafta, sem hafa nú verið í gildi í tæp fimm ár. Í þessum viðræðum munu takast á annars vegar hagsmunir alls íslensks samfélags og hins vegar hagsmunir þeirra erlendu aðila sem veðjuðu á að íslenska hrunið yrði arðbær fjárfesting, sem það reyndist heldur betur vera. Þessar viðræður eru hins vegar, af einhverri ástæðu, ekki enn hafnar.

Íslendingar hafa búið í sýndarhagkerfi frá hruni. Skráð gengi gjaldmiðils þjóðarinnar byggist ekki á raunverulegu virði hans og venjuleikanum er viðhaldið með gjaldeyrishöftum sem meina peningum að yfirgefa hagkerfið. Það er hins vegar mikið af peningum sem vilja komast í burt. Og Ísland á ekki gjaldeyri til að leysa þá út.

Smelltu til að skoða umræðuskjal Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um íslensk efnahagsmál

Þúsundir milljarða vilja burt

Í umræðuskjali framkvæmdastjórnar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) um stöðu og horfur í íslensku efnahagslífi, sem var birt í byrjun ágúst, er þessi vandi greindur. Virði þeirra eigna sem vilja komast út úr íslensku hagkerfi er talið vera á bilinu 1.700 til 4.150 milljarðar króna, eða ein til tvær og hálf landsframleiðsla. Að mati AGS eru þessar eignir aðallega í eigu þriggja hópa.

Smelltu til að skoða grein Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um valin málefni í íslensku efnahagslífi

Í fyrsta hópnum eru eigendur kvikra krónueigna. Þeir eiga íslensk ríkisskuldabréf, skuldabréf á Íbúðalánasjóð eða innstæður. AGS telur að umfang þessara eigna sé um 400 milljarðar króna. Reynt hefur verið að losa um þessar eignir með gjaldeyrisútboðum Seðlabanka Íslands. Þau hafa skilað takmörkuðum árangri og vandinn tengdur þessum eignum er enn risavaxinn tæpum fimm árum eftir hrun.

Í öðrum hópnum eru íslenskir aðilar sem búist er við að muni vilja komast með fjármuni sína burt frá Íslandi við afnám hafta. Þar er um einstaklinga, fyrirtæki og lífeyrissjóði að ræða. AGS hefur reynt að varpa einhverri mynd á umfang

Deildu með umheiminum

Smelltu til að loka

SKULDANIÐURFELLINGAR HAFA ÁHRIF Á LÁNSHÆFI

Í lok júlí 2013 breytti matsfyrirtækið Standard & Poor's horfum á lánshæfiseinkunn ríkissjóðs úr stöðugum í neikvæðar. Samsvarandi breytingar á einkunn Landsvirkjunar fylgdu í kjölfarið. Í mati sínu varar Standard & Poor's við því að lánshæfismat Íslands verði sett í ruslflokk ef loforð ríkisstjórnarinnar um skuldaniðurfellingar verða að veruleika. Fyrirtækið telur slíka aðgerð geta haft mjög neikvæð efnahagsleg áhrif fyrir Ísland. Seðlabanki Íslands telur að niðurfellingarnar muni að mestu leyti lenda hjá litlum hópi fólks með háar tekjur sem glímir ekki við greiðsluvanda.

þessa vanda. Niðurstaða sjóðsins er sú að á bilinu 600 til 2.900 milljarðar króna af eignum íslenskra aðila muni fara burt ef höftum verður aflétt. AGS tekur reyndar fram að sjóðurinn eigi von á því að niðurstaðan verði nær neðri mörkum þessa mats. Hvernig sem fer er um gríðarlegar upphæðir að ræða. Í grein um valin málefni (e. selected issues) sem AGS birti samhliða umræðuskjalinu er lagt til að hraðahindranir (e. speed limits) verði sett á útflæði fjármagns Íslendinga samhliða afnámi hafta. Sjóðurinn dregur þá ályktun að ef útflæðið yrði takmarkað við sjö til átta prósent af landsframleiðslu á ári (hún var 1.708 milljarðar króna árið 2012) í átta ár myndi gjaldeyrisvaraforði þjóðarinnar ná að haldast meiri en skammtímaskuldir hennar.

En þriðji hópurinn er sá sem skapar mestu aðkallandi áhættuna. Hann er samansettur af kröfuhöfum föllnu bankanna. Eigenda þrotabúa Kaupþings og Glitnis. AGS telur að við uppgjör þeirra muni 700 til 850 milljarðar króna af innlendum eignum lenda í höndunum á erlendum aðilum. Þarna er til dæmis átt við eignarhluti þrotabúanna í Íslandsbanka og Arion banka auk reiðufjár. Augljóst er að Ísland ræður ekki við að skipta öllum þessum krónum í gjaldeyri á því falska gengi sem krónan er skráð á hjá Seðlabankanum. Það þurfa að fara fram viðræður við kröfuhafa bankanna um á hvaða gengi krónum fáist skipt og hvaða aðrar aðgerðir þurfi svo að þeim verði hleypt út úr íslenska hagkerfinu með fjárfestingu sína.

Þær viðræður eru líklegast, ásamt neyðarlagasetningunni í október 2008, mikilvægasta efnahagslega aðgerð sem íslenskt samfélag samtímans hefur staðið frammi fyrir. Í þeim munu hagsmunir kröfuhafa annars vegar og íslensks almennings hins vegar takast á. Ljóst er að margir kröfuhafanna hafa grætt gríðarlega á kaupum á kröfum á íslensku bankana. Sumir hafa leyst út þann hagnað með því að selja kröfur á hærra verði en þeir keyptu þær á en aðrir ætla að sitja á þeim í von um að nauðasamningar bankanna verði þeim hagstæðir.

Semja þarf um hvernig á að skipta þeim ágóða sem orðið

hefur til vegna fjárfestinga erlendu kröfuhafanna í íslenska hruninu. Því meira sem verður eftir af peningum í hagkerfinu, þeim mun betri verður staða samfélagsins. Þeir gætu þá farið í að lækka skuldir hins opinbera eða til að fjármagna stórfelldar skuldaniðurfellingar á verðtryggðum lánum, sem sitjandi ríkisstjórn hefur lofað. Sérfræðingahópur á vegum ríkisstjórnarinnar á að skila útfærslum á skuldaniðurfellingartillögum í nóvember. Því er skammur tími til stefnu ef ágóði af samningum við kröfuhafa á að fjármagna þær niðurfærslur.

Þorri krafna á Glitni og Kaupþing hefur skipt um hendur og því er um afar umfangsmikil viðskipti að ræða. Til að átta sig á umfanginu þarf að fara nokkuð mörg ár aftur í tímann.

Viðskipti með skuldatryggingar

Síðla árs 2005 hófust viðskipti með skuldabréfatryggingar á íslensku bankana. Frá þeim tíma gátu íslensku bankarnir ekki fengið fjármögnun í gegnum skuldabréfaútgáfu á alþjóðamörkuðum nema að sá sem lánaði þeim væri búinn að tryggja endurgreiðslu skuldarinnar hjá tryggingafélagi. Það álag sem lagðist ofan á skuldina var síðan mat á því hversu miklar líkur væru á því að viðkomandi lántakandi myndi geta greitt skuldabréfið til baka. Því hærra sem skuldatryggingaálagið var, þeim minni líkur voru á endurgreiðslu.

Á meðan skuldabréfin voru í skilum græddu tryggingafélögin grimmt. Þau fengu greidd iðgjöld án þess að þurfa nokkurn tímann að greiða út tryggingarnar. Markaðurinn með skuldatryggingar var hins vegar vægast sagt ógagnsær. Um hann giltu engar sérstakar reglur né lög. Það var því leikur einn að hafa áhrif á hann, til dæmis með orðrómi um slaka stöðu þess banka sem tryggingarnar voru keyptar á. Samhliða voru gerð veðmál um að skuldatryggingarnar þyrftu að greiðast út. Á slíkum veðmálum högnuðust mjög margir fjárfestar eftir bankahrunið.


Frá miðju ári 2007 og fram að hruni hækkaði skuldatryggingaálag á íslensku bankana mikið. Fjárfestar töldu að líkurnar á því að þeir gætu greitt lán sín til baka færu hríð

Smelltu til að loka

STJÓRNENDUR EFTIR SLIT

Þrotabú Glitnis og Kaupþings hafa undirbúið stofnun þeirra eignarhaldsfélaga sem eiga að taka við eignum þeirra um langt skeið. Glitnir tilkynnti kröfuhöfum sínum í september að slitastjórn bankans hefði tilnefnt Svíann Jan Kvarnström sem stjórnarformann slíks félags ef nauðasamningar yrðu kláraðir. Í júní tilkynnti Kaupþing að slitastjórn bankans hefði tilnefnt Malcolm Fallen, forstjóra Candover Investments, í starf stjórnarformanns og að Matthew Turner, áður yfirmaður alþjóðlegrar eignarstýringar hjá Bank of America /Merrill Lynch, yrði forstjóri Kaupþings ehf.

VÆNTAR ENDURHEIMTIR




fallandi. Með öðrum orðum voru alþjóðlegir fjárfestar að búa sig undir að íslensku bankarnir lentu í stórkostlegum vandræðum.


Tryggingafélögin töpuðu mestu

Þegar þau vandræði skullu síðan á í október 2008 fylltust anddyri alþjóðlegra tryggingafélaga, að mestu leyti í Bretlandi, af fjárfestum með fangið fullt af íslenskum bankaskuldabréfum. Þessi hópur hafði keypt skulda-tryggingar vegna bréfanna og vildi fá þær greiddar. Þeir sem til þekkja telja einboðið að vegna umfangs þessara viðskipta séu alþjóðleg tryggingafélög þeir aðilar sem töpuðu mestu á íslenska hruninu.

Stærsti aðilinn í þessum hópi var Deutsche Bank, stærsti einstaki lánveitandi íslensku bankanna, en fjölmargir aðrir þekktir stórbankar stunduðu líka þennan leik. Skulda-tryggingarnar voru síðan gerðar upp í þremur uppboðum sem haldin voru á þremur dögum, tæpum mánuði eftir banka-hrunið. Umsjónaraðilar uppboðanna voru Creditex og Markit.

Fyrsta uppboðið var haldið 4. nóvember 2008 með bréf





Landsbankans. Niðurstaða þess, samkvæmt gögnum sem Kjarninn hefur undir höndum, var sú að áætlaðar endurheimtir bréfanna á bankann væru 1,25 prósent. Daginn eftir voru bréf Glitnis boðin upp. Niðurstaða þess uppboðs var sú að kaupendur þeirra reiknuðu með því að um þrjú prósent af upphaflegu virði skuldabréfanna myndu skila sér til baka. Þriðja daginn, fimmtudaginn 6. nóvember, voru skuldabréf langstærsta bankans, Kaupþings, boðin upp. Væntar endurheimtir úr búi þess banka voru, eftir uppboðið, 6,625 prósent.

Vogunarsjóðirnir mæta

Á grundvelli þessara uppboða hófust viðskipti með skuldabréf í íslensku bönkunum. Niðurstöður þeirra bjuggu til gólf fyrir þau viðskipti. Tímabilið frá byrjun nóvember 2008 og þangað til að kröfulýsingarfrestur í bú bankanna rann út, í apríl 2009, er eins konar svarthol. Á því hálfa ári áttu sér stað

Í tímaröð

Dragðu bláu slána fram og til baka til að skoða alla tímalínuna

6. október 2008
Geir H. Haarde biður Guð að blessa Ísland. Landsbanki, Glitnir og Kaupþing falla í kjölfarið.

Apríl 2009
Kröfulýsingarfrestur í bú bankanna rennur út.

Síðla árs 2012
Kröfur á íslensku bankana hafa margfaldast í verði. Slitastjórnir Glitnis og Kaupþings leggja inn umsóknir til Seðlabanka Íslands um undanþágu frá gjaldeyrishöftum til að klára nauðasamninga og greiða kröfuhöfum út.

Apríl 2013
Kosningar á Íslandi og vilyrði gefin um að nýta ágóðann af samningum við kröfuhafa, sem myndu gera þeim kleift að ljúka nauðasamningum, til að ráðast í almennar skuldaniðurfellingar. Kostnaður þeirra sagður vera 200-300 milljarðar króna. Þessi vilyrði hafa engin áhrif á væntar endurheimtir skuldabréfa föllnu bankanna sem halda áfram að hækka.

2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014

4.-6. nóvember 2008
Fyrirtækin Creditex og Markit standa fyrir uppboði á bréfum íslensku bankanna í kjölfar þess að skuldatryggingar á þá voru gerðar upp. Niðurstaðan er sú að virði skuldabréfanna er talið vera 1,25-6,6 prósent af upphaflegu virði þeirra.

Lok árs 2009
Fyrstu kröfuhafaskrár bankanna kynntar á kröfuhafafundum. Vogunarsjóðir orðnir mjög áberandi á meðal kröfuhafa.

Desember 2012
Seðlabankinn hefur þegar gefið út yfirlýsingu um að nauðasamningar verði ekki kláraðir nema efnahagslegur stöðugleiki verði tryggður. Starfshópur stjórnvalda leggur til að gjaldeyrishöft verði gerð ótímabundin. Það var í kjölfarið fest í lög.

Ágúst 2013
Engar formlegar viðræður eru hafnar við kröfuhafa um lausn á málinu.

Nóvember 2013
Útfærsla skuldaniðurfellinga á að liggja fyrir.

mjög umfangsmikil viðskipti með kröfur á íslensku bankana sem eru þess eðlis að ómögulegt er að rekja hverjir áttu þau og á hvaða verði þau voru gerð. Á þessu tímabili eignuðust vogunarsjóðir, að mestu bandarískir, stærstan hluta krafna á Glitni og Kaupþing. Ástæður áhuga þeirra eru engin geimvísindi. Eignir búanna voru einfaldlega miklu meira virði en upphaflega var talið.

Sá kröfuhafi sem mest hefur farið fyrir er Burlington Loan Management. Sjóðnum stýrir bandaríska fyrirtækið Davidson Kempner, þrettándi stærsti vogunarsjóður Bandaríkjanna. Fyrirtækið er alls með 20 milljarða dala, um 2.500 milljarða króna, í stýringu. Til að setja þá upphæð í samhengi

Smelltu til að loka



RISI KAUPIR KRÖFUR

Paulson Credit Opportunities Master keypti kröfur á Glitni fyrir tæpa 15 milljarða króna í mars. Stofnandi og stjórnandi þess sjóðs er John Paulson en fyrirtæki hans, Paulson & Co., er sjöundi stærsti vogunarsjóður Bandaríkjanna. Paulson sjálfur er í 91. sæti yfir ríkustu menn heims. Hann öðlaðist heimsfrægð þegar upp komst að hann hafði veðjað stórkostlega á fall húsnæðislánamarkaðins í Bandaríkjunum. Á árinu 2007 einu saman hagnaðist Paulson & Co. um 15 milljarða dala.

má benda á að öll landsframleiðsla Íslendinga var um 1.700 milljarðar króna í fyrra, eða 68 prósent af þeirri upphæð sem Davidson Kempner stýrir. Burlington, eða aðrir sjóðir Davidson Kempner, eru langstærstu kröfuhafar Glitnis, ásamt því að vera fimmti stærsti kröfuhafi Kaupþings og eiga kröfur á Landsbankann. Þeir eiga einnig stóran hlut í Straumi, Klakka (áður Exista) og Bakkavör. Talið er að Burlington hafi keypt alls kyns kröfur og hluti í íslenskum fyrirtækjum, að langmestu leyti í fjármálageiranum, fyrir vel á annað hundrað milljarða króna frá hruni.

Sú upphæð endurspeglar ekki umfang samþykktra krafna Burlington í bú bankanna. Sú upphæð er mun hærri. Kröfur Burlington á Glitni einan voru til að mynda 241 milljarður króna í lok maí. Sjóðurinn hafði þá keypt kröfur upp á 110 milljarða króna að nafnvirði frá því í byrjun mars. Þau uppkaup vekja athygli, enda fóru þau fram á þeim tíma sem digurbarkalegar yfirlýsingar stjórnmálamanna um upptöku á eignum kröfuhafa féllu nánast daglega. Ljóst er að vogunarsjóðurinn sem oft er nefndur „eigandi Íslands“ í einkasamtölum hræddist ekki kosningaáróðurinn.

Auk Burlington hafa vogunarsjóðir á borð við York Capital, Perry Luxco, Hillcrest Investments og margir fleiri keypt mikið af kröfum á íslensk fjármálafyrirtæki á undanförnum árum. Mestu uppkaupin áttu sér stað á árinu 2009 og framan af árinu 2010. Á þeim tíma voru kröfurnar seldar á hrakvirði.

Vogunarsjóður sem keypti kröfu á Glitni í uppboðunum sem fóru fram í nóvemberbyrjun 2008 greiddi þrjú prósent af virði kröfunnar fyrir hana. Það þýðir að krafa upp á einn milljarð króna var seld á 30 milljónir króna. Alþjóðlegir bankar, meðal annars hinn breski Barclays, halda utan um verðþróun á kröfum á íslensku bankana. Samkvæmt tölum frá Barclays voru væntar endurheimtir á Glitni 30 prósent í lok apríl. Það þýddi að ef milljarðskrafan yrði seld á þeim degi hefði hún tífaldast í verði og myndi hún fara á 300 milljónir króna. Hagnaðurinn yrði því 270 milljónir króna. Á sama tíma hafa kröfur á Kaupþing tæplega fjórfaldast í verði frá hruni



Wall Street
Margir þeirra vogunarsjóða sem hafa keypt upp mikið magn af kröfum á þrotabú Glitnis og Kaupþings á undanförnum árum eiga heimilisfesti á Wall Street í New York. Þar er þessi fræga stytta af nauti sem á að tákna bjartsýni og gróðavon á markaði. Þegar þannig árar er talað um „Bull market“. MYND/AFP

og kröfur á Landsbankann 6,5-faldast. Það hefur því verið eftir nægu að slægjast í viðskiptum með kröfur á fallna íslenska banka.

Búið að sækja um undanþágur

Slitastjórnir bæði Glitnis og Kaupþings unnu hörðum höndum að því í fyrra að klára slit búanna með gerð nauðasamninga. Áætlanir beggja gerðu ráð fyrir að þeir myndu klárast á árinu 2012 og mikill meirihluti virtist vera fyrir því meðal kröfuhafa bankanna að samþykkja þá niðurstöðu. Í kjölfarið átti að breyta starfsemi þeirra í fyrirtækjaform. Það er að til yrðu fyrirtæki utan um eignir búanna í eigu stærstu kröfuhafa þeirra. Minni kröfuhafar myndu fá kröfur sínar að hluta greiddar. Undanþágubeiðnir frá gjaldeyrishöftum svo hægt yrði að klára nauðasamninga voru lagðar fram til Seðlabankans í nóvember og desember.

Samt er í raun ekki eftir neinu að bíða. Um 72 prósent af eignum Glitnis verða reiðufé í lok þessa árs og búist er við

að allar eignir búsins verði reiðufé í lok árs 2016. Tæplega helmingur eigna Kaupþings verði reiðufé. Þetta reiðufé nýtist engum á meðan nauðasamningar eru ekki kláraðir. Það er ekki hægt að fjárfesta fyrir það, ekki hægt að greiða það til kröfuhafa og ekki hægt að nýta hluta þess innan íslenska hagkerfisins líkt og stefnt hefur verið að. Það er því hagur allra að semja ef grundvöllur fyrir því finnst.

Afsláttur alltaf legið fyrir

Ástæðu þess að málið er í hnút er að finna í íslenskum stjórnmálum. Innan þeirra kviknaði skyndilega ljós í fyrrahaust um að nauðasamningar bankanna skiptu þjóðina gríðarlegu máli. Sá áhugi var eðlilegur enda þrotabú bankanna risavaxin og viðbúið að um þúsund milljarðar króna í íslenskum krónum myndu lenda í höndum óþolinmóðra erlendra fjárfesta ef nauðasamningsferlið hefði gengið eftir. Það hefði skapað gríðarlegan þrýsting á gjaldeyrishöftin sem eru við lýði. Seðlabankinn greip loks inn í og tilkynnti opinberlega að engir nauðasamningar yrðu samþykktir nema með blessun hans. Þverpólitískur starfshópur um afnám gjaldeyrishafta lagði síðan til í desember að gjaldeyrishöftin yrðu gerð ótímabundin og að afnám þeirra yrði bundið við efnahagslegan stöðugleika.

Allt í einu hófst umræða um að kröfuhafar þyrftu að gefa afslátt af eignum sínum ef þeir ætluðu að fá að losa þær út. Látið var sem þessi krafa væri algjörlega ný af nálinni og að stjórnmálaflokkar hefðu sett hana fram fyrstir allra á haustmánuðum 2012. Það er ekki rétt. Í fyrstu áætlun Seðlabankans um afnám hafta, sem var birt 5. ágúst 2009, segir skýrt að lokaskref í því ferli yrði að „fjárfestar [myndu] breyta eignarhlutum sínum í íslenskum krónum í framseljanlega eign sem gefin hefur verið út í evrum. Seðlabanki Íslands mun stjórna verðinu, upphæðinni og tímasetningu við framkvæmdina“. Í seinni áætlun Seðlabankans um haftaafnám, dagsett 25. mars 2011, var síðan skýrt frá hugmyndum um svokallað „útgöngugjald“. Það þýddi að þeir erlendu aðilar sem ætluðu að skipta krónum í evrur myndu ekki fá að gera

það nema þeir gæfu afslátt á skráðu virði þeirra. Sú hugmynd að hluti eigna kröfuhafa yrði eftir á Íslandi þegar þeir hyrfu héðan hefur því verið lengi til staðar.

Í febrúar og mars 2013 áttu sér stað formlegar viðræður milli kröfuhafa og Seðlabanka Íslands um tæknilegar útfærslur þess að klára nauðasamningagerð. Samhliða sendu fulltrúar kröfuhafa út skýr skilaboð um að þeir væru tilbúnir í viðræður við hvern sem er, hvenær sem er. Þeir hafa lengi gert sér grein fyrir því að eignir þeirra myndu rýrna samhliða því að bú Glitnis og Kaupþings yrðu gerð upp.

Ef samskiptin ættu að vera pólitísk þá þyrfti einfaldlega að segja það upphátt og forma ferlið. Ef þau ættu að vera við Seðlabankann þá væri það ekkert vandamál. Þessi afstaða var kynnt Seðlabankanum með formlegum hætti og ýmsum stjórnmálamönnum með óformlegum hætti. Þar er átt við samtöl, símtöl eða sms-sendingar. Auk þess hafa fulltrúar þrotabúanna, að eigin frumkvæði, fundað með æðstu ráðamönnum í nýju ríkisstjórninni í sumar án þess að þeir fundir hafi skýrt framvinduna nokkuð nánar.

Ekkert gerst eftir kosningar

Eftir kosningar hefur lítið gerst. Engar formlegar viðræður hafa átt sér stað á milli kröfuhafa og íslenskra aðila. Stjórnvöld hafa ekki myndað neinn hóp til að standa að slíkum viðræðum. Innan Seðlabankans ríkir óvissa um hvort bankinn hafi umboð til að standa að umræðum við kröfuhafanna. Þar býr tvennt að baki. Annars vegar hafa stjórnmálin seilst með skýrum hætti til áhrifa í málinu. Því liggur fyrir að viðræðurnar verða aldrei kláraðar nema með aðkomu, eða að minnsta kosti blessun, stjórnvalda.

Hins vegar hefur skapast óvissa vegna þess að skipunartími Más Guðmundssonar seðlabankastjóra rennur út á næsta ári. Már hefur aldrei verið sérlega vinsæll hjá hægrimönnum og innan Seðlabankans er óttast að ný ríkisstjórn muni nota tækifærið og losa sig við hann á næsta ári. Þar til að fyrir liggur hvort skipanatími Más verður endurnýjaður ríkir því óvissa um hvort hann hafi stefnumótandi umboð í viðræðunum við kröfuhafa.



MEÐ ARION APPINU GETUR ÞÚ
BORGAÐ REIKNINGA,
TEKIÐ STÖÐUNA O.FL.



Arion banki



Kínverjarnir horfa um „Íslandsdyrnar“

EFNAHAGSMÁL
Magnús Halldórsson
magnush@kjarninn.is

Um tuttugu prósent allra íbúa jarðar búa í Kína, eða 1,4 milljarðar af ríflega sjö milljarða heildaríbúafjölda á jörðinni. Þetta fjölmennasta ríki heims hefur fært út kvíarnar á síðustu 15 árum með fordæmalausum hraða, samhliða mesta hagvaxtarskeiði sem nokkurt ríki hefur gengið í gegnum í mannkynssögunni. Á hverju ári hefur kínverska hagkerfið vaxið um 8 til 11 prósent, þrettán ár í röð. Samhliða hefur samfélagsgerðin í Kína tekið gríðarlegum breytingum. Millistétt, sem varla var áður til, er ört vaxandi með tilheyrandi áhrifum á einkaneyslu og raunhagkerfi heimsins. Stærðirnar eru slíkar að allur heimurinn er undir þegar Kína þenst út. Ef hlutir komast í tísku í Kína fá tugþúsundir vinnu annars staðar í heiminum. Tölur um hversu hratt millistéttin í Kína stækkar á ári eru misjafnar eftir því hvar línan er dregin, þ.e. hvenær fólk telst tilheyra millistétt. Oft er nefnt að sá hópur sem stendur undir aukinni einkaneyslu stækki um þrjátíu til fjörutíu milljónir manna árlega. Þetta er fjöldi sem jafngildir samanlögðum íbúafjölda Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna þriggja, Eistlands, Lettlands og Litháens.

Kína þenst út

Samhliða fordæmalausu hagvaxtarskeiði og miklum innri samfélagsbreytingum hefur Kína fært út kvíarnar. Fjárfestingar Kínverja utan kínverska hagkerfisins hafa verið gríðarlegar að umfangi undanfarin ár. Samkvæmt upplýsingum frá OECD námu beinar fjárfestingar (Direct Foreign Investment Outflows) Kínverja utan Kína 62,4 milljörðum Bandaríkjadala (1 dalur = 120 krónur) á árinu 2012. Þær hafa farið ört vaxandi frá árinu 2008 þegar flestir eignamarkaðir tóku mikla dýfu niður á við eftir miklar þrengingar og hremmingar á fjármálamörkuðum. Á árinu 2008 námu erlendar fjárfestingar Kínverja ríflega 53,5 milljörðum Bandaríkjadala. Þvert ofan í erfiðleika á alþjóðamörkuðum hafa Kínverjar aukið mjög umsvif sín erlendis, en fjárfestingarnar drógust lítið eitt saman árið 2009, þegar eignaverð hrapaði í kjölfar hamfara á fjármálamörkuðum.

Deildu með umheiminum

Dyrnar opnast að Kína

En Kína er ekki aðeins að teygja sig í auknum mæli inn í alþjóðaviðskipti með erlendum fjárfestingum. Fyrirtæki leita meira og meira til Kína og eru þar með margvíslega starfsemi, ekki síst á sviði fjöldaframleiðslu af ýmsu tagi. Erlend fjárfesting í Kína nam 175,1 milljarði Bandaríkjadala árið 2008 en 253,4 milljörðum árið 2012. Aukningin nemur 78,3 milljörðum Bandaríkjadala á fjórum árum. Dyrnar að kínverska hagkerfinu hafa opnast upp á gátt á skömmum tíma en gangverkið í efnahagnum er samt sem áður framandi í samanburði við markaði vestrænna ríkja. Þar skiptir eitt atriði mestu máli. Það er kínverska stjórnvaldið, hið opinbera, í öllu sínu veldi. Það er miðstöð fjármálaþjónustu, flutninga, fjarskipta, samgangna og heildsölu. Sá sem ætlar að eiga viðskipti í Kína þarf að gera það með blessun stjórnvalda. Þjónustan við kjarnagreinar hagkerfisins, svo sem innflutningur á tilteknum vörum og þjónustu, er þó að miklu leyti í höndum einstaklinga og eignarhaldsfélaga. Bandaríska dagblaðið *The New York Times* varpaði ljósi á það hvernig fámennur hópur fólks hefði auðgast hratt á slíkum viðskiptum. Sérstaklega vöktu skrif blaðamannsins David Barboza athygli en hann svipti hulunni af neti eignarhaldsfélaga í eigu fjölskyldna æðstu embættismanna Kína, þar á meðal forsetans Hu Jintao, sem voru með meira en tvo milljarða Bandaríkjadala innan sinna vébanda. Barboza fékk blaðamannaverðlaun Pulitzer fyrir skrif sín. Kínversk stjórnvöld urðu æf í kjölfar þess að fréttirnar birtust og sökuðu blaðið um óheiðarlega herferð gegn forsetanum og fjölskyldu hans. Aldrei var farið fram á leiðréttingar á skrifunum, enda voru þau sönn og rétt, og afrakstur tveggja ára rannsóknarvinnu. Umkvartanir kínverskra stjórnvalda ristu djúpt og var formlegum mótmælum vegna skrifanna komið inn á borð bandarískra stjórnvalda. Í kjölfarið voru gerðar tölvuárásir á vefþjóna *New York Times* sem raktar voru til sérfræðinga kínverska hersins. Samskipti ríkjanna hafa verið stirð að undanförnu, m.a. vegna þessara skrifa, sem og annarra deilumála. Á meðal þess sem veldur áhyggjum hjá bandarískum stjórnvöldum er augljóst atriði:

Smelltu til að lesa greinaröð The New York Times um auð kínverskra ráðamanna.



Risavaxið sendiráð
Viðskiptin með húsið í Bríetartúni sem nú hýsir sendiráð Kína á Íslandi drógu dilk á eftir sér. Aron Karlsson var dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir fjársvik í tengslum við þau, en bankar sem áttu veð í húsinu voru hlunnfarnir í viðskiptunum. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar, þar sem það bíður þess að vera tekið fyrir.

aukin viðskiptaumsvif Kínverja í Bandaríkjunum. Sem dæmi um þau eru viðskipti stærsta kjötvöruframleiðanda Kína, Shuanghui International Holdings, frá 3. júní síðastliðnum. Þá tilkynnti félagið um kaup á stærsta svínakjötsframleiðanda heims, Smithfield Foods, sem er með höfuðstöðvar í Virginíuríki. Fyrirtækið er mikilvægasta landbúnaðarfyrirtæki Bandaríkjanna en kaupverðið er 4,7 milljarðar Bandaríkjadala. Viðskiptin munu ekki ganga endanlega í gegn fyrr en nefnd á vegum bandarísku þingsins, sem fjallar um erlendar fjárfestingar í Bandaríkjunum, hefur endanlega staðfest þau. Það hefur ekki gerst enn. Kínaheimsókn Baracks Obama, forseta Bandaríkjanna, ásamt föruneyti fór fram viku eftir að tilkynnt var um viðskiptin og voru þau til umræðu á fundum embættismanna ríkjanna tveggja á meðan Obama var í Kína. Formlegar viðræður milli leiðtoga ríkjanna eru oft kallaðar „tveggja turna tal“, ekki að ástæðulausu.

Norðurslóðaríkið

Kína og Ísland hafa formlega styrkt viðskiptasamband sitt

með fríverslunarsamningi. Hann var undirritaður í Peking 15. apríl af utanríkisráðherrum ríkjanna, Össuri Skarphéðinssyni og Gao Hucheng. Samningurinn tekur til fjölmargra þátta en markmið hans er að efla viðskipti milli ríkjanna tveggja. Þar vegur þyngst niðurfelling á tollum á öllum vöruviðskiptum milli ríkjanna. Samningurinn er fyrsti fríverslunarsamningur sem kínversk stjórnvöld hafa gert við vestrænt ríki og vakti að vonum mikla athygli þegar hann var gerður. Að baki honum er ekki aðeins almennur áhugi Kínverja á að efla viðskipti milli landanna tveggja. Vaxandi áhugi Kínverja, ekki síst opinberra fyrirtækja á ýmsum sviðum, byggist meðal annars á framtíðarsýn kínverskra sérfræðinga þegar kemur að norðurslóðum. Í umfjöllun *The Economist* í tilefni af fríverslunarsamningnum var vitnað sérstaklega til mats sérfræðinga kínverskra stjórnvalda á norðurslóðum (svæðinu frá Kanada til norðurstrandar Rússlands), en þeir kalla það Norðurslóðaríkið (e. Arctic State). Í sérfræðiskýrslum hefur svæðið allt verið kallað síðasta nýmarkaðsríkið (e. last emerging state) og er þar einkum horft til þeirra gríðarlegu hrávöruvinnslumöguleika sem á svæðinu eru. Samkvæmt skýrslu jarðfræðistofnunar Bandaríkjanna er talið að þrettán prósent af öllum ónýttum olíulindum heimsins séu á norðurslóðum, þrjátíu prósent af jarðgasauðlindum og mikið magn vannýttra námuauðlinda einnig, einkum á Grænlandi. Íslenskt yfirráðasvæði er ekki á meðal þeirra svæða sem jarðfræðistofnunin telur að geti verið ríkt af auðlindum.

Smelltu til að lesa um kaup Shuanghui á Smithfield.

Kastljósið á Ísland

Kínverjar hafa að undanförnu verið að gera sig gildandi á Íslandi. Fyrstu merkin voru mikil stækkun sendiráðs Kína með kaupum kínverskra stjórnvalda á tæplega 4.200 fermetra húsnæði við Skúlagötu 51, í janúar 2010. Kaupin vöktu spurningar um hvað Kínverjar hygðust fyrir. Af hverju þurftu kínversk stjórnvöld svona stórt sendiráð? Vildu þau verða sýnilegri á Íslandi? Sýnileiki kínverskra stjórnvalda á Íslandi hefur stóraukist undanfarin ár. Áhugi þeirra á Íslandi er meiri en áður og hefur komið víða fram.

Kína í tölum

Íbúafjöldi
1.300.000.000 manns

Fjöldi bænda
>300.000.000 manns

Fjöldi á vinnumarkaði
779.000.000 manns

26%

26 prósent af öllum hrísgrjónum heimsins koma frá Kína, 193 milljónir tonna á ári.

619 milljónir

Árið 2009 voru framleiddar 619 milljónir farsíma í Kína.

1/10

Árleg framlög til kínverska hersins námu 60,5 milljörðum dala í fyrra. Til samanburðar voru framlög til þess bandaríska 607 milljarðar.

72%

Árið 2008 fóru 72 prósent allra aftaka eftir dómsniðurstöðu í heiminum fram í Kína, samkvæmt tölum frá mannréttindasamtökunum Amnesty International. Flestar fara fram með byssuskoti í hnakkann af stuttu færi.

Landafræði



Kína er um það bil 9,6 milljónir km^2 að flatarmáli en hýsir fjölmennustu þjóð í heimi. Kína á landamæri að fjórtán löndum eins og Rússland, flest allra landa í heimi.

Kínverjar hafa áhuga á því að kaupa eignarhluti í íslenska fjármálakerfinu og hafa viðrað þann áhuga við slitastjórn Glitnis, sem á 95 prósenta hlut í Íslandsbanka, og einnig íslensk stjórnvöld. Nokkrir fjárfestahópar frá Asíuríkjum hafa sýnt Íslandsbanka áhuga og a.m.k. tveir ætla sér að skila inn óskuldbindandi tilboði í bankann. Verði slíku tilboði tekið fá hóparnir aðgang að gagnaherbergi og geta kynnt sér innviði bankans betur. Innan þessara hópa eru fjárfestar sem hafa reynslu af fjármagnshöftum eins og þekkst hafa lengi í mörgum Asíuríkjum. Bæði kemur til greina að kaupa bankann í heilu lagi og að hluta og þá með öðrum, t.d. íslenskum lífeyrissjóðum. Formlegum skilaboðum var í upphafi komið til Árna Tómassonar, sem var formaður skilanefndar Glitnis, og Friðriks Sophussonar, stjórnarformanns Íslandsbanka. Þeir funduðu sérstaklega með Steingrími J. Sigfússyni vegna þessa og tilkynntu formlega um áhuga Kínverja á því að eignast bankann. Áhuginn hefur verið endurnýjaður, frá því fyrst var gerð grein fyrir honum, og þeim skilaboðum komið til slitastjórnar Glitnis og stjórnvalda að kínversk stjórnvöld vilji koma að rekstri fjármálakerfisins íslenska. Í samtölum við íslenska embættismenn hafa kínversk stjórnvöld ekki einangrað áhuga sinn við Íslandsbanka heldur talað um áhuga sinn á íslenska fjármálakerfinu í heild, þar sem Arion banki og Landsbankinn eru meðtaldir. Formlega hefur áhuginn þó aðeins beinst að Íslandsbanka, enn sem komið er. Það er erlendur fjárfestingararmur Alþýðubankans í Kína (People's Bank of China) sem oftast nær stendur á bak við fjárfestingar Kínverja á erlendri grundu, en fleiri fjárfestar frá Asíu hafa sýnt íslenska fjármálakerfinu áhuga eins og áður segir. Alþýðubankinn í Kína er í reynd Seðlabanki Kína, en í því miðstýrða fyrirkomulagi sem einkennir kínverska fjármálakerfið, þar sem þræðirnir liggja frá stjórnvöldum sjálfum, er hann gríðarlega umsvifamikill í fjárfestingum á erlendum mörkuðum í gegnum dótturfélög, sem sinna hefðbundinni viðskipta- og fjárfestingarbankastarfsemi. Sem dæmi er hann sjötti stærsti eigandi stærsta banka Noregs, DNB, sem hefur átt í samstarfi við Íslandsbanka á sviði eignastýringar.

Eignarhluturinn nemur 1,6 prósentum af heildarhlutafé en norska ríkið er stærsti eigandinn með 34 prósenta hlut. Tengsl Kína og Íslands á sviði fjármálastarfsemi hafa þegar verið styrkt með formlegum hætti þegar gjaldmiðlaskiptasamningur var undirritaður í júní 2010 milli Seðlabanka Kína og Seðlabanka Íslands. Hann var upp á 3,5 milljarða kínverskra júana, sem nam um 67 milljörðum króna á þáverandi gengi. Um þremur mánuðum eftir undirritun samningsins kom Zhou Xiaochuan, seðlabankastjóri Kína, í opinbera heimsókn hingað til lands. Hann var í lok árs 2010 í ellefta sæti á lista tímaritsins Forbes yfir valdamesta fólk heims.


Sýna Íslandi áhuga

Þessi áhugi á íslenska fjármálakerfinu bætist við áhuga á ýmsum hérlendum verkefnum sem kínverskir fjárfestar hafa sýnt á undanförnum misserum. Áhugi kínverska fjárfestisins Huang Nubo á jörðinni Grímsstöðum á Fjöllum olli miklum titringi innan ríkisstjórnarinnar í fyrra, þar sem óeining var um hvort leyfa ætti Huang að kaupa jörðina eða leigja hana til langs tíma eins og áform voru uppi um. Enn hefur ekki náðst niðurstaða um hvort Huang fær að byggja upp ferðaþjónustu á Grímsstöðum, eins og hann hefur sagst hafa áhuga á. Hefur hann gert grein fyrir áformum sem eru mikil að umfangi; allt að 30 milljörðum yrði varið í að gera þau að veruleika, samkvæmt samningsdrögum við sveitarfélög, einkaeigendur og ríki. Eins og áður segir liggur ekkert fyrir um það enn hvort af þessum viðskiptum verður, en áhugi Huangs er ósvikinn að hans sögn og hefur hann margítrekað það í viðtölum við fjölmiðla á Íslandi og erlendis.

Smelltu til að lesa um áhuga Kínverja á íslenskum jörðum

Ekki bara Huang Nubo

Kínverskir aðilar hafa einnig sýnt því áhuga að byggja upp rannsóknarmiðstöð og ferðaþjónustu á jörðinni Kárhóli í Reykjadal. Þar yrðu norðurljósin helsta aðdráttarafl og viðfangsefni fræðimanna. Lagt er upp með verkefnið sem samstarf við íslensk stjórnvöld, meðal annars Veðurstofuna, Háskóla Íslands, Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar,



Jóhanna í Kína
Hinn 15. apríl síðastliðinn varð Ísland fyrsta Evrópuþjóðin til að skrifa undir fríverslunarsamning við Kína. Við tilefnið heimsótti Jóhanna Sigurðardóttir, þá forsætisráðherra, Kína og hitti Xi Jinping, forseta Kína, í Alþýðuhöllinni við Torg hins himneska friðar í Peking. NORDICPHOTOS/AFP

Smelltu til að lesa fríverslunar-samning Íslands og Kína

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga og sveitarfélög á Norðurlandi. Líkt og með áhuga Huangs á Grímsstöðum hafa engar lokaákvarðanir verið teknar um þessi mál en bæði eru þau í formlegu viðræðuferli. Ljóst má telja að þau munu ekki ná fram að ganga nema að einu lykilatriði uppfylltu: pólitísku samþykki stjórnvalda og sveitarfélaga sem aðkomu hafa að málinu. Áhugi Kínverja er umdeildur þvert á pólitískt landslag á Íslandi, til hægri eða vinstri, og svo virðist sem enginn stjórnmálaflokkur hafi markað sér nægilega skýra stefnu hvað varðar erlenda fjárfestingu, sem nær utan um þau álitamál sem koma upp á yfirborðið þegar Kínverjar

eru í fjárfestingarhugleiðingum. Viðbrögðin hjá stjórnmálaflokkunum og stjórnvöldum hafa fyrir vikið verið ómarkviss og einkennst af því, að sitt sýnist hverjum, þvert á flokka.

Kínverskir fjárfestar, í samvinnu við Árna Gunnarsson og fleiri Íslendinga, hafa einnig sýnt því áhuga að byggja upp heilsutengda ferðaþjónustu á Flúðum og hefur viljayfirlýsing um það þegar verið undirrituð.

Skipaflutningar og hrávara

Kínversk stjórnvöld hafa margítrekað áhuga sinn á því að efla skipaflutninga um Ísland og vilja koma að uppbyggingu hafnarmannvirkja. Þetta staðfesti Össur Skarphéðinsson, þáverandi utanríkisráðherra, í viðtali við Stöð 2 í nóvember í fyrra, og sagði Kínverja sjá Ísland fyrir sér sem miðstöð í skipaflutningum um norðurslóðir í framtíðinni. Frá þeim tíma hafa nokkur atriði komið fram sem staðfesta enn frekar að Kína sé með augastað á Íslandi sérstaklega. Þannig hefur kínverska ríkisolíufélagið CNOOC óskað eftir því að koma að olíuvinnslunni á Drekasvæðinu, en það hefur formlega gerst aðili að umsókn íslenska félagsins Eykon Energy um þriðja formlega leitar- og vinnsluleyfið sem íslensk stjórnvöld hyggjast úthluta á svæðinu. Þessu til viðbótar má nefna áhuga kínverska ríkisálfélagsins Chinalco á því að setja upp álver hér á landi, en sá áhugi hefur verið margítrekaður við íslenska ráðamenn, m.a. í tengslum við uppbyggingu orkufreks iðnaðar á Bakka við Húsavík.

Kínverjar þekkja hrávöruframleiðslu hér í gegnum járnblendistarfsemi Elkem á Grundartanga en það félag er að fullu í eigu Kínverja.

Scott G. Borgerson, sem á sæti í Council of Foreign Relations, sjálfstæðum vettvangi fyrir umræður um alþjóðamál í Bandaríkjunum, segir í grein sem birtist í júní síðastliðnum í fagtímaritinu Foreign Affairs, að Kínverjar líti á Ísland sem hlið að norðurslóðum í framtíðinni. Áhugi sem æðstu ráðamenn í Kína hafa sýnt landinu að undanförnu, meðal annars opinber heimsókn Wen Jiabao, þáverandi forsætisráðherra, til Íslands í fyrra, sé til marks um það.

FORSÍÐUMYND OG MYND Á SÍÐU 4: Kjarninn/Birgir Þór MYND Á SÍÐU 9: Nordicphotos/afp TEIKNINGAR Á SÍÐU 6: Kjarninn/Birgir Þór, The Noun Project

Íþyngjandi heilbrigðisþjónusta

HEILBRIGÐISMÁL
Magnús Halldórsson
magnush@kjarninn.is

Rekstur íslenska heilbrigðiskerfisins byggist fyrst og fremst á framlögum úr ríkissjóði. Einkaaðilar sinna þó margvíslegri starfsemi, sem og félagasamtök og sveitarfélög. Tölur sem Kjarninn fékk afhentar frá Velferðarráðuneytinu sýna að hlutur einkaaðila og félagasamtaka jókst lítið eitt milli áranna 2012 og 2013 sé horft sérstaklega til fjárlaga fyrir árin. Árið 2012 var ríkið rekstraraðili 71,7 prósenta af heildarframlagi til heilbrigðisþjónustu en sambærileg tala var 71,1 prósent miðað við fjárlög 2013. Afgangurinn, sé horft til fjárlaga 2013, skiptist á einkaaðila (9,43%), félagasamtök og sjálfseignarstofnanir (12,86%) og sveitarfélög (6,61%). Hið opinbera, þ.e. ríki og sveitarfélög, er því rekstraraðili 77,7% heilbrigðisþjónustunnar, sé horft til þeirra þjónustu sem er inni á fjárlögum fyrir árið 2013.

Staðan kortlögð

Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra hefur þegar sett af stað vinnu innan ráðuneytis síns sem miðar að því að skoða hvort mögulegt sé að hagræða með því að breyta um rekstrarform. Það er að segja að einkaaðilar geti talist betri rekstraraðilar heldur en hið opinbera í einhverjum tilvikum. Þessi vinna er stutt á veg komin en er eitt af því sem horft er til þegar kemur að fjárlögum fyrir árið 2014. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn nefnir í nýjustu skýrslu sinni um stöðu efnahagsmála hér á landi, sem birt var 7. ágúst sl., að mögulegt sé að spara í heilbrigðiskerfinu með margvíslegum hætti, meðal annars með því að fækka innlögnum sjúklinga á sjúkrahús og taka í staðinn upp heimahjúkrun, sem kosti minna. Alþjóðlegar fyrirmyndir eru margar í þessum efnum. Á Norðurlöndum er fyrirkomulagið víðast hvar svipað því sem þekkist hér á landi, þ.e. blandað kerfi þar sem hið opinbera annast oftast reksturinn en í hluta kerfisins eru einkaaðilar og félagasamtök rekstraraðilar.

Þungt í rekstri

Á meðal ríkja OECD hefur framlag til heilbrigðismála, í hlutfalli við árlega landsframleiðslu, verið að aukast að meðaltali allt frá árinu 2000. Fyrir því eru ýmsar ástæður en sú sem vegur þyngst, samkvæmt skýrslum OECD er málaflokkinn varða, er sú staðreynd að meðalaldur fólks er að hækka víðast hvar, með tilheyrandi vaxandi álagi og kostnaði.


Eins og sést á grafískri mynd sem Kjarninn setti saman fer ríflega helmingur framlaga sem eru á fjárlögum til reksturs sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og sérhæfðrar sjúkraþjónustu. Skiptinguna á framlögum sem tilheyra fjárlögum til heilbrigðismála, þegar horft er sérstaklega til rekstraraðila þjónustunnar, má sjá á grafísku myndinni hér að neðan.

Deildu með umheiminum


Smelltu á gulu punktana á skífuritinu til að skoða sundurliðun innan rekstrarformanna.

Smelltu til að kynna þér kostnað við heilbrigðiskerfi þjóða

HLUTFALL AF FJÁRLÖGUM 2012



HLUTFALL AF FJÁRLÖGUM 2013



GRAFÍK: Kjarninn/Birgir Þór

NÝHERJI



Upplýsingatækni
í sinni einföldustu mynd



Leyndarhyggja og lýðræði

MANNRÉTTINDI
Þórunn Elísabet Bogadóttir
thorunn@kjarninn.is

Þegar uppljóstrarinn Edward Snowden kom fram í viðtali við The Guardian í byrjun júní og viðurkenndi að hafa staðið á bak við einhvern umfangsmesta gagnaleka allra tíma vildi hann skapa umræðu um framferði Þjóðaröryggisstofnunar Bandaríkjanna. Hann vildi að almenningur vissi um víðtækar njósnir stjórnvalda og að þessi sami almenningur fengi tækifæri til að breyta hlutunum. Tæpum þremur mánuðum síðar hlýtur að mega halda því fram að Snowden hafi tekist fyrra ætlunarverkið. Umræðan tekur sífellt nýja stefnu og enn á eftir að birta fleiri gögn frá honum. Hvort einhverjar raunverulegar breytingar verða í kjölfar allrar þessarar umræðu er hins vegar enn of snemmt að fullyrða um.

Flestum er orðið kunnugt um þær stórfelldu njósnir Þjóðaröryggisstofnunar Bandaríkjanna (National Security Agency, NSA) og annarra sambærilegra stofnana í stórum vestrænum ríkjum, með hjálp stórra fjarskipta- og netfyrirtækja sem Snowden kom upp um. Hann hefur sýnt fram á hvernig leynirétturinn FISA (Foreign Intelligence Surveillance Act) hefur í raun gengið erinda stjórnvalda til að fá þessu framgengt og hvernig síma- og netupplýsingum fólks er safnað saman með kerfisbundnum hætti, bæði innan Bandaríkjanna og utan. Nú síðast var ljóstrað upp um það að stofnuninni hefði verið kunnugt um að hún hefði brotið lög og reglur í mörg þúsund skipti frá því að hún fékk auknar njósnaheimildir árið 2008, þar sem innri endurskoðun hennar leiddi það í ljós fyrir rúmu ári. Í flestum tilvikum var fylgst með Bandaríkjamönnum eða útlendingum innan Bandaríkjanna, en strangar skorður eru settar við slíku eftirliti samkvæmt lögum. Að auki greindi Wall Street Journal frá því í vikunni að eftirlit NSA næði til 75 prósenta af allri netnotkun Bandaríkjanna.

Það tók bandarísk stjórnvöld langan tíma að bregðast almennilega við sívaxandi þrýstingi á þau vegna lekans. Barack Obama Bandaríkjaforseti varði Þjóðaröryggisstofnunina fljótt og sagði aðgerðir hennar samræmast

Smelltu til að sjá yfirlit á Wikipediu um njósnamálin

Deildu með umheiminum

lögum. Þær hefðu verið „samþykktar af þinginu“ og bæði þingið og dómstólar hefðu eftirlit með þeim.

Sífellt fleiri viðruðu efasemdir um aðgerðir NSA og var tillaga um takmarkanir á heimildum stofnunarinnar til að safna símagögnum Bandaríkjamanna felld með aðeins tólf atkvæða mun í fulltrúadeild Bandaríkjaþings áður en það fór í frí í sumar. Einn helsti hugmyndasmiðurinn að baki lagasetningunni Patriot Act, fulltrúadeildarþingmaðurinn Jim Sensenbrenner, nýtti tækifærið strax í upphafi og gagnrýndi Obama og stjórn hans harðlega þegar málið kom upp. Sensenbrenner hefur boðað að hann muni leggja fram frumvarp um breytingar á starfsemi NSA þegar þingið kemur saman í haust. Þar verði kveðið á um að aðeins megi fylgjast með síma- og netnotkun þeirra sem eru hluti af virkum hryðjuverkarannsóknum, auk þess sem miklar breytingar verði gerðar á starfsemi leynidómstólsins FISA. Þrýstingur jókst einnig jafnt og þétt á öldungadeildina að grípa til aðgerða.

Loks tók Obama Bandaríkjaforseti við sér og lofaði endurskoðun á eftirlitsmálum í byrjun ágúst. Hann viðurkenndi að uppljóstranir Snowdens hefðu fengið almenning til að efast um traust sitt á ríkisstjórninni og hefðu skaðað orðspor ríkisins. Þrátt fyrir að hafa lofað endurskoðun tók hann fram að kerfin sem NSA notar til njósna yrðu áfram notuð. Hann ætlar að skipa sérfræðihóp til að rannsaka eftirlit stofnunarinnar. Einn maður var strax kallaður til, þó að Hvíta húsið hafi nú gert lítið úr hlutverki hans við rannsóknina. Það er James Clapper, yfirmaður leyniþjónustumála, sem varð uppvís að því að hafa logið að þinginu um umfang njósnanna.

Enginn framsalssamningur

Í einum anga málsins tóku bandarísk stjórnvöld þó strax við sér, og það var í því að reyna að koma höndum yfir Edward Snowden. Ákvörðun Rússa um að veita honum tímabundið dvalarleyfi dró dilk á eftir sér í samskiptum Bandaríkjamanna og Rússa og er ekki útséð um hvort og þá hversu víðtæk áhrif hún mun hafa. Í byrjun ágúst tilkynnti Hvíta



húsið að Obama Bandaríkjaforseti hefði aflýst fyrirhuguðum fundi sínum með Vladimír Pútín Rússlandsforseta í byrjun september.

Ben Rhodes, aðstoðarráðgjafi forsetans í þjóðaröryggismálum, sagði ákvörðun Rússa um að veita Snowden dvalarleyfi í óþökk Bandaríkjamanna aðeins hafa gert samband ríkjanna, sem var þegar mjög stirt, enn verra. „Við munum áfram vinna með Rússlandi að málefnum sem hægt er að finna sameiginlegan grundvöll fyrir, en það var einróma skoðun forsetans og þjóðaröryggisráðgjafa hans að fundur væri ekki skynsamlegur," hafði AP eftir honum.

Ráðgjafi Rússlandsforseta í utanríkismálum, Júrí Úsjakov, sagði að með ákvörðun sinni sýndi Bandaríkjastjórn að hún væri ófær um að þróa samskipti milli ríkjanna á jafnréttisgrundvelli. Rússar hafa haldið því fram að þeir hafi ekki átt annarra kosta völ en að bjóða Snowden dvöl í landinu vegna þess að enginn framsalssamningur sé í gildi milli ríkjanna tveggja. Úsjakov sagði blaðamönnum að Bandaríkjastjórn hefði í mörg ár forðast að gera slíkan samning, og margsinnis neitað að framselja fólk til Rússlands einmitt á þeim forsendum að enginn samningur væri fyrir hendi.

Ólíkar uppljóstranir ólíkra manna

Snowden hefur verið líkt við hermanninn Bradley Manning, sem fékk í gær 35 ára dóm fyrir lekann til Wikileaks. Manning hefði getað fengið allt að 90 ára langan dóm, en til frádráttar koma þau rúmu þrjú ár sem hann hefur þegar setið í varðhaldi.

Leki upplýsinga eins og bæði Bradley Manning og Edward Snowden stóðu fyrir hefur mikla þýðingu, hvort sem fólk telur hann til góðs eða ills. Þeir eiga ýmislegt sameiginlegt, höfðu báðir farið ungir í herinn, starfað fyrir stjórnvöld og haft trú á málstað Bandaríkjanna. Báðir hafa þeir eftir uppljóstranir sínar verið sakaðir um að sækjast eingöngu eftir athygli og sagðir föðurlandssvikarar sem hafi ekki gengið neitt gott til. Á móti telur fjöldi fólks þá vera táknmyndir fyrir gegnsæi og uppljóstranir.



Smelltu til að lesa um þá sem hafa verið ákærðir fyrir brot á njósnalögum í BNA

Þrátt fyrir að þeir eigi ýmislegt sameiginlegt eru aðstæður Mannings og Snowdens hins vegar gjörólíkar og mikill munur á því sem þeir gerðu. Það virðist í það minnsta ljóst að Manning vissi ekki nákvæmlega hverju hann var að leka til Wikileaks. Hann lét af hendi mörg hundruð þúsund skjöl og það er ómögulegt að hann hafi þekkt innihald þeirra allra, þótt hann hafi vissulega þekkt ýmislegt inni á milli.

Snowden var hins vegar skipulagður í söfnun þeirra gagna sem hann síðan lét frá sér. Hann eyddi mörgum mánuðum í að skoða gögnin sem hann hafði undir höndum, að sögn Glenn Greenwald, blaðamannsins sem sagði einna mest frá uppljóstrunum hans. The Guardian greindi frá því hver Snowden væri að hans eigin ósk skömmu eftir að blaðið hóf að nota gögnin frá honum, á meðan Manning kom upp um sig í einkaspjalli við tölvuhakkarann fyrrverandi Adrian Lamo. Hann var einangraður og viðkvæmur og hann var að leita eftir stuðningi frá manneskju sem hann vonaði að skildi hann.

Manning var þjakaður ungur maður sem hafði átt í ýmiss konar vandræðum. Sem barn og unglingur var hann lagður í einelti og hélt eineltið áfram í hernum. Hann kom ungur út úr skápnum og var samkynhneigður í bandarískra hernum, sem er ekki beinlínis þekktur fyrir umburðarlyndi gagnvart samkynhneigð. Hann hafði jafnframt prófað að lifa sem kona og íhugað að fara í kynleiðréttingaraðgerð. Þetta hefur verið notað sem tæki gegn honum eftir að hann var handtekinn.

Eftir þá slæmu meðferð sem Bradley Manning hefur þurft að sæta í haldi Bandaríkjamanna er mjög skiljanlegt hvers vegna Edward Snowden kaus að flýja land áður en hann kom fram opinberlega. Hann gerði sér grein fyrir því að hann væri að fórna lífi sínu með því að leka upplýsingunum. Ef ekki bókstaflega, þá að minnsta kosti lífinu eins og hann þekkti það. Hann hafði það að eigin sögn mjög gott, var í vel launaðri vinnu og bjó ásamt konu sinni á Havaí. Ólíkt Manning hafði hann ekki lent í neinum teljandi árekstrum eða vandræðum í vinnunni.



Hvað næst?

Njósnamálið tók síðast nýja og nokkuð óvænta stefnu í byrjun vikunnar þegar Brasilíumaðurinn David Miranda var tekinn fastur á Heathrow-flugvelli í London. Miranda er sambýlismaður Glenn Greenwald, sem hefur skrifað flestar fréttirnar upp úr skjölunum sem Snowden lak til hans. Miranda var á leið heim til Brasilíu frá Þýskalandi, þar sem hann hafði dvalið hjá Lauru Poitras, kvikmyndagerðarkonu sem hefur unnið flestar fréttirnar með Greenwald. Miranda var yfirheyrður um líf sitt og fréttir sambýlismannsins, en ekkert um hryðjuverk, þrátt fyrir að vera haldið á grundvelli hryðjuverkalaga. Þá tók lögreglan tölvu hans, farsíma og myndavél meðal annars, en hann hefur nú farið fram á að fá allar eigur sínar til baka án þess að lögregla taki af þeim afrit eða skoði þær.

Málið hefur vakið gríðarlega athygli og reiði. Brasilísk stjórnvöld hafa krafist útskýringa á því hvers vegna Miranda var yfirheyrður og honum haldið í níu klukkustundir á flugvellinum. Nánast engin fordæmi eru fyrir því að fólki sé haldið svo lengi í yfirheyrslum af þessu tagi. Greenwald sjálfur, aðrir blaðamenn og fjölmiðlar hafa gagnrýnt bresk stjórnvöld harðlega ásamt ýmsum mannréttinda-sérfræðingum og samtökum. Greenwald segir aðgerðunum augljóslega ætlað að senda ógnandi skilaboð. „Aðgerðir Breta eru alvarleg ógn við blaðamenn alls staðar.“ Undir þetta hafa fjölmargir tekið, meðal annars ritstjóri The Guardian, Alan Rusbridger, sem greindi frá því í kjölfar handtökunnar að stjórnvöld í Bretlandi hefðu krafist þess að hætt yrði að flytja fréttir upp úr gögnum Snowdens. Hann segir stjórnvöld hafa verið tilbúin að fara með málið fyrir dómstóla og á endanum hafi embættismenn fylgst með þegar afrit af gögnunum voru eyðilögð í höfuðstöðvum blaðsins.

Bandaríkjamenn neita því að hafa haft nokkuð um mál Miranda að segja en stjórnvöld hafa viðurkennt að hafa fengið upplýsingar um að til stæði að handsama hann áður en það var gert. Sömu sögu segir breska stjórnin, hún hafi fengið upplýsingar um málið en hafi ekki skipt sér af



aðgerðum lögreglu. Bresk stjórnvöld hafa varið ákvörðunina og segja lögreglu hafa orðið að bregðast við einstaklingi sem hafi haft meðferðis „mjög viðkvæmar, stolnar upplýsingar sem gætu hjálpað hryðjuverkamönnum“. Hins vegar hafa þau ekki fengist til að ræða um eyðileggingu gagnanna við fjölmiðla.

Margir hafa í kjölfar þessara nýjustu atburða velt vöngum yfir framhaldinu fyrir blaðamennsku og hreinlega upplýsingafrelsið. Kristinn Hrafnsson, talsmaður Wikileaks, sagði til dæmis aðgerðir gegn fjölmiðlum vísi að upprisu fasima í Bretlandi, Bandaríkjunum og öðrum vestrænum ríkjum, jafnvel á Íslandi. Þar vísuðu enda stjórnvöld hugmyndinni um að veita Snowden hæli strax á bug á þeim forsendum að hann yrði að vera á Íslandi til að sækja um hæli.

Smelltu til að horfa á viðtal Kristins Hrafnssonar við Russia Today

Þegar Snowden kom fram í byrjun júní sagðist hann hafa fylgst með og beðið eftir því að stjórnvöld leiðréttu þær öfgar sem farið hefði verið út í undanfarin ár. Það hefði hins vegar ekki gerst heldur hefði sífellt verið bætt í. Hugmyndir um frjálslyndi hefðu breyst og einkalíf þar minnkað. Þessu vildi hann breyta.

Eftir uppljóstranir hans hafa fleiri Bandaríkjamenn meiri áhyggjur af því að borgaraleg réttindi þeirra séu virt að vettugi heldur en af hryðjuverkaógn, í fyrsta skipti frá 11. september 2001. Það er umtalsverð breyting hjá þessari stórþjóð, sem hingað til virðist hafa sætt við sífellt meiri fórnarkostnað vegna stríðsins gegn hryðjuverkum. Samkvæmt nýjustu rannsóknum Pew-rannsóknarsetursins telur naumur meirihluti Bandaríkjamanna að dómstólar hafi ekki náð að setja nægilegar skorður á gagnasöfnun NSA og 70 prósent þeirra telja að gögnin sem safnað er séu notuð til annars en að rannsaka hryðjuverk.

Smelltu til að skoða rannsóknir Pew á skoðunum Bandaríkjamanna betur

Þrátt fyrir allt hefur njósnamálið stóra ýtt upp á yfirborðið mikilvægum spurningum um jafnvægið á milli öryggis og einkalífs, upplýsingafrelsi og fleira. Á næstu mánuðum gætu svörin litið dagsins ljós.



Rússar furða sig á Obama



Haukur Hauksson
skrifar frá Moskvu

Rússneskir fréttaskýrendur telja þessa ákvörðun Obama furðulega og að hann sé undir áhrifum andstæðinga Rússlands sem vilji notfæra sér ástandið til að spilla samskiptum landanna; ekki síst ef tekið sé tillit til hinnar miklu samúðar sem er með Snowden um allan heim. Þetta síðasta útspil Bandaríkjaforseta sé ekki til að bæta ímynd landsins á alþjóðavettvangi; ef eitthvað er muni hún auka enn á vinsældir Pútíns í þessari refskák stórveldanna. Fólk um allan heim hafi orðið fyrir það miklum vonbrigðum með hinar umfangsmiklu njósnir Þjóðaröryggisstofnunar Bandaríkjanna, ekki bara í Bandaríkjunum, heldur um allan heim.

Faðir hins unga uppljóstrara, Lon Snowden, hældi Pútín á hvert reipi fyrir að veita syni sínum „pólitískt hæli“ í Rússlandi þrátt fyrir mikinn þrýsting af hálfu bandarískra opinberra aðila. Í viðtali við Reuters sagði hann Pútín hafa

sýnt pólitískan styrk með því að skjóta skjólshúsi yfir son sinn. „Ég virði styrk hans og hugrekki,“ sagði Lon Snowden, sem hefur ekki séð son sinn síðan hann fór frá Havaí. Lon Snowden sagði baráttuna ekki vera á milli forseta Bandaríkjanna og Rússlands. Lokaorð hans í viðtalinu voru: „Baráttan er hér í Bandaríkjunum, þar sem við sjáum stjórnarskrárbundin réttindi okkar fótum troðin af okkar eigin stjórnvöldum.“

Einn helsti stjörnulögfræðingur Rússlands, Anatólí Kútserena, sem gætir hagsmuna Snowden, hefur sent föður hans heimboð til Rússlands og segir Edward Snowden sakna fjölskyldu sinnar í Bandaríkjunum. Sjálfur er Edward Snowden farinn að læra rússnesku og komast inn í lifnaðarhætti Rússa, meðal annars matarmenninguna. Hann sér fram á að halda út næsta vetur í Rússlandi en ef hann fer úr landi ógildist flóttamannapassi hans í Rússlandi sjálfkrafa. Þá er hann sagður hafa kynnst nýjum vinum. Þess er skemmst að minnast að ung kona í FSB, leyniþjónustu Rússlands, Anna Chapman, sendi honum bónorð til að flýta fyrir því að hann fengi rússnesk skilríki. Ekki er þó vitað til þess að Edward Snowden hafi tekið því. Chapman, sem fædd er árið 1982 í Volgograd – áður Stalíngrad, var meðal fjölda rússneskra njósnara sem vísað var frá Bandaríkjunum í miklu njósnahneyksli sumarið 2010.

Smelltu til að horfa á viðtalið við Lon Snowden

Hver erfir þitt stafræna sjálf?

TÆKNI
Birgir Örn Steinarsson

Í dag á rúmlega milljarður jarðarbúa sér hliðarsjálf á samskiptamiðlum. Í lok árs 2012 voru 227.000 Íslendingar með síðu á Facebook, sem eru um 72 prósent þjóðarinnar. Þetta eru tvö hundruð tuttugu og sjö þúsund einstaklingar sem allir tóku meðvitaða ákvörðun um það hvaða upplýsingar um þá sjálfa mættu vera fyrir allra augum. Notendur hanna sitt eigið gægjugat að lífi sínu og skiptast svo á aðgangi við aðra. Samningurinn á milli notenda er einfaldur; þú færð að gægjast inn í mitt líf – ef ég fæ að gægjast inn í þitt.

Um leið og notendur hlaða inn upplýsingum um sjálfa sig skapa þeir netímynd sína út á við. Við búum okkur þannig til stafrænt sjálf. Stafræna eftirmynd okkar sem inniheldur meðal annars skrá um félagslega hegðun, skoðanir og aðrar hugsanir. Þessu er öllu komið fyrir á þægilegum stað á veraldarvefnum sem allir geta auðveldlega nálgast með nokkrum músarsmellum.

Mörg verðum við óþægilega meðvituð um þessa sjálfs

Deildu með umheiminum

ímyndarsköpun. Við finnum fyrir þessu til dæmis þegar kemur að því að velja prófílmynd á síðurnar okkar. Það er ekki á allra vitorði hversu auðvelt það er að komast að minnstu smáatriðum um okkur út frá hegðun okkar á slíkum miðlum. Skráð er hvaða prófíla við skoðum, hverjum við sendum skilaboð og hvaða listamenn, búðir, hönnuði, kvikmyndir og bækur við kjósum að „heiðra“ með því að smella á „like“-hnapp þeirra.

Nýlega unnu nemendur í Cambridge-háskóla sálfræðirannsókn um þetta efni, með þýði upp á 58 þúsund þátttakendur. Niðurstöður hennar gefa það sterklega til kynna að auðvelt sé að álykta réttilega um marga persónulega þætti manna út frá því einu hvaða síður þeir „læka“. Sjálfboðaliðar svöruðu fyrst allir spurningalistum þar sem þeir voru beðnir um að upplýsa um persónulegar upplýsingar á borð við kynhneigð, trúarlegar og pólitískar skoðanir og hver húðlitur þeirra væri, svo eitthvað sé nefnt. Tilgátan var sú að sérstakt algrím gæti ályktað réttilega um þá þætti sem þeir höfðu áður svarað í spurningalistunum – einungis út frá upplýsingum um „læk“-smelli þeirra. Þar sem upplýsingar eru misjafnlega viðkvæmar á milli menningarsamfélaga gæti þetta skapað hættu fyrir notendur. Í löndum á borð við Kína er til dæmis hægt að lenda í fangelsi vegna skoðana sinna og í Gambíu er ólöglegt að stunda kynlíf með einstaklingi af sama kyni.


Tölvan sem forrituð var með algrímið gat í 88 prósentum tilvika ályktað rétt um kynhneigð þátttakenda, í 95 prósentum tilvika ályktað rétt um hvort þátttakandi væri svartur eða hvítur (þegar svo átti við), í 85 prósentum tilvika hvort viðkomandi væri hlynntur demókrötum eða repúblikönum og í 82 prósentum tilvika hvort viðkomandi væri kristinn eða íslamstrúar. Í um 70 prósentum tilvika giskaði vélin rétt á hjúskaparstöðu þátttakenda og líka hvort þeir ættu eða hefðu einhvern tímann átt við einhvers konar vímuefnavanda að stríða.

Það er því kannski bara tímaspursmál hvenær tölvur verða forritaðar til þess að álykta um hverjir séu makar

Smelltu til að loka algríminu

ALGRÍM

Algrím (einnig þekkt sem algóritmi) er einnig kallað reiknirit. Það er lausnaraðferð sem skilgreind er sem endanlegt mengi vel skilgreindra fyrirmæla til að leysa verkefni. Algrím skilar skilgreindri niðurstöðu að gefnu upphafsskilyrði. Það er einkum notað í stærðfræði og tölvunarfræði.



Smelltu til að lesa sálfræðirannsókn nemenda við Cambridge

sínum trúir eða líklegir til að lúta vilja annarra, að ljúga eða fremja hryðjuverk. Slóð okkar á netinu inniheldur ítarlega skrá um hegðun og hugsun þeirra sem nota það. Þetta hefur aldrei áður þekkst í mannkynssögunni.

Flest okkar hafa líklegast einhvern tímann skilið eftir leyndarmál eða þögular þrár þegar við látum okkur reka áfram í hugsunarleysi frá einni bryggju til annarrar á hinu stafræna hafi. Fæstum okkar kom þá til hugar að einn daginn gætu þær upplýsingar orðið erfingjum okkar aðgengilegar. Þegar við deyjum lifir hið stafræna sjálf okkur hins vegar af, nema við gerum sérstakar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir það. Mannkyninu hefur tekist að gera sig að hluta ódauðlegt. Samskiptamiðlar á borð við Gmail, Google+ og Facebook eru ótæmandi geymslur fyrir ljósmyndir, vídeó og margs konar persónuleg skilaboð. Það er því ekkert undarlegt að makar, foreldrar eða börn nýlátinna einstaklinga sækist eftir því að fá aðgang að síðum þeirra.

Eina leiðin til þess að komast framhjá þessu er að geyma í vitund annars einstaklings upplýsingar um notandanafn og lykilorð á öruggum stað. En strangt til tekið eiga ættingjar látinna samt enn í hættu að gerast þá sekir um lögbrot. Sums staðar er ólöglegt að villa á sér heimildir sem einhver annar á netinu. Bara með því að skrá þig inn á Facebook-síðu látins maka þíns ertu að bæta við hans stafrænu slóð og þar með „að þykjast vera“ hann. En það verður að teljast ólíklegt að varðhundar Facebook kæmust að hinu sanna. Langt ferli þarf að eiga sér stað til þess að notandi teljist vera „látinn“, en fyrr fá nánustu ættingjar ekki aðgang að reikningi hans. Ef enginn tilkynnir þig látinn geymist síðan þín á netþjóni Facebook áfram um ófyrirsjáanlega framtíð. Dánartilkynningin þarf að koma frá ættingja eða nánum vini sem þarf helst að hafa tengil á síðu sem staðfestir andlátið á einhvern hátt. Eftir það skoða umsjónarmenn Facebook hvort notandinn hafi birt eitthvað á síðu sinni nýlega. Ef ekkert hefur verið sett inn í lengri tíma er notandi skráður látinn. Uppsetning síðunnar tekur þá nokkrum breytingum. Upplýsingar og virkni sem gæti komið nánustu ættingjum í tilfinningalegt



uppnám eru fjarlægðar. Meðal þess má nefna að vinir munu ekki sjá sjálfvirkar tilkynningar frá hinum látna, sem hann hafði gefið leyfi sitt fyrir með notkun forrita.

Facebook-síður látinna verða minningarsíður þar sem vinir skipast á ummælum og kveðja. Nokkurs konar stafrænn legsteinn þar sem syrgjendur fá að þramma niður stafrænu slóð hins látna. Sú þróun varð til að ósk þeirra sem eftir lifa.

Fyrir bandarískum dómstólum reyndi í fyrsta sinn á hver ætti réttinn á stafrænum gögnum árið 2005 þegar John Ellsworth höfðaði mál gegn Yahoo. Hann sóttist eftir aðgangi að Yahoo-reikningi sonar síns sem hafði látist í Íraksstríðinu. Á þessum tíma hafði Yahoo þá stefnu að eyða reikningum og öllum gögnum látinna. Þeir neituðu því að veita Ellsworth aðgang að gögnunum, en hann náði sínu fram í gegnum dómstóla. Slík dæmi hafa vakið upp mikilvægar spurningar um hvað verður um gögnin eftir að notendur hverfa frá

HIÐ STAFRÆNA SJÁLF

Ímyndið ykkur ef við gætum fundið Facebook-síður langafa okkar eða langömmu. Komist að því að langafi Óli hafi verið svo miklu meira en drykkfelldur togaraskipstjóri.

Þessu kæmumst við að með því að lesa hugrenningar hans, eftir að hafa séð myndir af honum blindfullum á Ólafsvöku í Færeyjum og eftir að hafa uppgötvað þráhyggjukennt **Edith Piaf**-blæti hans. Við næsta smell væru myndir af honum með mömmu þinni sem ungbarni. Þú gætir jafnvel hlustað á lög sem hann samdi og henti inn á vegginn sinn þegar hann var eitthvað blúsaður eftir rifrildi við langömmu Siggu.

Þarna höfum við skapað tækifæri fyrir erfingja okkar að horfa á sig sjálf speglast í einstaklingum sem létust kannski 40 árum áður en þau fæddust og þeim var aldrei boðið að kynnast. Við erum að senda skilaboð inn í framtíðina. Þarna geta menn upplifað raddir að handan sem minna á þá sem þeir áttu um skeið en misstu svo.



lyklaborðum sínum yfir móðuna miklu. Það eru t.d. ekki til nein lög um hver eigi öll þau skilaboð sem þú sendir í gegnum samskiptamiðla. Er það sendandinn, viðtakandinn eða fyrirtækið sem veitti þeim þjónustuna? Úr þessu hefur ekki enn fengist skorið. Það er til dæmis ekki sjálfsagt mál að maki þinn geti fengið aðgang að öllum Instagram-myndunum þínum að þér látnum. Sama þótt margar þeirra hafi fangað yndisleg augnablik sem þú áttir með maka þínum og börnum.

Í dag eru samskiptasíður á netinu hver með sínar siðareglur og mismunandi aðgerðaferli þegar notendur þeirra látast. Sumar þeirra hafa meira að segja ekki enn þróað með sér nein ferli til þess að leysa þessi mál. Google tilkynnti í fyrra að fyrirtækið væri að þróa leið til þess að koma gögnum áfram til syrgjenda. Sú þjónusta er nýkomin í loftið og heitir Inactive Account Management (stjórnun óvirks reiknings).

Hún virkar þannig að þegar reikningur notandans hefur verið óvirkur í ákveðinn tíma er haft samband við tengilið sem talinn er traustur, til dæmis maka eða börn, sem fær þá aðgang að nákvæmlega þeim upplýsingum sem sá látni hefur ákveðið fyrir fram að hann megi sjá.

Skynsamlegast er að passa upp á stafrænar upplýsingar sínar á sama hátt og maður gætir efnislegra hluta. Safna saman mikilvægustu gögnum á einn eða fleiri harða diska sem aðstandendur vita hvar eru. Lögfræðingar vestra eru svo byrjaðir að mæla með því að í erfðaskrám verði hafðar með upplýsingar um notandanöfn og lykilorð mikilvægustu reikninga með ítarlegum leiðbeiningum um hvernig skuli farið með slíkt. Þar getur viðkomandi tekið fram hver fái aðgang að hverju, hverju skuli eyða og hvort hann gefi samþykki sitt fyrir einhvers konar minningarsíðu eða ekki. Erfðaskrár framtíðar verða því líklegast það sem mun skera úr um það hvort okkar stafrænu sjálf öðlist framhaldslíf. Val okkar mun snúast um hvort við viljum að minning okkar lifi í stafrænum grunni eða verði brennd af netþjónum um aldur og ævi.

Slík þjónusta er að verða að heljarinnar viðskiptum í Bandaríkjunum. Þar bjóða fyrirtæki á borð við Legacy Locker upp á þjónustu sem snýst meðal annars um að halda alveg utan um öll stafræn mál viðskiptavina sinna að þeim látnum. Ekki hefur verið upplýst um hvort slík þjónusta sé í burðarliðnum hérlendis.

Hversu lengi okkar stafrænu sjálf koma til með að hanga inni á vefnum eftir að við erum farin er ómögulegt að vita. Kannski verður framtíðarhlutverk samskiptamiðlanna einnig að skrásetja mannkynið.

Það er engin ástæða til að ætla annað en að þess háttar vefþjónusta sé komin til að vera. Eftirlifendur okkar fá því tækifæri til þess að kynnast því hver og hvernig við vorum. Þeim verða aðgengilegar upplýsingar um fjölskyldusögu hvers einstaklings. Á sama stað verða vísbendingar um persónuleika, skrá um félagslega hegðun og áhugasvið.

KODIAK Mobile



BEIN ÚTSENDING ÚR KAUPHÖLLINNI

KODIAK Mobile er farsímalausn sem veitir áskrifendum aðgang að öllum upplýsingum ásamt nýjustu fréttum frá Kauphöllinni í rauntíma.

MEÐ KODIAK MOBILE FÆRÐ ÞÚ:

- Hlutabréf og skuldabréf í rauntíma
- Markaðsdýpt
- Öll viðskipti innan dagsins
- Gengisþróun
- Fréttir
- Norrænar vísitölur
- Gengi gjaldmiðla
- Vexti

Smelltu hér til að prófa KODIAK Mobile

14 daga reynslutími á 0 kr.

Grófinni 1 / 101 Reykjavík / 562 2800 / kodiak.is

KÓÐI

GALLERÍ

Smelltu á myndirnar til að sjá þær stærri og lesa um augnablikin

Deildu með umheiminum











Fljótasti maður í heimi
Usain Bolt frá Jamaíku varð 27 ára í gær. Hann fagnaði þeim áfanga með þrjá nýja gullpeninga um hálsinn eftir að hafa sigrað í 100 metra, 200 metra og 4x100 metra boðhlaupi á heimsmeistaramótinu í frjálsum íþróttum sem farið hefur fram í Moskvu undanfarna daga. Hann er nú sigursælasti karlkyns keppandi á HM frá upphafi með átta gullverðlaun og tvenn silfurverðlaun.

MYND/AFP

Snúðu skjánum til að sjá alla myndina



Allt í hers höndum
Ofbeldisalda hefur riðið yfir Egyptaland að undanförnu í kjölfar þess að herinn þar í landi tók völdin og hneppti forsetann Mohamed Morsi í varðhald. Hátt í þúsund manns hafa látist í átökum undanfarna viku, en neyðarástandi var lýst yfir fyrir átta dögum. MYND/AFP

Smelltu til að lesa nánar um ástandið

Snúðu skjánum til að sjá alla myndina



Eldgos
Eldfjallið Sakurajima, sem er nokkra kílómetra frá borginni Kagoshima í suðvesturhluta Japans, hóf að gjósa síðdegis á sunnudag. Borgin fylltist af ösku í kjölfar gossins. MYND/AFP

Smelltu til að lesa nánar um eldfjallið

Snúðu skjánum til að sjá alla myndina




Flóð í Asíu
Miklar rigningar hafa orsakað gríðarleg flóð í Asíu undanfarna daga. Alls eru yfir hundrað manns látnir og hátt í 900 þúsund manns hafa þurft að yfirgefa heimili sín vegna þessa. Verst er ástandi í Norðaustur- og Suður-Kína en tugþúsundir hafa einnig þurft að yfirgefa heimili sín í Rússlandi og á Filippseyjum, þar sem þessi mynd var tekin. MYND/AFP

Snúðu skjánum til að sjá alla myndina

Landsvirkjun

Sjáðu orkuna að verki



Gestastofur Landsvirkjunar eru opnar frá 10-17 alla daga út ágúst:

Búrfellsstöð
Gagnvirk orkusýning og vindmyllur á Hafinu

Kröflustöð
Jarðvarmasýning í gestastofu

Fljótsdalsstöð
Gestastofa í Végarði og leiðsögn um Kárahnjúka miðvikudaga og laugardaga frá kl. 14-17.

Nánari upplýsingar



VIÐMÆLANDI VIKUNNAR Sigmundur Davíð Gunnlaugsson

Kröfuhafarnir þurfa að sýna frumkvæði

VIÐTAL
Þórður Snær Júlíusson
thordur@kjarninn.is

Ný ríkisstjórn undir forsæti Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar var kynnt fyrir tæpum þremur mánuðum á Laugarvatni. Formlegir hveitibrauðsdagar hennar, sem miðast við 100 daga, eru því senn á enda. Þeir hafa ekki verið viðburðalausir. Hart var sótt að nýju ríkisstjórninni á sumarþinginu, meðal annars vegna breytinga á lögum um veiðigjöld. Auk þess vilja margir meina að sitjandi ríkisstjórn hafi skapað meiri væntingar en nokkur önnur í sögunni með risavöxnum kosningaloforðum um almennar skuldaniðurfellingar og skattalækkanir. Þegar hvorugt varð að veruleika í sumar olli það hluta kjósenda stjórnarflokkanna miklum vonbrigðum og andstæðingar þeirra sökuðu þá um að hafa stundað lýðskrum til atkvæðaveiða og að ríkisstjórnin hefði þegar orðið uppvís að því að svíkja eigin loforð. Kannanir gefa til kynna að fylgi við ríkisstjórnina dali hratt og virðist það helst vera á kostnað Framsóknarflokksins, en fjórðungur af fylgi hans hefur horfið samkvæmt nýjasta þjóðarpúlsi Capacent Gallup.

Ætlar að standa við stóru orðin

Sigmundur Davíð er rólegur yfir þessum hræringum. Hann segir að staðið verði við þau loforð sem gefin voru í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Nú standi yfir vinna við að útfæra hvernig það verði gert. Varðandi skuldamálin segir Sigmundur Davíð það hafa verið misskilning að til hafi staðið að senda þeim sem ættu að fá skuldaniðurfellingar ávísun í pósti strax í sumar. „Ég reyndi að eyða þeim misskilningi í kosningabaráttunni. Það hefur alltaf legið ljóst fyrir að það tæki tíma til að skapa aðstæður þar sem þetta væri framkvæmanlegt. Vinna við það er samkvæmt áætlun."

Samkvæmt þingsályktunartillögu sem lögð var fram í sumar á sérfræðihópur, sem á að útfæra skuldaniðurfærslur, að skila tillögum í nóvember næstkomandi. Aðspurður um hvort sú tímasetning muni standast segir Sigmundur Davíð það fara eftir því hvernig ákveðnar forsendur þróast. Í stjórnarsáttmálanum hafi verið opnað á hina svokölluð

Deildu með umheiminum



uðu leiðréttingarsjóðsleið, meðal annars vegna óvissu um þá þróun. Hins vegar sé engin ástæða til að ætla að sérfræðihóparnir skili ekki af sér tímanlega. „Þetta er það stórt mál að það verður alltaf umdeilt. Mér sýnist hluti stjórnarandstöðunnar ætla að vera á móti niðurstöðunni, hver sem hún verður. En vonandi verða sem flestir sáttir. Við munum hafa það sem meginmarkmið í þessari niðurstöðu um skuldalækkanir að hún snúist um jafnræði. Út frá þróuninni að undanförnu þá hefur hún ekki útilokað eina leið frá annarri."

En hvenær verður þá ráðist í skuldaniðurfellingu?

„Það er háð því hvernig aðrir hlutir þróast, en má þó ekki dragast óhóflega. Við höfum viljað forðast að nefna ákveðnar dagsetningar sem gætu búið til óeðlilega pressu á öðrum vettvangi þar sem unnið er að því að skapa forsendurnar fyrir þessum aðgerðum. Það er hins vegar alveg ljóst að því fyrr sem menn geta eytt þeirri óvissu sem hefur verið ríkjandi í nokkur ár um skuldamál heimilanna, þeim mun betra verður það fyrir samfélagið. Þannig að það liggur á."

Hvað þýðir það, munu útfærslur verða kynntar fyrir áramót?

„Ég endurtek það sem ég hef sagt um tímafresti. Það er ekki talið ráðlegt að negla niður ákveðnar dagsetningar."

Stjörnuspekingar áreiðanlegri en matsfyrirtækin

Í lok júlí tilkynnti matsfyrirtækið Standard & Poor´s að lánshæfishorfur Íslands hefðu verið færðar úr stöðugum í neikvæðar. Ástæðan: óvissa um áhrif og framkvæmd skuldaniðurfellingartillagna ríkisstjórnarinnar. Í kjölfarið var horfum Landsvirkjunar breytt með sama hætti.

Sigmundur Davíð hefur ekki miklar áhyggjur af þessari þróun. „Þetta hefur ekki mikil áhrif. Matið sveiflast á mjög sérkennilegan hátt hjá lánshæfismatsfyrirtækjunum. Ég hef verið gagnrýninn á þau í gegnum tíðina og ef við lítum til reynslunnar þá hefði það reynst stjórnmálamönnum betur að fylgja ráðgjöf stjörnuspekinga en lánshæfismatsfyrirtækjanna. Þau hafa ekki sannað gildi sitt með spádómum sínum eða mati."



Boltinn hjá kröfuhöfum
„Kröfuhafarnir hafa fylgst vel með þróun mála hérlendis. Að sumra mati hafa þeir reynt að hafa áhrif á þróun mála.“

Í stefnuskrá Framsóknarflokksins fyrir síðustu kosningar kom fram að flokkurinn vildi nýta það svigrúm sem myndi skapast við uppgjör þrotabúa bankanna til að fjármagna almennar skuldaniðurfellingar á verðtryggðum húsnæðislánum.

Að sögn Sigmundar Davíðs eiga stjórnvöld ekki í neins konar viðræðum við kröfuhafa bankanna. Hann telur þó ástæðu til að vera bjartsýnn varðandi uppgjör þrotabúanna. „Kröfuhafarnir hafa fylgst vel með þróun mála hérlendis. Að sumra mati hafa þeir reynt að hafa áhrif á þróun mála. Það eru sameiginlegir hagsmunir kröfuhafa og íslenskra stjórnvalda að leysa þetta mál þannig að hægt verði að afnema gjaldeyrishöftin. Þess vegna finnst mér tilefni til að gera ráð fyrir því að kröfuhafarnir muni vilja leggja fram lausn. Þeir þurfa að sýna frumkvæði í þessu. Ég geri ráð fyrir því að

SIGMUNDUR DAVÍÐ UM AÐILDARVIÐRÆÐUR VIÐ EVRÓPUSAMBANDIÐ

Sigmundur Davíð vill ekki svara því beint hvenær von sé á því að þjóðaratkvæðagreiðsla eigi sér stað um framhald aðildarviðræðna. „Ég hef fengið þessa spurningu býsna oft að undanförnu, meðal annars á ferð minni um Brussel. Ég hef aldrei viljað svara henni. Næst á dagskrá er umræða um málið í þingi í haust í kjölfar kynningar á mati á umsóknarferlinu til þessa og þróunar innan sambandsins. En menn hljóta auðvitað, við ákvörðun um hugsanlega þjóðaratkvæðagreiðslu, að líta til þess hvort aðstæður séu hentugar til slíks. Það færi til dæmis varla vel á því að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild á sama tíma og við stæðum í hörðum deilum við sambandið vegna makrílveiða.“

kröfuhafarnir séu að meta stöðu sína og hvað sé raunhæft. Vonandi gerist það fljótlega.“

Skort hefur á langtímahugsun

Nánast allar ríkisstjórnir sem setið hafa við stjórnvölinn á Íslandi frá stofnun lýðveldisins hafa lofað að sýna aukinn aga í stjórn ríkisfjármála og ríkisstjórn Sigmundar Davíðs er þar engin undantekning. Hagsaga þjóðarinnar sýnir að þau loforð hafa sjaldnast verið efnd.

Þegar Sigmundur Davíð er spurður að því af hverju þjóðin ætti frekar að trúa honum og hans stjórn en fyrirrennurum segir hann að skýran lærdóm megi draga af reynslu síðustu áratuga. „Grundvallaratriðið er að það hefur skort á langtímahugsun í ríkisfjármálum á Íslandi. Málin hafa verið hugsuð til eins árs í senn, eða til fjögurra ára hið mesta. Það hefur oft leitt til rangrar ákvörðunartöku. Menn hafa til dæmis ráðist í niðurskurð eða skattahækkanir sem valda tekjuskerðingu til lengri tíma. Það þarf að hugsa um heildaráhrif ákvarðana til langs tíma. Dæmi um þetta er til dæmis niðurskurður á heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni. Þar var enginn kostnaður reiknaður á móti sparnaði. Það var eins og að reiknað yrði með að sjúklingarnir myndu bara hverfa. En auðvitað þurfti að færa þá til og það kostaði. Þegar farið var að reikna heildaráhrifin kom í ljós að sparnaðurinn var enginn.“

Smelltu til að lesa um það hvar Sigmundur Davíð staðsetur flokk sinn

Forsvarsmenn nýrrar ríkisstjórnar hafa haldið því fram að staða ríkissjóðs sé jafnvel enn verri en búist hafði verið við, og var ásýndin þó ekki beysin til að byrja með. Að sögn Sigmundar Davíðs fengu þeir kynningu hjá fjármálaráðuneytinu meðan á stjórnarmyndunarviðræðum stóð. „Þar var okkur í fyrsta lagi sýnd áætlun síðustu ríkisstjórnar um þróun ríkisfjármála. Það súlurit sýndi batnandi afkomu fram til ársins 2017. Næst var okkur svo sýnt súlurit sem sýndir þróunina eins og hún yrði að óbreyttu miðað við þær ákvarðanir sem þegar höfðu verið teknar. Þá var niðurstaðan þveröfug. Að síðustu var okkur sýnt súlurit þar sem búið var að bæta við þróunina hvað myndi gerast ef ráðist yrði í önnur stórverkefni, eins og byggingu nýs Landspítala, og þá versnaði staðan enn.

Auðvitað er þetta mikið áhyggjuefni, en grundvallaratriðið er að það þarf að breyta um efnahagsstefnu. Við þurfum að breyta stefnunni þannig að hún hvetji til aukinnar fjárfestingar og verðmætasköpunar. Annars er þetta vonlaust.“

Sigmundur segir ríkisstjórnina ætla sér að ná fram raunverulegum hagvexti sem byggist á fjárfestingu og störfum, ekki bara á sveiflum í verði gjaldmiðilsins. Það verði gert með innleiðingu jákvæðra hvata í regluverk og skattkerfið. „Það felur í sér að einhverja skatta geti verið rétt að lækka. Það gæti leitt til kerfis sem felur í sér hvata til fjárfestingar. Við höfum fylgst með fjölmörgum raunverulegum fjárfestingarverkefnum þar sem vilji hefur verið til að fjárfesta hér á landi en verkefnin hafa strandað á pólitískri óvissu eða óvissu um þróun skattkerfisins.

Þessi áhugi á ekki að koma á óvart. Ísland hefur ýmislegt fram yfir önnur lönd. Fall krónunnar, þrátt fyrir alla sína galla, gerði Ísland mjög samkeppnishæft og ef við nýtum ekki það forskot sem það veitir okkur þá mun okkur ekki takast að bæta kjör landsmanna að nýju.“

Gallar á skýrslu um Íbúðalánasjóð

Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis um Íbúðalánasjóð kom

SIGMUNDUR DAVÍÐ UM BREYTINGAR Á VEIÐIGJALDINU

„Augljóslega eru menn ekki það miklir nýgræðingar í pólitík að þeir geri sér ekki grein fyrir því að þetta var ekki vinsælt útspil víða. Ástæðan fyrir því að málið var tekið fyrir á sumarþingi var að fiskveiðiárið miðast við september. Það var ekkert um annað að ræða því þær reglur sem ella hefðu gilt voru óframkvæmanlegar og, að okkar mati, líka skaðlegar. Það voru þegar komin upp allmörg dæmi þar sem minni fyrirtæki voru að falbjóða sig stærri fyrirtækjum vegna þess að það var ekki hagkvæmt fyrir þau að vera í rekstri. En þetta var redding til eins árs. Svo tekur við nýtt kerfi sem vonandi verður til þess að hámarka arðsemi samfélagsins í heild af sjávarútvegi.“

út 2. júlí síðastliðinn. Niðurstaða hennar var afgerandi og í henni var starfsemi sjóðsins gagnrýnd harkalega. Því er haldið fram að afglöp hafi verið framin við ákvörðunartöku um starfsemi sjóðsins bæði af stjórnmálamönnunum sem höfðu með hann að gera og af stjórnendunum sem stýrðu sjóðnum. Afrakstur þeirra afglapa er sá að Íbúðalánasjóður mun kosta íslenska skattgreiðendur tugi, ef ekki hundruð milljarða króna. Endanlegt tap liggur þó ekki fyrir.

Sú gagnrýni hefur endurkastast yfir á Framsóknarflokkinn, enda heyrði sjóðurinn undir félagsmálaráðuneytið, sem flokkurinn stýrði árum saman. Auk þess var fyrrverandi varaformaður Framsóknarflokksins, Guðmundur Bjarnason, ráðinn forstjóri Íbúðalánasjóðs árið 1999 og gegndi því starfi fram á árið 2010.

Sigmundur Davíð kveðst hafa náð að kynna sér skýrsluna ágætlega frá því að hún kom út. „Mér finnst áhyggjuefni hvað virðast vera margir gallar á skýrslunni. Það breytir því ekki að þetta eru hlutir sem þarf að skoða og læra af reynslunni. Það mun þurfa að taka á málum Íbúðalánasjóðs. Ég geri ráð fyrir að þingið muni vinna með þessa skýrslu áfram. Raunar hefur formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar látið hafa eftir sér að svo verði.“

Hluti þeirra ákvarðana sem voru gagnrýndar harðlega í skýrslunni var annars vegar sú ákvörðun að leggja húsbréfakerfið niður og hins vegar að ráðast í 90 prósenta lánveitingar, sem var gert á grunni kosningaloforðs

SIGMUNDUR DAVÍÐ OG STJÓRNARSAMSTARFIÐ

„Það hafa ekki komið upp nein alvarleg vandamál í samstarfi flokkanna. Samstarfið við formann Sjálfstæðisflokksins hefur gengið vel og almennt er ég bjartsýnn á að þessi ríkisstjórn muni ná árangri. Hins vegar sér maður það að við það að framkvæma það sem menn sögðust ætla að framkvæma fyrir kosningar þá veldur það heitri umræðu. Það má alveg vænta þess að sú verði raunin í haust vegna þess að verið er að innleiða stefnu sem er um margt mjög ólík stefnu síðustu ríkisstjórnar. En innan ríkisstjórnarinnar hafa menn kortlagt þetta nokkuð vel. Ég á ekki von á átökum innan hennar.“

Framsóknarflokksins. Í niðurstöðukafla skýrslunnar segir: „Árið 2004 ákváðu stjórnvöld að fara vissa vegferð með Íbúðalánasjóð. Hún fólst í breyttum útlánum og fjármögnun þeirra. Í fyrsta lagi var húsbréfakerfið lagt niður og íbúðabréfakerfið tekið upp með beinum peningalánum. Í öðru lagi var hámarkslánsfjárhæð hækkuð mikið og veðhlutfall almennra lána sjóðsins hækkað úr 65 prósent í 90 prósent. Þessi vegferð endaði illa og varð þjóðinni dýrkeypt.“

Sigmundur Davíð hafnar því að hækkun á veðhlutfalli upp í 90 prósent hafi haft þau slæmu áhrif á stöðu sjóðsins sem rannsóknarnefndin vill vera láta. „Þetta snýst mun frekar um innkomu bankanna á húsnæðislánamarkaðinn, sem leiðir til þess að Íbúðalánasjóður situr uppi með mikið fjármagn. Hann reyndi síðan að koma því í einhverja ávöxtun. En það sem bjó til bólu á fasteignamarkaði var innkoma bankanna á fasteignamarkaðinn árið 2004. Það fer ekkert á milli mála.“

Landsvirkjun á að starfa með heildaráhrif í huga

Ein þeirra leiða sem margir vona, og aðrir óttast, að verði farin til að auka hagvöxt á Íslandi er að stóriðja verði aukin hérlendis. Meðal þeirra verkefna sem þar eru undir er álverið í Helguvík, þar sem ekki hefur tekist að semja um orkusölu þannig að allir geti verið sáttir. Ástæðan er meðal annars lágt heimsmarkaðsverð á áli, en orkusölusamningar við álfyrirtæki sem starfa hérlendis hafa iðulega

SIGMUNDUR DAVÍÐ UM VIGDÍSI HAUKSDÓTTUR OG VILJA HENNAR TIL AÐ VERÐA RÁÐHERRA

„Auðvitað ætla flestir alþingismenn sér að verða ráðherrar og hafa sem mest áhrif. Það var ekki tekin ákvörðun um að gera Vigdísi ekki að ráðherra, heldur tekin ákvörðun um að gera aðra að ráðherrum að sinni. Þetta er allt eftir unnið eftir aðferð sem hefur verið notuð áratugum saman. Þingmennirnir lýsa sinni skoðun á stöðunni og þingflokkurinn kýs síðan ráðherraefni. Ráðherrarnir eru formaður flokksins, varaformaður, fyrrum þingflokksformaður og oddviti í stærsta kjördæminu þar sem flokkurinn náði líka miklum árangri, eins og reyndar um allt land. En sem betur fer erum við með margt gott fólk í þingflokknum. Það væri verra ef það vantaði ráðherraefni.“

falið í sér ákvæði sem binda orkuverðið við sveiflur á álverði.

Aðspurður hvort ríkisstjórnin muni beita sér með einhverjum hætti fyrir því að Helguvíkurverkefnið verði klárað segir Sigmundur Davíð að fullt tilefni sé til að greiða fyrir slíkum verkefnum. „Fyrri stjórnvöld settu það meira að segja inn í ýmsa samninga að þetta verkefni yrði að veruleika. En það breytir því ekki að slíkt verkefni byggist að sjálfsögðu á þróun á markaði og á því að fjárfestar þurfi að sjá fyrir sér að aðstæður vörunnar sem þeir framleiða, álverðið, verði með þeim hætti að verkefnið standi undir sér.“

Mun ríkisstjórnin, undir einhverjum kringumstæðum, beita pólitískum þrýstingi á til dæmis Landsvirkjun um að gera samninga um orkusölu sem eru ekki gerðir á viðskiptalegum grunni?

„Landsvirkjun á að sjálfsögðu ekki að gera aðra samninga en þá sem skila jákvæðri niðurstöðu fyrir Landsvirkjun og efnahagslífið í heild. En þar er kannski svolítill munur á viðhorfi til Landsvirkjunar, hvort hún eigi að líta einvörðungu á eigin niðurstöðu, eða til samfélagslegra áhrifa þegar ákvarðanir eru teknar. Ég er þeirrar skoðunar að Landsvirkjun, vegna þess hlutverks sem hún gegnir sem ríkisfyrirtæki með mjög mikilvægt hlutverk fyrir samfélagið, þurfi að líta á heildaráhrif þegar ákvarðanir eru teknar. Að hún þurfi að taka með í reikninginn þann ávinning sem

verður af sköpun mörg hundruð starfa þótt þau störf séu ekki hjá Landsvirkjun.“

Pólitísk réttsýni kæfir umræðu

Sigmundur Davíð skrifaði grein í Morgunblaðið í lok júní sem vakti mikla athygli. Þar gagnrýndi hann það sem hann kallaði fyrsta mánuð loftárása á nýja ríkisstjórn og sagði að umfjöllun fjölmiðla um aðgerðir stjórnarinnar hefði verið öðruvísi ef fyrri stjórnarflokkar hefðu enn haldið um stjórnartaumana.

Finnst forsætisráðherra að fjölmiðlar fari ósanngjörnum höndum um sig og ríkisstjórnina, og ef svo er, hvað telur hann að búi þar að baki?

Smelltu til að lesa um makríldeiluna

„Þessi grein hefur verið túlkuð á ýmsan hátt. Sumir hafa miklar skoðanir á henni án þess að hafa haft fyrir því að lesa hana. Ég hef til dæmis grun um að fyrrverandi utanríkisráðherra [Össur Skarphéðinsson] sé einn af þeim. Hann taldi að greinin hefði snúist um að ég væri viðkvæmur fyrir gagnrýni. En þessi grein snérist ekkert um mig. Hún snérist um lýðræðislega umræðu og með hvaða hætti hún fer fram. Hún fjallar um skort á rökræðu í samfélaginu þó að ég hefði nefnt í henni nokkur atriði þar sem mér fannst fjölmiðlar ekki hafa gætt jafnræðis.

Það er að mínu mati mikið áhyggjuefni að frjálslyndi eigi undir högg að sækja, í þeim skilningi að menn séu opnir fyrir því að ræða ólíkar skoðanir. Við erum að færast dálítið hratt í þá átt að sá rammi sem er leyfður í umræðunni er mjög takmarkaður. Það er eitthvert norm, sem ég kalla pólitíska réttthugsun, sem ætlast er til að menn haldi sig innan. Þeir sem koma með frumlega sýn á mál sem eru mikið í umræðunni verða oft fyrir árásum úr öllum áttum. Stokkið er á viðkomandi og þessi nýja sýn kæfð. Þetta er mikið áhyggjuefni.

Auðvitað hafa fjölmiðlamenn sínar skoðanir og þær eru ólíkar. Ég hef farið í viðtöl hjá fólki sem ég veit að er annaðhvort mjög hægri- eða vinstrisinnað. En það hefur ekkert endilega þýtt að viðtölin hafi verið skökk. Sumir geta alveg skilið pólitískar skoðanir sínar frá faginu. Aðrir gera það ekki.“

Meiri harka gagnvart gömlu valdaflokkunum

Þinn gamli vinnustaður RÚV hefur sætt árásum úr ýmsum áttum undanfarin misseri. Finnst forsætisráðherra að RÚV dragi taum fyrri stjórnvalda og komi fram af meiri hörku gagnvart nýjum stjórnarherrum en þeim gömlu?

„Ég held ekki að RÚV sé stýrt á neinn hátt af pólitíkusum sem segi fréttamönnum hvað þeir eigi að gera. En auðvitað er ákveðin ritstjórnarstefna eða viðhorf ríkjandi. En ég held að það sé tekið öðruvísi á síðustu ríkisstjórn en þessari. Þetta kann að skýrast af því að menn líti á þessa núverandi stjórnarflokka sem gömlu valdaflokkana og þess vegna sé eðlilegt að taka harðar á þeim en öðrum.

Ég held að margir séu til dæmis ekkert sérstaklega opnir fyrir því að breytingar á veiðigjöldum séu til þess ætlaðar að gera sjávarútveg arðbærari fyrir samfélagið og til að ýta undir fjárfestingu. Sumir fjölmiðlamenn eru mun opnari fyrir því að það sé eitthvað grunsamlegt við þessar breytingar. Að það sé verið að verðlauna fyrirtæki sem hafi styrkt gömlu valdaflokkana eða eitthvað slíkt. Þá telja menn sig ekkert endilega vera að ganga erinda einhverra stjórnmálaflokka heldur eru þeir að skilgreina sig of þröngt innan ramma umræðunnar. Þeir eru kannski ekki alveg nógu opnir fyrir því að kannski séum við bara að reyna að gera það besta sem við getum fyrir samfélagið og þorp úti á landi sem eru háð því að sjávarútvegsfyrirtækin geti starfað.“

Finnst þér óeðlilegt að þessi tengsl séu dregin upp, þ.e. tengsl á milli ákveðinna sjávarútvegsfyrirtækja og ákveðinna stjórnmálamanna eða -flokka?

„Ástæða þess að við höfum verið að breyta lögum um stjórnmálaflokka er að það hefur verið uppi krafa um að allt sé uppi á borðum um slík tengsl. Það er auðvitað mjög mikilvægt. Menn sjá til dæmis dæmi um það í bandarískum stjórnmálum að stuðningur við flokkana fer mjög eftir hagsmunum þeirra sem eru að styðja þá. Það er hins vegar ljóst að stjórnmálaflokkar á Íslandi þurfa að fá stuðning frá fyrirtækjum og einstaklingum til að geta stundað þá starfsemi sem þeir reka. Þá er ekkert óeðlilegt við það að menn styðji

Smelltu til að hlusta á Sigmund Davíð ræða persónulega þætti þess að vera forsætisráðherra. Smelltu aftur til að slökkva.

Athugaðu að kveikja á hljóðinu.



Slæm staða ríkissjóðs
„Auðvitað er þetta mikið áhyggjuefni, en grundvallaratriðið er að það þarf að breyta um efnahagsstefnu. Við þurfum að breyta stefnunni þannig að hún hvetji til aukinnar fjárfestingar og verðmætasköpunar. Annars er þetta vonlaust.“ KJARNINN/BIRGIR ÞÓR

síður flokka sem ætla að kollvarpa, að mati viðkomandi, þeirri atvinnugrein sem þeir starfa í.

Aðalatriðið er að afstaða stjórnmálaflokkanna byggist á því að þeir séu að vinna að heildarhagsmunum og mati grasrótar flokkanna á því hvernig það sé best gert. Svo geta einhverjir hér og þar séð sér ástæðu til að styðja flokkana vegna þess að þeir telji þá vera á réttri braut. En stuðningurinn má ekki hafa áhrif á afstöðu flokkanna og þær leiðir sem þeir vinna eftir.“



PISTILL
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir
framkvæmdastjóri
UN Women í Afganistan

Deildu með umheiminum

Hvað er fram undan í Afganistan

Lýðræðisþróun andspænis afturhaldsöflum

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir er yfirmaður UN Women í Afganistan og hefur gegnt því starfi frá haustinu 2011. Hún er fyrrverandi formaður Samfylkingarinnar, utanríkisráðherra og borgarstjóri í Reykjavík.

Þegar alþjóðlegar hersveitir undir forystu Bandaríkjamanna fóru inn í Afganistan í árslok 2001 var hinn yfirlýsti tilgangur að handsama Bin Laden og ganga milli bols og höfuðs á Al-Kaída og afgönskum hryðjuverkasveitum honum hliðhollum. Talibanar höfðu þá stjórnað landinu frá 1996 en þeir náðu undirtökunum í skelfilegri borgarastyrjöld sem geisaði eftir fall kommúnistastjórnarinnar árið 1990 þar sem fjórar Mudjahedin-fylkingar tókust á um völdin. Innrásin í Afganistan naut umtalsverðs stuðnings á Vesturlöndum, bæði vegna árásarinnar á Tvíburaturnana í New York 11. september 2001 en eins vegna hins, að heimsbyggðin hafði fylgst í hryllingi með stjórnarháttum talibana; trúarofstækinu, refsigleðinni og kvenhatrinu.

Aðeins lítill hluti aðstoðarinnar verður eftir í landinu

En eins og dæmin sanna er eitt að fara inn í land með herlið og annað að komast út aftur og geta með sanni sagt að árangur hafi náðst sem réttlætt geti mannfórnir og ómældan kostnað af stríðsrekstrinum. Talið er að um 45.000 manns, hermenn og almennir borgarar, hafi látist af völdum átakanna í Afganistan og fjárframlög frá alþjóðasamfélaginu hafa verið gríðarleg, bæði í formi framlaga til öryggismála sem og þróunar- og mannúðarmála. Framlagið hefur vaxið ár frá ári; á árinu 2005/2006 nam framlagið rúmlega fjórum milljónum Bandaríkjadala en 2010/2011 hafði framlagið fjórfaldast og nam 15,7 milljörðum Bandaríkjadala, sem jafngilti allri landsframleiðslu Afganistans á því ári. Það verður þó að hafa í huga að alþjóðleg framlög til Afganistans verða ekki nema að takmörkuðu leyti eftir í Afganistan því stór hluti þeirra fer úr landi aftur í formi vopnakaupa, margvíslegs vöruinnflutnings og greiðslna til verktaka, ráðgjafarfyrirtækja og alþjóðlegra starfsmanna. Er jafnvel talið að aðeins um 38 prósent framlaganna komi yfirleitt inn í afganska hagkerfið.

Eftir rúman áratug í Afganistan er alþjóðaherliðið nú farið að draga sig til baka og stefnir að því að vera á brott með allar hersveitir, aðrar en þær sem nauðsynlegar eru til að þjálfa afganska herinn, fyrir lok ársins 2014. Brottflutningur herliðsins mun hafa gríðarleg áhrif í landinu; hernaðarleg, pólitísk og efnahagsleg.

Kvenkyns fórnarlömbum stríðsátakanna fjölgar

Hin efnahagslegu áhrif felast ekki síst í því að um 100.000 hermenn munu verða á brott og álíka margir alþjóðlegir starfsmenn verktakafyrirtækja sem vinna í tengslum við alþjóðaherinn, en með þeim hverfur fjöldinn allur af þjónustustörfum, bæði beinum og afleiddum, sem afganskir starfsmenn sinna. Þá er talið líklegt að samhliða brotthvarfi alþjóðhersins muni mörg ríki draga úr framlögum sínum til þróunar- og mannúðarmála í landinu. Að vísu er talið að aðeins um 6–10 prósent af vinnuaflinu séu í störfum sem fjármögnuð eru með alþjóðlegum framlögum en það munar um öll störf, því um helmingur þjóðarinnar hefur ekki næga atvinnu og vegna fjölgunar þurfa 400 til 500 þúsund ný störf að verða til á hverju ári.

Í öryggismálum verða áhrifin mjög sýnileg en afganski herinn hefur smám saman verið að taka yfir landsvæði sem áður voru undir stjórn alþjóðahersins og á sumum þessara svæða eru áhöld um hversu vel hafi til tekist. Afganski herinn hefur að mörgu leyti staðið sig vel í baráttunni við árásarsveitir en þær eru aðeins hluti vandans því á mörgum svæðum eru aðrir en talibanar undir vopnum sem geta ógnað friði og öryggi. Afganskar konur hafa miklar áhyggjur af öryggi sínu, meðal annars vegna þess að víða er löggæslan í molum og margir fyrrverandi ofbeldis- og hryðjuverkamenn hafa verið munstraðir í löggæsluhlutverk í svokölluðu Afghan Local Police (ALP), sem eru vopnaðar löggæslusveitir, stofnaðar af Bandaríkjamönnum, sem lúta hvorki aga- né eftirlitsvaldi innanríkisráðuneytisins. Á síðasta ári fækkaði almennum borgurum sem voru fórnarlömb stríðsátakanna í Afganistan að vísu í fyrsta skipti síðan 2006 um 12 prósent en hins vegar fjölgaði konum og stúlkum í þessum hópi um 20 prósent. Þá virðast fleiri konur verða fyrir skipulögum árásum en á síðasta ári voru til dæmis tvær konur, sem voru yfirmenn útibús kvennamálaráðuneytisins í Laghman-héraði, drepnar með stuttu millibili. Morðingar þeirra hafa enn ekki verið handteknir enda virðist oft sem lítil alvara fylgi leitinni að meintum árásarmönnunum.



Konur og kosningar

Hver hin pólitísku áhrif verða af brotthvarfi alþjóðahersins á enn eftir að koma í ljós en árin 2014 og 2015 verða mjög pólitískt mikilvæg því á árinu 2014 verða forsetakosningar og samhliða kosið til 36 fylkisþinga eða Provincial Councils, og árið 2015 fara svo fram þingkosningar. Það er því ljóst að það verða stjórnarskipti í landinu og í fyrsta skipti í sögu Afganistans mun einn þjóðkjörinn forseti taka við af öðrum. Það er því mjög mikilvægt að vel takist til um skipulag kosninganna; öryggi frambjóðenda og kjósenda verði tryggt, kosningaþátttaka verði almenn og ásakanir um kosningasvindl hverfandi. Konur hafa 25 prósenta kvóta á þjóðþinginu og höfðu hann líka á fylkisþingum en í júlí samþykkti þingið ný kosningalög sem minnka kvóta þeirra á fylkisþingum niður í 20 prósent, sem er reyndar varnarsigur, því til stóð að taka þann kvóta alfarið af þeim.

Þátttaka kvenna í kosningunum, bæði sem frambjóðendur og kjósendur, er hins vegar gríðarlega mikilvæg og nokkurs konar prófsteinn á lýðræðisþróunina í landinu. Kvenkyns frambjóðendur hafa aftur á móti áhyggjur af öryggi sínu og kvenkyns kjósendur óttast að karlar í þeirra fjölskyldu og/eða heimabyggð reyni að hindra að þær komist á kjörstað. Framkvæmd kosninga í landi eins og Afganistan er gríðarlegt verkefni og sú stofnun sem sér um framkvæmd kosninga, Independent Election Committee (IEC), þarf að þjálfa 4000 nýja starfsmenn til að vinna að kosningunum. Samkvæmt upplýsingum frá innanríkisráðuneytinu verða 6000 kjörstaðir í landinu og af öryggisástæðum þarf að leita á öllum kjósendum en af því aðeins konur geta leitað á konum þarf að þjálfa um 13.000 konur til öryggisstarfa fyrir kosningar.

Friðsamleg stjórnarskipti eða borgarastyrjöld

Ef vel tekst til í komandi kosningum og stjórnarskipti fara friðsamlega fram er það gríðarlegur áfangi í lýðræðisþróun Afganistans, sem fór tvisvar á síðustu öld í gegnum lýðræðisþróun sem endaði í byltingu og vopnuðum átökum, fyrst á þriðja áratugnum og svo 1973. En það eru enn mörg ljón í veginum og of snemmt að spá fyrir um hvernig til tekst. Eitt slíkt ljón eru talibanarnir, því enginn veit hvort og þá hvernig þeir munu reyna að hafa áhrif á kosningarnar. Opnun skrifstofu þeirra í Katar með stuðningi Bandaríkjamanna er sjálfsagt liður í því að ná einhvers konar samkomulagi við þá fyrir kosningar og áður en alþjóðaherliðið hverfur á brott úr landinu. Samkomulag við þá og þokkalega friðsamlegar kosningar væri þá sá árangur sem alþjóðasamfélagið gæti þakkað sér og sinni aðkomu á undanförnum áratug.

Hitt gæti líka gerst að allt færi á verri veg og talibanar tækju ákvörðun um að hunsa og jafnvel trufla kosningarnar með aðgerðum sínum og árásum og bíða af sér brottför alþjóðaherliðsins. Í því tilfelli er hætt við að lýðræðisferlið í Afganistan og tilraun til að koma landinu inn í nútímann myndi enn eina ferðina enda í blóðugum innbyrðis átökum. Margir Afganar búa sig undir hið versta og allir sem maður talar við hafa skoðað með hvaða hætti þeir geti komist úr landi ef mál þróast á versta veg. Það sem gæti hins vegar komið í veg fyrir slíka þróun er sú staðreynd að talibanar í Afganistan eru vígamóðir og sundraðir og eiga ekki jafn auðvelt og áður með að fá fjárhagslegan stuðning til aðgerða, þar sem þeir eiga í harðri samkeppni við sveitir íslamista í Malí, Nígeríu, Sýrlandi og víðar og stuðningur frá Pakistan fer minnkandi, enda sýpur Pakistan nú seyðið af aðgerðum þeirra þar í landi.

Afturhaldsöflin sækja í sig veðrið

Nú þegar sést hilla undir brottför alþjóða hersins og jafnvel friðarsamninga við talibana er eins og almenningur, stjórnvöld og alþjóðasamfélagið fari að búa sig sálfræðilega undir innkomu þeirra í stjórn landsins. Flestir fara að róa á bæði borð, fylgja í orði kveðnu lýðræðisumbótum en láta uppivöðslu afturhaldsafla ómótmælt. Þá er gjarnan sagt að það borgi sig ekki að ögra afturhaldsöflunum og því sé betra að þegja. En hversu lengi getur það gengið? Í þinginu er tekist á um lög um afnám ofbeldis gegn konum og afturhaldsmenn halda þeim í gíslingu. Samt eru þetta lögin sem allt alþjóðasamfélagið lítur til sem grundvallarlaga um réttindi kvenna. Og Karzai segir ekki margt.

Í júlímánuði kynntu bandarísk stjórnvöld til sögunnar 200 milljóna dollara áætlun til að styrkja stöðu kvenna en varla var blekið þornað á fréttatilkynningunum þegar einn helsti trúarlegi ráðgjafi Karzai forseta tilkynnti að hann myndi ekki hafa afskipti af yfirlýsingu sem gefin var út af klerkum í Deh Salah í Baghlan-fylki þess efnis að konur mættu ekki vera á ferli án karlkyns ættingja, og loka ætti öllum snyrtivöruverslunum á svæðinu, því þær væru vændishús. Nú þegar hefur komið til átaka út af þessu og borgarstjórinn í Deh Salah verið drepinn þegar hann reyndi að framfylgja yfirlýsingunni. Það sem vekur athygli í þessu máli er að talibanar eru ekki ráðandi í Deh Salah því svæðið var hreiður Norðurbandalagsins á sínum tíma.

Spilling og misskipting

En ef við gefum okkur samt að vel takist til í þeim hernaðarlegu og pólitísku umskiptum sem fram undan eru á árinu 2014 eru engu að síður blikur við sjónarrönd sem vert er að gefa gætur. Gríðarlegt innflæði fjármagns í landið á undanförnum áratug hefur gert mörgum kleift að sanka að sér auði og völdum, meðal annars gömlum stríðsherrum með blóðugar hendur, og misskipting hefur aukist; hinir ríku verða ríkari á meðan 36 prósent þjóðarinnar eru undir fátæktarmörkum. Flestir reyna að maka krókinn meðan hægt er og hygla ættingjum, og sveitungum og spilling og mútur eru allsráðandi. Samhliða þessu hefur menntun aukist í landinu, sérstaklega meðal ungs fólks, en tveir þriðju hlutar þjóðarinnar eru undir 25 ára aldri. Stór hluti þessa unga fólks kemst hins vegar hvorki í framhaldsnám, vegna skorts á námstækifærum, né heldur fær það vinnu við sitt hæfi, en um helmingur þeirra sem útskrifast úr framhaldsskólum fer í ófaglærð störf.

Eins og dæmin sanna í Norður-Afríku getur skapast eldfimt ástand þegar saman fara stórir hópar ungs, menntaðs fólks sem fær engin tækifæri og svo misskipting, spilling og vanhæf stjórnvöld. Ef ný stjórnvöld í Afganistan ná ekki tökum á þessu ástandi og takast ekki af fullri alvöru á við spillinguna í landinu gæti þróun mála orðið með einhverjum þeim hætti sem enginn sér fyrir núna, því enginn veit á hvaða sveif þetta unga fólk leggst. Það er hins vegar borin von að stjórnvöldum takist að snúa þróun mála til betri vegar ef þau halda áfram að mylja undir gamla stríðsherra og gefa íhaldssömum klerkum undir fótinn, á sama tíma og þau telja alþjóðasamfélaginu trú um að þau vilji virða mannréttindi, þar á meðal réttindi kvenna, og takast á við spillinguna. Sú spurning hlýtur líka að vera áleitin hversu lengi alþjóðasamfélagið ætlar að láta orð stjórnvalda duga í stað þess að gera skýlausa kröfu um að þeim fylgi athafnir.

Hverjir eiga Ísland?



FORLAGIÐ
www.forlagid.is

DÓMSMÁL

Deildu með umheiminum



Fengu lán hjá Glitni til að greiða út arð

Fyrrverandi stjórnendum Gnúps hefur verið stefnt vegna greiðslna sem runnu út úr félaginu fyrir hrun.

Smelltu til að lesa alla söguna



Skaðabótaábyrgð sérfræðinga

Kristín Edwald skrifar um sérfræðiábyrgð út frá íslenskum skaðabótarétti.

Smelltu til að lesa álit vikunnar

Á DAGSKRÁ DÓMSTÓLA

Héraðsdómur Austurlands
Manndráp
Ríkissaksóknari
gegn
Friðriki Brynjari Friðrikssyni
Fyrirtaka 23. ágúst kl. 11.00

Héraðsdómur Suðurlands
Sérstakur saksóknari
gegn
Yngva Þór Jóhannssyni
Fyrirtaka 23. ágúst kl. 13.30

Héraðsdómur Reykjaness
Sérstakur saksóknari
gegn
A
Fyrirtaka 26. ágúst kl. 9.30

Héraðsdómur Reykjavíkur
Þorsteinn Sch. Thorsteinsson
gegn
Embætti landlæknis
Fyrirtaka 26. ágúst kl. 13.15

Héraðsdómur Reykjavíkur
Íslandsbanki hf.
gegn
Hlutafé ehf.
Fyrirtaka 26. ágúst kl. 13.30

Héraðsdómur Reykjavíkur
Ógilding stjórnarathafnar
Síminn hf.
gegn
Samkeppniseftirlitinu
Fyrirtaka 27. ágúst kl. 13.30



Rausnarlegur banki
Glitnir var ansi rausnarlegur í útlánum til Gnúps á meðan félagið starfaði. Alls lánaði bankinn Gnúpi 6,5 milljarða króna á nokkrum mánuðum, sem félagið greiddi að mestu til hluthafa sinna. Glitnir eignaðist síðan Gnúp þegar félagið fór í greiðsluþrot í lok árs 2007. Glitnir fór síðan sjálfur á hausinn tæpu ári síðar. MYND/AFP

Fengu lán hjá Glitni til að greiða út arð

FJÁRMÁL

Þórður Snær Júlíusson
thordur@kjarninn.is

Deildu með umheiminum

Slitastjórn Glitnis, fyrir hönd Gnúps fjárfestingafélags, hefur stefnt Magnúsi Kristinssyni, Kristni Björnssyni, Þórði Má Jóhannessyni og Fjárfestingafélaginu Brekku, sem er í eigu Þórðar Más, og vill að mennirnir þrír endurgreiði þrjá milljarða króna sem þeir greiddu sér út úr félaginu sumarið 2007. Alls voru greiddar arðgreiðslur, hlutabréf keypt af eigendum eða hluthafalán endurgreidd fyrir 6,5 milljarða

Smelltu til að loka

77. GREIN HLUTAFÉLAGALAGA

Ef sá sem kemur fram fyrir hönd félags samkvæmt ákvæðum 74.–75. gr. gerir löggerning fyrir hönd þess bindur sá gerningur félagið nema:

1. hann hafi farið út fyrir þær takmarkanir á heimild sinni sem ákveðnar eru í lögum þessum,
2. hann hafi farið út fyrir takmarkanir á heimild sinni á annan hátt enda hafi viðsemjandi vitað eða mátt vita um heimildarskortinn og telja verði ósanngjarnt að viðsemjandinn haldi fram rétti sínum.

Birting tilkynningar skv. 1. mgr. 151. gr. um tilgang félagsins samkvæmt samþykktum þess telst ein og sér ekki nægileg sönnun þess að viðsemjandi hafi vitað eða mátt vita um heimildarskortinn skv. 2. tölul. 1. mgr. greinar þessarar.

króna á því rúma ári sem Gnúpur náði að starfa. Öll upphæðin sem greidd var út var tekin að láni, þar sem féð var ekki til í sjóðum Gnúps. Þetta kemur fram í stefnum á hendur mönnunum sem dagsettar eru í apríl 2013. Samkvæmt stefnunni vill þrotabú Glitnis, sem tók yfir Gnúp eftir greiðsluþrot félagsins, nú fá hluta af þessum greiðslum aftur. Það telur að ákvarðanir um útgreiðslurnar hafi ekki verið teknar á réttu tímamarki, hluti greiðslnanna hafi ekki uppfyllt form- né efnisreglur og að útgreiðsla arðs út úr félaginu hafi verið ólögmæt.

Ótrúleg saga Gnúps

Fjárfestingafélagið Gnúpur var ansi áhugavert fyrirbæri. Aðdragandi stofnunar félagsins voru valdaátök í hluthafahópi Straums-Burðaráss fjárfestingabanka. Í lok júní 2006 ákvað Björgólfur Thor Björgólfsson, þá stærsti eigandi bankans og stjórnarformaður hans, að reka forstjórann Þórð Má Jóhannesson. Tveir stjórnarmenn úr hópi eigenda, þeir Kristinn Björnsson og Magnús Kristinsson, voru andsnúnir ákvörðuninni og seldu í kjölfarið hlut sinn í bankanum til FL Group, sem greiddi fyrir annars vegar með hlutabréfum í sjálfu sér (35 milljarðar) og hins vegar í Kaupþingi (12 milljarðar króna).

Þeir Kristinn, Magnús og forstjórinn brottrekni, Þórður Már, stofnuðu síðar Gnúp utan um þessar eignir í október 2006. Með fylgdu skuldir upp á um 24 milljarða króna. Rúmu ári síðar var félagið komið í greiðsluþrot. Þrátt fyrir skamman líftíma tókst Gnúpi að verða einn af stærstu skuldurum íslenska bankakerfisins. Í lok nóvember 2007, skömmu áður en félagið var tekið yfir af lánardrottnum sínum, námu heildarskuldir Gnúps og tengdra félaga rúmlega 80 milljörðum króna, ef tekin voru saman lán og skuldbindingar vegna framvirkra samninga.

Milljarðar greiddir út úr Gnúpi

Í desember 2006 ákvað stjórn Gnúps að kaupa eigin hlutabréf af hluthöfum sínum fyrir um 3,5 milljarða króna. Í apríl 2007

Smelltu til að loka

99. GREIN HLUTAFÉLAGALAGA

Einungis er heimilt að úthluta sem arði hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta reikningsárs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og frjálsum sjóðum eftir að dregið hefur verið frá tap sem ekki hefur verið jafnað og það fé sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skal lagt í varasjóð eða til annarra þarfa.

Í móðurfélagi er óheimilt að úthluta það miklum arði að andstætt sé góðum rekstrarvenjum með tilliti til fjárhagsstöðu samstæðunnar, enda þótt arðsúthlutun sé annars heimil.

Smelltu til að fara aftur í yfirlit

FONS FÉKK LÍKA LÁNAÐ TIL AÐ GREIÐA ÚT ARÐ

Gnúpur var alls ekki eina íslenska fjárfestingarfélagið sem tók lán til að greiða sér út háan arð. Á aðalfundi fjárfestingarfélagsins Fons hf. í ágúst 2007 var samþykkt að greiða 4,4 milljarða króna arð til eigenda þess félags, sem var afar umfangsmikið í íslensku viðskiptalífi fyrir bankahrun. Lúxemborgskt félag, Matthew Holding SA, fékk 4.180 milljónir króna af þessari arðgreiðslu. Eigendur þess félags voru Pálmi Haraldsson og Jóhannes Kristinsson. Áður en arðurinn var greiddur út þurfti lánanefnd Landsbankans að samþykkja greiðsluna, enda lánaði bankinn fyrir henni.

Fons fór síðan á höfuðið og var tekið til gjaldþrotaskipta í lok apríl 2009. Lýstar kröfur í búið námu 39,8 milljörðum króna.

Skiptastjóri þrotabús Fons stefndi þeim Pálma og Jóhannesi og vildi að þeir endurgreiddu þá 4,2 milljarða króna sem runnu til Matthews Holding. Krafan byggði á að ársreikningur Fons fyrir árið 2006 hefði verið verulegum annmörkum háður og í andstöðu við lög og reikningsskilareglur. Hann hafi því ekki getað verið grundvöllur úthlutunar og greiðslu arðs úr félaginu, auk þess sem arðgreiðslan hafi verið í andstöðu við góðar rekstrarvenjur og hafi í raun verið gjafagerningur.

Héraðsdómur Reykjavíkur hafnaði kröfu þeirra í júlí 2013. Í niðurstöðu hans sagði að Fons hefði verið gjaldfært félag þegar arðurinn var greiddur.

var tekið lán upp á þá upphæð hjá Glitni. Í júlí 2007 ákvað stjórnin síðan að greiða hluthöfum sínum út 1,9 milljarða króna í arð og að kaupa eigin bréf af hluthöfum fyrir tæplega 1,4 milljarða króna. Í ágúst 2007 var tekið þriggja milljarða króna lán hjá Glitni til að standa undir þessum útgreiðslum. Í stefnunni segir: „Að teknu tilliti til kaupa á eigin bréfum af hluthöfum í desember 2006 og uppgreiðslu lána til hluthafa höfðu hluthafar stefnanda á þessum tímapunkti ákveðið að greiða sér út úr félaginu samtals 6.500.000.000 króna og hafði félagið þá einungis verið starfsrækt sem fjárfestingafélag hluthafanna í 8 mánuði.“

Slitastjórn Glitnis hefur ekki stefnt vegna desemberútgreiðslunnar. Hún vill hins vegar fá til baka þá rúmu þrjá milljarða króna sem greiddir voru út sumarið 2007.



Kristín Edwald
hrl.

Skaðabótaábyrgð sérfræðinga

Eitt er það réttarsvið sem reynir meira á með aukinni sérhæfingu og flóknara samfélagi, en það er skaðabótaábyrgð sérfræðinga, stundum nefnd sérfræðiábyrgð.

Á sérfræðingum hvílir ströng skaðabótaábyrgð en grundvöllur hennar er engu að síður hinn almenni skaðabótagrundvöllur, sakarreglan. Sú regla er grundvallarregla í íslenskum skaðabótarétti en í henni felst að „sá beri skaðabótaábyrgð á tjóni, sem veldur því með saknæmum og ólögmætum hætti, enda sé tjónið sennileg afleiðing af hegðun hans og raskar hagsmunum, sem verndaðir eru með skaðabótareglum“. (Arnljótur Björnsson, Skaðabótaréttur, bls. 54, Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík, 1988.) Til nánari útskýringar skal tekið fram að saknæmishugtakið í skaðabótarétti vísar til þess að viðkomandi hafi af ásetningi eða gáleysi sýnt af sér þá háttsemi sem veldur tjóni en ekki er verið að vísa til daglegrar málnotkunar hugtaksins, þ.e. refsiverðrar hegðunar. Skilyrði sakarreglunnar þurfa að vera uppfyllt til að sérfræðingur beri ábyrgð á tjóni sem leiða kann af vinnu hans eða ráðgjafar, rétt eins og á við um hvern annan einstakling sem veldur tjóni með saknæmri háttsemi. Á sérfræðingum hvílir því ekki ekki hlutlæg ábyrgð, þ.e. skaðabótaábyrgð án tillits til þess hvort viðkomandi hafi valdið tjóni með því að sýna af sér vanrækslu í starfi.

Í hverju felst þá hin stranga skaðabótaábyrgð? Á nokkrum sviðum mannlífsins liggur strangari skaðabótaábyrgð á einstaklingum en öðrum og á það við um sérfræðinga. Þessi stranga skaðabótaábyrgð birtist í því að ríkari kröfur eru gerðar um aðgæslu viðkomandi, þ.e. gáleysismælikvarðinn er strangari. Í skilningi lögfræðinnar er gáleysi það þegar viðkomandi gætir ekki þeirrar varkárni sem gegn og skynsamur maður (oft nefndur bonus pater familias eða bonus pater) myndi gera í sömu aðstöðu. Þegar metið er hvort sérfræðingur hafi sýnt af sér gáleysi er þannig miðað við hvað gegn og skynsamur sérfræðingur myndi gera við sömu aðstæður. Þannig getur athugunarleysi sérfræðings verið grundvöllur skaðabótaábyrgðar meðan sambærilegt athugunarleysi einstaklings sem ekki er sérfræðingur á viðkomandi sviði, og gefur sig ekki út fyrir það, er ekki grundvöllur skaðabótaábyrgðar. Eru á þann hátt ríkar kröfur gerðar til þess að sérfræðingurinn sé ávallt vandvirkur í störfum sínum, yfir hvaða fagþekkingu hann eigi að búa, sem og til þess hvað hann viti eða megi vita, þ.m.t. hvað hann megi sjá fyrir.

Sakarreglan sjálf er ólögfest, óskráð réttarregla. Hins vegar er algengt að í lögum sem gilda um starfsstéttir og sérfræðinga sé vísað til ólögfestra reglna skaðabótaréttar, t.d.

27. gr. laga nr. 79/2008 um endurskoðendur,

„Endurskoðandi ber ábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmenn hans valda í störfum sínum, af ásetningi eða gáleysi. Um sakarmat og sönnun gilda reglur skaðabótaréttar.“

27. gr. laga nr. 99/2004 um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa,

„Fasteignasali ber ábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmenn hans valda í störfum sínum, af ásetningi eða gáleysi. Um sakarmat og sönnun gilda reglur skaðabótaréttar. […]“

1. mgr. 25. gr. laga nr. 77/1998 um lögmenn

„Lögmaður ber bótaábyrgð á störfum sínum og starfsmanna sinna eftir almennum reglum.“

En hverjir eru sérfræðingar og hvaða kröfur verða gerðar til verkefna þeirra?

Sérfræðingar eru þeir sem eiga að baki menntun á viðkomandi sviði, faglega þekkingu og reynslu og bjóða fram þjónustu sína og sérfræðiþekkingu, yfirleitt gegn greiðslu. Þótt sérfræðingur þiggi ekki greiðslu fyrir þjónustuna getur engu að síður hvílt á honum sérfræðiábyrgð. Sérfræðingar tilheyra því yfirleitt ákveðnum starfsstéttum, svo sem endurskoðendur, lögfræðingar, lögmenn, læknar, rafvirkjar, verkfræðingar og arkitektar. Einnig geta lögaðilar á borð við fjármálafyrirtæki, hagsmunasamtök og stofnanir fallið undir skilgreininguna, hafi þeir aðilar í raun verið að veita sérfræðiþjónustu.

Eðlisólíkar kröfur verða gerðar til verkefna sérfræðinga eftir því á hvaða sviði þeir starfa. Á sumum sviðum þurfa verkin að uppfylla ákveðnar kröfur, svo sem hjá arkitektum þegar þeir teikna hús. Unnt verður að vera að reisa hús eftir teikningum og húsið þarf að uppfylla allar opinberar kröfur. Á sama hátt verður að vera hægt að efna samning sem fasteignasali gerir um kaup á fasteign. Á sumum öðrum sviðum verða yfirleitt ekki gerðar aðrar kröfur en að sérfræðingurinn vinni verkið faglega og gefi allar nauðsynlegar upplýsingar. Mjög ríkar kröfur eru til dæmis gerðar til lækna en ekki verður sú krafa gerð að allar læknisaðgerðir leiði til fulls bata og það án nokkurra aukaverkana.

Sönnunarreglur

Önnur meginregla skaðabótaréttar er reglan um sönnunarbyrði tjónþola. Í henni felst að sá sem krefst bóta verður að sanna að bótaskyld háttsemi hafi átt sér stað sem leitt hafi til þess að tjón hans hafi orðið og hvert umfang tjónsins sé. Af dómum Hæstaréttar er hins vegar ljóst að þegar fjallað er um skaðabótaábyrgð sérfræðinga er stundum dregið úr þessari kröfu. Er það einn af þeim þáttum sem gera bótaábyrgð sérfræðinga strangari en annarra. Hefur þannig í réttarframkvæmd stundum verið dregið úr þeirri kröfu að tjónþoli þurfi að sanna atvik málsins, að orsakatengsl séu milli hinnar bótaskyldu háttsemi og tjónsins og einnig hefur verið dregið úr að tjónþoli þurfi að sýna fram á fjárhæð tjóns. Hins vegar hefur í réttarframkvæmd í tengslum við sérfræðiábyrgð ekki verið vikið frá þeirri kröfu, að það er sá sem telur sig hafa orðið fyrir tjóni sem verður að sanna saknæma háttsemi, þ.e. ásetningur eða gáleysi hafi átt sér stað, en eins og áður sagði er mælikvarðinn strangur hvað það varðar og ríkar kröfur gerðar til sérfræðinga.

Atvik máls

Sem dæmi um frávik frá almennum sönnunarkröfum í skaðabótamálum þegar um sérfræðiábyrgð er að tefla skal fyrst vikið að atvikum máls, þ.m.t. umfangi verks.

Í dómsmálum þar sem ágreiningur hefur risið um umfang verks, þ.e. hvað það var í raun og veru sem sérfræðingurinn tók að sér að gera, hefur Hæstiréttur, eins og áður sagði, vikið frá því að tjónþoli beri sönnunarbyrðina um atvik máls og lagt sönnunarbyrðina á sérfræðinginn.

Í dómi Hæstaréttar í málinu nr. 721/2010 sem kveðinn var upp 20. október 2011 voru atvik þau að A sf. festi kaup á helmingshlut í iðnaðarhúsnæði með kaupsamningi 20. október 2008 en samkvæmt honum var X ehf. seljandi eignarhlutans. X ehf. hafði nýlega fest kaup á húsnæðinu og hafði ekki enn fengið útgefið afsal. Í kaupsamningnum kom fram áletrun þess efnis að lögmaðurinn B hefði samið skjalið. Í málinu krafði A sf. B um skaðabætur fyrir ætlað tjón vegna meintra mistaka þess síðarnefnda við gerð kaupsamningsins sem leitt hefðu til þess að það hefði ekkert fengið í sinn hlut af uppboðsandvirði eignarinnar sem seld var síðar nauðungarsölu. En sýslumaður hafði hafnað þinglýsingu kaupsamningsins þar sem undirskrift afsalshafa hafi vantað. Af hálfu lögmannsins var því alfarið hafnað að hann hefði haft milligöngu um framangreind fasteignakaup eins og A sf. hélt fram. Hann hefði einungis fært á blað í formlegan búning þá skilmála kaupa sem A sf. og X ehf. hefðu áður komið sér saman um. Í dómi Hæstaréttar var lagt til grundvallar að lögmaðurinn hefði aflað þinglýsingarvottorðs í tengslum við skjalagerðina og útskýrt þýðingu þess að seljandinn væri ekki þinglýstur afsalshafi. Þá var talið í ljós leitt að kaupsamningurinn hefði ekki verið undirritaður á skrifstofu lögmannsins, engar greiðslur hefðu farið þar fram og forsvarsmaður A sf. hefði sjálfur farið með kaupsamninginn til þinglýsingar og móttekið hann skömmu síðar með áritun um frávísun þar sem afsalshafi hefði ekki undirritað skjalið. Taldi Hæstiréttur að lögmaðurinn hefði sýnt fram á að hlutverk sitt í tengslum við fasteignakaupin hefði verið afmarkað og meint tjón A sf. yrði ekki rakið til vanrækslu lögmannsins á lögbundnum skyldum sínum í samræmi við það hlutverk sem kaupsamningsaðilar fólu honum. Sýknaði Hæstiréttur því lögmanninn af kröfu A sf.

Einnig má nefna dóm Hæstaréttar í málinu nr. 506/2011, uppkveðinn 22. mars 2012. Voru atvik þau að A höfðaði mál gegn fasteignasalanum B vegna ágreinings um hvort B hefði borið að sjá til þess að A fengi tiltekna greiðslu vegna sölu fasteignar. Að virtum ákvæðum kaupsamnings um fasteignina var ekki talið að bótaábyrgð B gagnvart A yrði reist á þeim ákvæðum laga nr. 99/2004 um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa er vörðuðu skyldur hans sem fasteignasala gagnvart A sem seljanda eða öðrum rétthafa í eigninni. Þá þótti A hvorki hafa sýnt fram á að hún hefði beðið fjártjón sem B hefði valdið henni með ólögmætum og saknæmum hætti í störfum sínum sem fasteignasali umrætt sinn né á öðrum grundvelli. Var B því sýknaður af kröfum A.

Orsakatengsl

Þá þekkist það í réttarframkvæmd um sérfræðiábyrgð að dregið sé úr þeirri kröfu að tjónþola beri að sýna fram á orsakatengsl milli hinnar saknæmu háttsemi og tjónsins. Hafi tjónþoli sýnt fram á að sérfræðingur hafi sýnt af sér gáleysi í störfum og að tjón hafi orðið þá eru minni kröfur gerðar til þess að tjónþolinn sýni fram á að gáleysi sérfræðingsins hafi í raun verið orsök tjónsins. Á þetta sérstaklega við í málum sem lúta að bótaábyrgð vegna læknisverka og heilbrigðisstofnana; má t.d. nefna dóm Hæstaréttar í máli nr. 317/2005.

Þetta er þó ekki meginregla og sem dæmi um hið gagnstæða má nefna dóm Hæstaréttar í málinu nr. 771/2009. Með kaupsamningi 27. september 2006 keyptu A og B jörðina X. Eftir að A og B höfðu fengið jörðina afhenta töldu þau að flatarmál láglendis jarðarinnar hefði reynst minna en þau hefðu gert ráð fyrir samkvæmt uppdrætti af deiliskipulagi frístundabyggðar á jörðinni. Höfðuðu þau mál meðal annars á hendur fasteignasalanum sem annaðist söluna og skjalagerðina. Kröfðust þau skaðabóta eða afsláttar af kaupverði. Talið var að A og B hefðu ekki mátt draga ályktanir um stærð láglendisins af þeim deiliskipulagsuppdrætti sem þeim hafði verið afhentur. Hefðu þau gengið til samninga um kaup á jörðinni án þess að hafa áður aflað óyggjandi upplýsinga um þetta en þrátt fyrir það reist málssókn sína á því að stærð láglendisins hefði haft verulega þýðingu við ákvörðun þess verðs sem þau höfðu verið tilbúin til að greiða við samningsgerðina. Um augljós mistök af hálfu A og B hefði verið að ræða við að lesa úr uppdrættinum og yrðu þau sjálf að bera ábyrgð á því. Hins vegar þótti söluyfirlit fasteignarinnar ekki hafa uppfyllt þær kröfur sem áskildar eru í lögum, en það var ekki talin hafa verið orsök tjóns A og B og var fasteignasalinn sýknaður af skaðabótakröfu A og B.

Einnig má nefna dóm Hæstaréttar í málinu nr. 227/2011, sem kveðinn var upp 8. desember 2011. Þar háttaði svo til að A höfðaði mál gegn B, D og E sf. til heimtu skaðabóta vegna tjóns sem hún kvaðst hafa orðið fyrir þegar rafstraumur fór um hana þegar hún baðaði sig á heimili sínu. B hafði verið rafvirkjameistari við byggingu hússins og hafði sameignarfélag hans og D, E sf., séð um raflagnir í það. Fyrir lá að rafmagnsleiðslur höfðu verið ranglega tengdar í íbúð A en að mati dómkvaddra sérfræðinga gátu þau mistök ein og sér ekki orsakað slys eins og það sem A kvaðst hafa orðið fyrir nema hlutur, sem tengdur hefði verið rafkerfi íbúðarinnar, hefði komist í snertingu við baðvatnið. Þar sem A hafði neitað því að slíkt hefði gerst var talið ósannað að röng tenging rafmagnsleiðsla hefði orsakað slysið. Kröfum A var því hafnað.

Fjárhæð tjóns

Tjónþoli þarf alla jafna að sanna að tjón hafi orðið og jafnframt hvert umfang þess sé, í málum sem lúta að sérfræðiábyrgð líkt og í öðrum skaðabótamálum. Sem dæmi um það má nefna dóma Hæstaréttar í málum nr. 36/2010, 524/2009 og 139/2004. Hæstiréttur hefur þó kveðið upp dóma þar sem bætur er dæmdar að álitum ef ljóst þykir að tjónþoli hafi orðið fyrir einhverju tjóni, en svo háttaði til í dómi Hæstaréttar í málinu nr. 262/2000. Þar krafði A lögmennina B og D um bætur, þar sem dregist hafði hjá þeim að halda til haga kröfu hennar um bætur fyrir líkamstjón. Taldi Hæstiréttur að með hliðsjón af þeirri ríku ábyrgð sem lögmenn bera gagnvart skjólstæðingum sínum hefði aðgerðaleysi B ekki verið nægilega réttlætt í málinu og telja yrði að D hefði ekki brugðist eins skjótt við og vænta mætti af starfandi lögmanni. Teldust þau því bera skaðabótaábyrgð gagnvart A, enda stæðu líkur til þess að A hefðu verið dæmdar bætur að einhverju leyti hefði kröfum hennar verið haldið til haga. Þar sem svo hefði ekki verið gert þættu nægar líkur hafa verið leiddar að því að A hefði orðið fyrir tjóni sökum athafnaleysis B og D og yrðu þau að bera halla af sönnunarskorti um að svo hefði ekki verið. Voru lögmennirnir því dæmdir til að greiða A skaðabætur að álitum.

Túlkun sakareglunnar

Grundvöllur skaðabótaábyrgðar sérfræðinga er sú almenna skaðabótaábyrgð sem felst í sakarreglunni. Hin stranga ábyrgð sem á sérfræðingum hvílir er hins vegar reist á túlkun sakarreglunnar og sönnunarkröfum. Er saknæmismælikvarðinn sem lagður er á sérfræðinga strangari en gengur og gerist, þannig að flest öll frávik frá því að sérfræðingur sýni ávallt af sér fyllstu vandvirkni í starfi eru talin vera gáleysi af hans hálfu. Í öðru lagi leiðir það til strangari skaðabótaábyrgðar sérfræðinga að í réttarframkvæmd hefur verið dregið úr sönnunarkröfum á hendur tjónþola hvað atvik máls varðar, orsakatengsl milli hinnar bótaskyldu háttsemi og umfang tjónsins.

Smelltu til að fara aftur í yfirlit

Deildu með umheiminum

Sveitarfélög sameini krafta sína og lækki skuldir

Sveitarfélög í kröppum dansi



Smelltu til að lesa alla söguna



Skýrslur ofan í skúffum

Brynhildur Pétursdóttir skrifar um skýrslumenninguna.

Smelltu til að lesa álit vikunnar

SÍÐUSTU FRUMVÖRP LÖGÐ FRAM Á ALÞINGI

Flutningsmaður:
Steingrímur J. Sigfússon
Bjargráðasjóður (endurræktarstyrkir)
Á vef Alþingis...
Lagt fram 20. júní 2013

Flutningsmaður:
Eygló Harðardóttir, félags- og tryggingam.r.
Almannatryggingar og málefni aldraðra (frítekjumörk, tekjutengingar)
Á vef Alþingis...
Lagt fram 25. júní 2013

Flutningsmaður:
Efnahags- og viðskiptanefnd
Neytendalán (frestun gildistöku)
Á vef Alþingis...
Lagt fram 26. júní 2013

Flutningsmaður:
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, forsætisráðherra
Þingsköp (samkomudagur Alþingis haustið 2013)
Á vef Alþingis...
Lagt fram 3. júlí 2013

Flutningsmaður:
Helgi Hrafn Gunnarsson
Veiting ríkisborgararéttar fyrir Edward Joseph Snowden
Á vef Alþingis...
Lagt fram 4. júlí 2013



Sveitarfélög sameini krafta sína og lækki skuldir

STJÓRNMÁL
Magnús Halldórsson
magnush@kjarninn.is

Deildu með umheiminum

Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra, sem fer meðal annars með málefni sveitarfélaga fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, segir að sveitarfélög geti hagrætt enn meira en þegar hefur verið gert, meðal annars með samnýtingu á þjónustu og samvinnu við innkaup á vörum og tækjum. Þá verði það að vera hluti af umræðu fyrir sveitarstjórnarkosningar vorið 2014 að sveitarfélög geti lækkað skatta eins og þau sjálf telja eðlilegt með því að ákveða lágmarksútsvar. Samkvæmt lögum er lágmarksútsvar sveitarfélaga nú 12,44 prósent en hámarksútsvar 14,48 prósent. Endanleg skattprósenta á íbúa sveitarfélaga ræðst síðan af útsvarinu. „Sveitarfélögin hafa náð talsverðum árangri í hagræðingu og sparnaði síðustu ár og brugðust að mínu mati fljótt og örugglega við afleiðingunum af hruni bank-



Hanna Birna Kristjánsdóttir
Innanríkisráðherra

anna. Bæði með aukinni samvinnu sín á milli og kröftugri endurskoðun margra verkefna tókst þeim að hagræða, ekki aðeins með því að fresta framkvæmdum, heldur einnig með því að lækka almennan rekstrarkostnað. Hins vegar er augljóst að mörg þeirra, sérstaklega þau stærri, geta gert enn betur í því að hagræða og spara til framtíðar. Það felst fyrst og fremst í því að lækka umfang kerfisins sjálfs, minnka miðstýringu og hagræða í umsýslu og yfirstjórn. Ég held að fæstir átti sig á því hversu mikill kostnaður liggur í rekstri kerfisins sjálfs, þar sem yfirbygging hefur orðið of umfangsmikil, sérstaklega á árunum fyrir hrun," sagði Hanna Birna.

Verði óhrædd við breytingar

Hún segir sveitarfélögin þurfa að velta við öllum steinum þegar kemur að opinberum rekstri og þjónustu og vera óhrædd við að breyta um rekstrarform, telji þau að það geti hjálpað til. „Sveitarfélögin þurfa, líkt og ríkið, að vera óhræddari við að horfa á kosti þess að fela öðrum en opinberum aðilum að reka þjónustu á borð við skóla, leikskóla, þjónustu við aldraða, tómstundaiðkun og fleira. Með því að úthýsa rekstrinum má ná fram meiri hagræðingu, spara útsvarsgreiðendum fjármagn en gera um leið auknar kröfur um gæði, skilvirkni og þjónustu."

Lágmarksútsvarið sem kosningamál

Í stjórnarsáttmála Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins er sérstaklega vikið að útsvari og í honum tekið fram að afnumið verði lágmarksútsvar eins og það er í lögum. Hún segir þetta vera mikilvægt atriði fyrir öll sveitarfélög og hluti af því að efla samkeppni á sveitarstjórnarstiginu. „Það er eðlilegt að sveitarfélögin ákveði sjálf lágmarksútsvar sitt. Það býður upp á heilbrigða og eðlilega samkeppni á milli sveitarfélaga. Ef einstaka sveitarfélög hafa færi á því að

lækka útsvar sitt þá ættu þau að nýta það tækifæri. Ég vona að umræða um lægra útsvar aukist fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í vor. Það er brýnt að opinberir aðilar, bæði ríki og sveitarfélög, lækki skatta og leggi þannig sitt af mörkum til að auka ráðstöfunartekjur almennings og auka hér hagvöxt.“

Smelltu til að lesa um samráðsvettvang um aukna hagsæld.

Skuldum vafin sveitarfélög

Heildarskuldir sveitarfélaga, að meðtöldum skuldum dótturfélaga þeirra (A- og B-skuldbindingar í ársreikningum) í árslok 2011 námu 589 milljörðum króna, eða sem nemur rúmlega þriðjungi af árlegri landsframleiðslu Íslands, samkvæmt árbók sveitarfélaga 2012. Nýrri upplýsingar um stöðu allra sveitarfélaga í árslok 2012 liggja ekki fyrir, en staða þeirra hefur þó batnað nokkuð, samkvæmt upplýsingum úr Peningamálum Seðlabanka Íslands. Þar munar ekki síst um að Orkuveita Reykjavíkur (OR) hefur náð betri tökum á rekstri sínum á árinu 2012 heldur en útlit var fyrir ári fyrr og náð að greiða niður skuldir og styrkja undirliggjandi rekstur. Heildarskuldir OR eru þó ennþá stór hluti heildarskulda sveitarstjórnarstigsins, en þær námu 224 milljörðum í lok árs 2012. Þar af voru langtímaskuldir, sem eru að miklu leyti í erlendri mynt, ríflega 200 milljarðar króna.

Hanna Birna segir aðkallandi að draga úr fjármagnskostnaði og greiða niður skuldir á sveitarstjórnarstiginu. Þverpólitísk samvinna stjórnmálamanna sé nauðsynleg. „Með því að ná fram hagræðingu í rekstri skapast svigrúm til að greiða niður skuldir og minnka fjármagnskostnað, sem er allt of stór liður í útgjöldum margra sveitarfélaga. Þá er nauðsynlegt að taka fram að það er hægt að ná gífurlegum árangri með þverpólitísku samstarfi og aukinni samvinnu stjórnmálamanna. Þar er mér efst í huga sá árangur sem náðist í Reykjavíkurborg eftir hrun þar sem fulltrúar bæði meiri- og minnihluta lögðu sig alla fram við að ná fram nauðsynlegri hagræðingu, án þess að skerða grunnþjónustu um of. Þetta hefur verið gert í mörgum sveitarfélögum með góðum árangri, sem ánægjulegt væri að sjá ríkisvaldið nýta sér með markvissari hætti.“

Smelltu til að fara aftur í yfirlit



Brynhildur Pétursdóttir
þingmaður
Bjartar framtíðar

Skýrslur ofan í skúffum

Eftir að íslenskt efnahagslíf hrundi hafa verið skrifaðar mörg þúsund blaðsíður í formi rannsóknaskýrslna og kostnaðurinn við þær hleypur á hundruðum milljóna króna. Þessar skýrslur eru eðli málsins samkvæmt nokkuð kræsileg lesning og þær eru því mun vinsælli en skýrslur sem gefnar voru út áður en allt fór í bál og brand. Þó var nóg af skýrslum/greiningum/úttektum sem greindu stöðuna, vöruðu við og komu með tillögur að úrbótum. En við nennum ekkert að lesa þannig skýrslur og fyrir vikið erum við ítrekað að skrifa skýrslur um það sem fór úrskeiðis; hvernig gátu til dæmis allir bankarnir farið lóðrétt á hausinn á nokkrum árum án þess að nokkur fengi rönd við reist? Hvernig varð Orkuveitan ofurskuldsett? Hvernig stendur á því að Íbúðalánasjóður stendur svo illa? Og hvað var í gangi í lífeyrissjóðum landsins fyrir hrun, nú eða sparisjóðunum?

Fyrir nokkru rakst ég á grein í Peningamálum Seðlabankans sem kom út árið 2000 og heitir „Fjármálakerfið: styrkir og veikleikar“. Um er að ræða ítarlega greiningu á því hvernig koma megi í veg fyrir fjármálaáfall og gjaldeyriskreppu. Við lesturinn féllust mér hreinlega hendur. Það má nefnilega færa rök fyrir því að hefði okkur borið gæfa til að hafa þessa greiningu að leiðarljósi hefði sennilega ekki orðið neitt hrun. Til að gefa lesendum smá innsýn eru hér nokkrar lýsandi setningar;

„Í ljósi þess hve fjármálakreppur geta verið kostnaðarsamar er mikilvægt að gripið sé til fyrirbyggjandi aðgerða til þess að koma í veg fyrir þær.“

„Mikil peninga- og útlánaþensla er eitt helsta áhyggjuefnið í tengslum við stöðugleika fjármálakerfisins um þessar mundir.“

„Mjög ör vöxtur hefur oft verið fyrirboði alvarlegrar fjármálakreppu.“

„Peningaleg þensla getur stuðlað að óhóflegri hækkun á verði hlutabréfa og fasteigna.“

„Óhóflegur viðskiptahalli kann einnig að vera vísbending um gjaldeyriskreppu”

„Viðskiptahallinn er því áhyggjuefni frá sjónarmiði fjármálastöðugleika. Hann eykur skuldsetningu þjóðarbúsins og gerir það þannig viðkvæmara fyrir áföllum og getur til lengdar grafið undan trausti á gengi krónunnar.“

„Sé auknu frjálsræði ekki fylgt eftir með öflugu eftirliti getur það leitt til alvarlegra bresta í fjármálakerfinu“.

„Skuldir íslenskra heimila eru nú með því hæsta sem gerist að tiltölu við ráðstöfunartekjur“.

„Miklum vexti útlána fylgir sú hætta að ekki sé nægilega hugað að greiðslugetu lánþega og því gætu lánastofnanir orðið fyrir útlánatöpum þegar þrengir að í efnahagslífi. Þessi hætta er þeim mun meiri sem fyrirtæki og heimili eru skuldsettari.“

„Veð sem eru farin að nálgast 80% af fasteignaverði gætu því reynst ótraust.“

Og lokaorðin:

„Hættan við ríkjandi aðstæður felst í því að núverandi þróun, ofþensla, mikill viðskiptahalli, verðbólga og hækkandi raungengi, leiði til vaxandi erfiðleika í efnahagsmálum og auki líkur á gjaldeyriskreppu. Áföll í ytra umhverfi hagkerfisins gætu haft hliðstæðar afleiðingar. Hæfni fjármálakerfisins til þess að takast á við skyndilegar breytingar yrði meiri ef betra jafnvægi ríkti í viðskiptum þjóðarbúsins gagnvart útlöndum. Auk þess að draga úr verðbólgu ætti stjórn efnahagsmála því öðru fremur að beinast að því að draga úr viðskiptahallanum.“

Smelltu til að fara aftur í yfirlit

Deildu með umheiminum

MYND AF RANNSÓKNARSKÝRSLU: Flickr/briansuda MYND Á SÍÐU 2: Kjarninn/Birgir Þór


Síminn | Spotify

Síminn, Spotify og þú

Spotify Premium áskrift fylgir öllum Snjallpökkum Símans gegn 6 mánaða samningi

Hlustaðu á tónlistina þína, hvar og hvenær sem er. Þú finnur uppáhaldslögin þín á Spotify.

Smelltu hér til að kynna þér málið betur.



Snjallpakki er frábær áskriftarleið þar sem þú færð gagnamagn, SMS og innifaldar mínútur sem gilda í farsíma og heimasíma, óháð kerfi.

Síminn

Bylting, tæknilega séð

Hvernig nýsjálenskur áhugamaður um jarðskjálfta rak síðasta naglann í líkkistu gamaldags blaðamanna

UPPLÝSINGATÆKNI
Salvar Þór Sigurðarson

Frá því að markverður atburður á sér stað og þar til almenningur fræðist um hann þarf að sinna þremur lykilhlutverkum:

1. Söfnun: Einhver þarf að safna saman upplýsingum um atburðinn, t.d. viðtölum, lýsingum, ljósmyndum og myndböndum.
2. Ritstjórn: Einhver þarf að leggjast yfir upplýsingarnar, velja þær sem gefa besta innsýn í atburðinn, setja í samhengi og búa til skiljanlega frétt.
3. Dreifing: Einhver þarf að koma fréttinni til lesenda.

Lengi vel voru öll þessi hlutverk á höndum starfsmanna fjölmiðlafyrirtækja. Blaðamaður og ljósmyndari sáu um að safna upplýsingum, blaðamaður skrifaði fréttina ásamt fréttastjóra og fréttin barst lesendum eftir dreifikerfi prentsmiðju, blaðbera og blaðsala. Almenningur átti ekki kost á að færa fjöldanum fréttir einfaldlega vegna þess hve dýrt og tímafrekt það var að sinna öllum þessum hlutverkum af kostgæfni.

Þetta tímabil, þegar aðgangshindranir gerðu að verkum að fréttaflutningur var á fárra höndum, gengur einhverra hluta vegna undir nafninu „gullöld blaðamennsku“. Ég

Deildu með umheiminum

<<<<< >>>>>

Jarðskjálftamaðurinn Carl Bolland



TheEarthquakeGuy, sem er Nýsjálendingur að nafni Carl Bolland í raunheimum, segist hafa byrjað sinn feril í borgaralaðamennsku á því að taka saman fréttir um jarðskjálfta í heimalandi sínu. „Ég var orðinn þreyttur á að þurfa að lesa fréttir úr öllum áttum til að fá skýra mynd af því hvað gerðist. Fréttir eiga ekki að snúast um það sem fær flesta smelli, heldur að veita fólki innsýn í það sem er raunverulega að gerast. Það var það sem ég vildi reyna að gera."

Bolland segist hafa byrjað á að fjalla um jarðskjálfta af einskærum áhuga, en umfjöllunarefnunum fjölgaði eftir því sem hann vann sér inn traust lesenda á „/news" spjallborðinu á Reddit. Þegar tyrknesku mótmælin hófust sá hann mikla þörf fyrir síun á öllum þeim upplýsingum sem bárust af vettvangi, og reið á vaðið. „Ég hafði fengið jákvæð viðbrögð við þessum umfjöllunum, þannig að ég sá fyrir mér að ég gæti búið til eins konar miðpunkt fyrir upplýsingar um mótmælin. Þar væri hægt að verja þá sem skaffa upplýsingarnar, og miðla þeim til fjöldans."

Ég spurði Bolland hvaða ráð hann vildi gefa upprennandi blaðamönnum. „Þú þarft að komast að því fyrir hvað þú stendur. Að vera blaðamaður þýðir að þú ert sendiboði fólksins, þú veitir innsýn í atburðinn sem þú ert að segja frá. Ef þú vilt vera alvöru blaðamaður, fjallaðu þá um það sem skiptir virkilega máli. Ekki misnota sambandið sem þú hefur við lesandann. Þú munt tapa á því."

<<<<< >>>>>

myndi frekar kalla það „gullöld fjölmiðlafyrirtækja". En hvað sem nafninu líður þá hefur umhverfið tekið stakkaskiptum undanfarna tvo áratugi, og þetta fyrirkomulag endurspeglar ekki lengur veröldina eins og hún er. Með tækniþróun hafa möguleikar almennings á að eiga í samskiptum við almenning stóraukist, og aðgangshindranirnar hverfa hver á fætur annarri.

Fyrst kom internetið sem bauð upp á nýtt og opið

Vörður

1994
Fjölmiðlar byrja að fóta sig á internetinu. Aftonbladet, Daily Telegraph og Der Spiegel voru meðal brautryðjenda í Evrópu.

1999
Evan Williams og Meg Hourihan setja á fót fyrstu bloggþjónustuna — Blogger.

2003
Fjölmiðlar fara að óska eftir efni frá almenningi með myndavélasíma. Dallas Morning News bað áhorfendur um að senda sér myndir af vettvangi þegar Columbia-geimskutlan sprakk, og BBC óskaði eftir efni í tengslum við mótmæli gegn Íraksstríðinu sama ár.

2009
Mótmæli brjótast út í kjölfar forsetakosninga í Íran, og fólkið notar myndavélasíma og Twitter til að segja heiminum frá.

2013
Almenningur tekur að sér ritstjórnarhlutverk í kjölfar mótmæla í Tyrklandi.

Smelltu á bláu hlekkina til að fræðast nánar um hvern atburð.


dreifikerfi fyrir alla með réttu tækin og næga þekkingu. Fréttir gátu borist almenningi með öðrum leiðum en eftir einkavegum fjölmiðlafyrirtækja. Hvernig brugðust fjölmiðlar við? Fyrst um sinn létu þeir eins og ekkert hefði gerst. Mörgum árum síðar viðurkenndu þeir með semingi að internetið væri til. Nú tæpum tveimur áratugum eftir að fyrsta fréttasíðan varð til eru fjölmiðlar ennþá í stökustu vandræðum með að aðlaga sig tilvist þessa nýja dreifikerfis. Margir eru enn að reyna að laga internetið að tilvist sinni.

Næsta hindrun sem féll var upplýsingasöfnunin. Með smærri, hraðari og betri tækjum jukust möguleikar almennings á að safna nákvæmum upplýsingum af vettvangi, og dreifa þeim í gegnum samfélagsmiðla eins og Twitter. Þessi hreyfing hófst fljótlega upp úr aldamótunum, en tók almennilega við sér í mótmælunum í Íran sumarið 2009, sem hefur verið kölluð „Twitter-byltingin“, og hélt áfram í byltingum í Sýrlandi og Egyptalandi. Hvernig brugðust fjölmiðlar við? Flestir láta enn eins og ekkert hafi gerst, en sumir hafa gert tilraunir til að aðlagast með því að taka við upplýsingum frá almenningi.


Stærsta hindrunin – ritstjórnin – stóð þó enn uppi, því að hráar upplýsingar verða ekki að frétt þótt þeim sé dreift út um allt. Þetta vita allir sem hafa notað Twitter. Upplýsingarnar eru bara hráefnið; til að gera frétt úr þeim þarf að vinna þær. Skoða þær og meta, setja í sögulegt samhengi og skrifa svo skiljanlegan texta sem útskýrir stöðu mála á hlutlægan og einfaldan hátt. Þetta hefur verið síðasta vígi fjölmiðla, og margir telja það svo gott sem ósigrandi – það sé bara ekki á allra færi að framreiða frétt úr hráum upplýsingum.

Þessir fjölmiðlamenn ættu að fara að koma sér í afneitunarstellingar því þessi síðasta hindrun féll í Tyrklandi í sumar, þegar almenningur reis upp gegn einræðistilburðum Erdogan forsætisráðherra. Líkt og hafði gerst í Íran, Sýrlandi og Egyptalandi voru fjölmiðlar undir hæl stjórnvalda, og fólkið tók því við keflinu með nettengda snjallsíma að vopni. En ólíkt því sem gerðist í þessum löndum þá gekk

SAMANTEKT CARL BOLLAND UM MÓTMÆLIN Í TYRKLANDI Á YOUTUBE



Smelltu til að horfa á myndbandið (1)



Smelltu til að horfa á myndbandið (2)



Smelltu til að horfa á myndbandið (3)



Smelltu til að horfa á myndbandið (4)

ÍTAREFNI

Al Jazeera's key to successful reporting of Arab uprisings

af Editors Web Blog
eftir Teemu Henriksson

The Arab Awakening and the Internet

á James A. Baker III Institute

Smelltu á fyrirsagnirnar til að lesa ítarefnið

almenningur skrefinu lengra í Tyrklandi. Netnotendur með nöfn eins og TheEarthquakeGuy, BipolarBear0 og DouglasMacArthur tóku að sér að sía upplýsingaflauminn sem barst frá Gezi-torgi á hverjum degi, og tóku saman í „live-þráðum" á samfélagsvefnum Reddit og myndböndum á YouTube.

Þannig tók almenningur að sér ritstjórnarhlutverkið og myndaði í fyrsta sinn (eftir því sem ég best veit) keðjuna sem þarf til að færa fjöldanum fréttir: Fólkið safnaði upplýsingum, fólkið ritstýrði þeim og fólkið dreifði fréttum til fólksins. Allir með internettengingu gátu lesið ítarlegar og upplýsandi fréttir af atburðum í Tyrklandi nokkrum mínútum eftir að þeir áttu sér stað. Klukkutímum síðar mátti lesa um þá á fréttavefjum, og í dagblaðinu næsta morgun. Þessi þróun ætti að halda vöku fyrir blaðamönnum um allan heim.

Með þessu er ég þó ekki að segja að blaðamenn séu að verða úreltir. Þvert á móti eru þeir mjög mikilvægir samfélaginu, þó að almenningur eigi þess meiri og meiri kost að sinna hlutverkum sem hafa hingað til verið í höndum blaðamanna. Það sem blaðamenn þurfa að gera er að sætta sig við þær breytingar sem hafa orðið á þeirra umhverfi, og endurskilgreina hlutverk sitt gagnvart samfélaginu. Þetta þurfa þeir að gera í dag, á morgun og á hverjum einasta degi þar til við hættum að finna upp nýjar leiðir til að tala saman. Eða finna sér eitthvað annað að gera.

Markaðsherferðir fjölmiðla

MARKAÐSMÁL
Kári Sævarsson
& Ragnar Jónsson

Fjölmiðlar eru ekki undanþegnir því að þurfa að markaðssetja sig. Þegar auglýsinga auglýsingastef nokkurra erlendra fjölmiðla eru skoðum þá er hægt að finna nokkur gegnumgangandi þemu. Þessi þemu byggja á ætluðu hlutverki þeirra í samfélaginu; sumir fjölmiðlar skemmta lesendum, aðrir fræða og enn aðrir fletta ofan af spillingu, embættisafglöpum og glæpum. Efnistök flestra fjölmiðla eru fjölbreytt en í markaðssetningu er gjarnan eitthvað eitt sett á oddinn.

Ekstra Bladet

Ekstra Bladet í Danmörku hefur löngum lagt sig fram um að fletta ofan af spilltum stjórnmálamönnum og vafasömum viðskiptaháttum ásamt umfjöllun um íþróttir og kynlíf eins og er eðli gulu pressunnar.

En skúbbið er það sem *Ekstra Bladet* gerir út á í auglýsingum og stillir sér upp sem bandamanni lítilmagnans. Þessi þankagangur hefur átt sér mismunandi birtingarmyndir. Fyrir um tíu árum síðan var í gangi herferðin: Find dig i *Ekstra Bladet* eller find dig i hvad som helst. Þetta er orðaleikur sem hægt væri að þýða gróflega: Sættu þig við *Ekstra Bladet* eða sættu þig við hvað sem er. Auglýsingarnar gengu út á að venjulegt fólk varð fyrir alls konar slæmri þjónustu eða eitthvað sem hreinlega gekk langt út yfir öll skynsemismörk. Eins og í þessari auglýsingu um sólarhringsleikskóla.

Deildu með umheiminum



Að taka sér stöðu með fólkinu og helst gegn valdhöfum, íhaldsöflum eða klíkum er eitthvað sem fyrirtæki frá Apple til Bónus hafa notað með góðum árangri.

Önnur herferð sem gekk út á sömu skilaboð var herferðin Velkommen på forsiden, Velkominn á forsíðuna. Þar var brennipunkturinn fluttur yfir á þá sem voru álitnir líklegir til að gera eitthvað af sér, eins og stórfyrirtæki og opinberir aðilar. Skilaboðin: Þeir sem gera eitthvað af sér lenda á forsíðu *Ekstra Bladet*.


The Economist

Ekstra Bladet tók sér stöðu með lítilmagnanum en herferð *The Economist* er algjör andstæða því hún gengur hreinlega út á að vera útilokandi. Í einföldum veggspjöldum er gátur sem lesendur þurfa að leysa og höfða því til gáfnafars lesenda. Skilaboðin eru að þeir sem lesa tímaritið verða nógu gáfaðir til að ná langt.

Herferð *The Economist* hefur verið langlíf og vel heppnuð enda gert út á á tilfinninguna um að lesendur tímaritsins séu meðlimir í fámennum klúbbi farsælla einstaklinga. Hver vill ekki tilheyra þeim hópi?

The Guardian

Netið hefur reynst vera ein helsta ógn hefðbundina fjölmiðla og hafa margir fyrir löngu boðað yfirvofandi endalok prentmiðlanna. Einhvern veginn hafa þeir þó lifað af. Prentmiðlar hafa náð, sumir með góðum árangri, að taka skrefið yfir á netið og starfrækja vinsælar netsíður. Netsíðurnar hafa margar hverjar kommentakerfi og bjóða þannig upp á virka









Smelltu til að horfa á sjónvarpsauglýsingu The Guardian

þátttöku lesenda í umræðum um fréttaefni og þar af leiðandi möguleikann á að nýjir vinklar og upplýsingar komi fram. Þetta kallar *The Guardian*, Open Journalism.

Nýleg verðlaunaauglýsing frá þeim fjallar um hvernig mismunandi miðlar fléttast saman til að standa undir loforðinu um opna blaðamennsku. Hér sjáum við hina velþekktu sögu af grísunum þremur sagða í gegnum mismunandi miðla *The Guardian* og hvernig umræðan í þjóðfélaginu blandast inn í atburðarrásina. Skilaboðin eru að *The Guardian* sýni, The Whole Picture, alla myndina eða alla fleti málsins. Glöggir áhorfendur geta séð áhrif frá bandaríska leikstjóranum David Fincher í myndmáli og útliti myndarinnar.

Skop

Smelltu til að sjá allt skopið



EXIT

Exit er menningar-, afþreyingar- og lífsstílskafli Kjarnans.

Samfélagið segir...

SÓLI HÓLM @solihom
Ég get ímyndað mér að margt sem Edda sagði líti verr út á prenti en það hljómaði. Þið munið lagið: Ég las það í Samúel.
mánudagurinn 19. ágúst

ÞORSTEINN GUÐMUNDSSON @ThorsteinnGud
Fyrsti maðurinn til að hlaupa maraþon hét Feidipídes (530 fkr) og starfaði sem sendiboði. Hann örmagnaðist og dó. Víti til varnaðar?
þriðjudagurinn 20. ágúst

GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON
Forsvarsmaður baráttunnar fyrir flugvelli í miðbæ Reykjavíkur er flugumferðarstjóri - á Akureyri.
þriðjudagurinn 20. ágúst

GUNNAR BRAGI SVEINSSON
„Gert verður hlé á aðildarviðræðum Íslands við Evrópusambandið og úttekt gerð á stöðu viðræðnanna og þróun mála innan sambandsins. Úttektin verður lögð fyrir Alþingi til umfjöllunar og kynnt fyrir þjóðinni. Ekki verður haldið lengra í aðildarviðræðum við Evrópusambandið nema að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu.“ – Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins.
sunnudagurinn 18. ágúst

HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR @hannabirna
Til hamingju Fram, Ríkharður Daðason og Reykjavík!
http://fb.me/1hOXn5AVi
laugardagurinn 17. ágúst

HEIÐA KRISTÍN HELGADÓTTIR @heidabest
Er í Nexus. Móðurmálið hér er bandaríska.
miðvikudagurinn 21. ágúst

BRYNDÍS BJÖRGVINSDÓTTIR
Vá, rosa mörg hringtorg og mikið af malbiki sem Garðbæingar ætla að mölva Gálgahraun undir. Verst að það þarf engin á öllu þessu shitti að halda. Ég hef keyrt Álfanesveg oft í viku í 30 ár og það er nú nánast í frásögur færandi ef maður hittir þar fyrir annan bíl.
miðvikudagurinn 21. ágúst

KNÚZ.IS @knuz.is
Knúz dagsins er þýðing úr útlensku!
http://fb.me/2AffymzCY
sunnudagurinn 19. ágúst



Vantar unglinginn á heimilinu smá biópening?

Við einföldum millifærslur í snjallsímanum margfalt. Með nýja Íslandsbanka Appinu má nálgast stöðuna á reikningum og færa smærri fjárhæðir á vini og vandamenn með fáeinum smellum.

Sæktu Appið

Við bjóðum
góða þjónustu

Íslandsbanki

eftir Erling Grétar Einarsson



Einn heimsendi með salthnetum, takk

KVIKMYNDIR
The World's End
í leikstjórn
Edgar Wright
★★★★★

Deildu með umheiminum

Þeir sem upplifðu unglingsár sín á tíunda áratug síðustu aldar þurfa ekki að sitja lengi í bíósætunum til að falla fyrir The World's End, nýjustu mynd þríhöfða húmorskrímslisins Edgar Wright, Simon Pegg og Nick Frost. Myndin, sem hefst á endurliti til ársins 1990, inniheldur gríðarlega mikið af tónlist, orðfari og tilvitnunum í menningu tíunda áratugarins – raunar svo mikið að Bobby Gillespie á góðan part í einni mikilvægustu senu myndarinnar.

ÞRENNT GOTT

- Fyrsti slagurinn, þar sem félagarnir takast á við unglingagengi á almenningsklósetti, er æðislega samsettur og hendir myndinni í fullan gang.
- Öll hreyfihönnun er svo vel úr garði gerð að það þyrfti í raun að stofna nýjan flokk á Óskarnum til þess eins að gefa The World's End gullstyttu.
- Eftirmáli myndarinnar – án þess að gefa of mikið uppi – er með betri lokaatriðum ársins. Besti endir á mynd frá þessu teymi til þessa.

ÞRENNT SLÆMT

- Myndin er lengi að ná flugi eftir stórflotta upphafssenu, þar sem samtölin og kómískar tímasetningar ná ekki að halda uppi of teygðu handriti í gegnum fyrsta þáttinn.
- Persóna Rosamund Pike er fulltýpísk „kvenpersóna-í-grínhasar-mynd", sérstaklega þar sem svo margir hinna persónanna eru svo vel skrifaðar.
- Myndin fer að líkindum ekki í almenna sýningu á Íslandi (samkvæmt nýjustu fréttum), sem er mikil synd. Það verða þó tvær sérsýningar á vegum Tómasar Valgeirssonar, sem rekur Bíóvefinn.

Smelltu til að lesa þrennt gott við myndina

Smelltu til að lesa þrennt slæmt við myndina

Smelltu til að loka

THE WORLD'S END Í TUTTUGU ORÐUM
Afskaplega vel leikinn, dökkur en stórskemmtilegur lokahnykkur á epískum grínþríleik. Rússíbanareið, fer hægt af stað en endar á fullri ferð.

Myndin er lokahnykkurinn í Cornetto-þríleiknum svokallaða og sver sig í ætt við fyrri myndirnar tvær, Hot Fuzz og Shaun of the Dead; pöbbarölt, smábæjarsamfélag sem er farið til fjandans, stílfærð slagsmálaatriði og afskaplega misheppnuð tilraun til að stökkva yfir girðingu fyrirfinnast í þeim öllum. Í Shaun of the Dead sáum við uppvakningamyndir teknar fyrir, Hot Fuzz vitnaði í um það bil hverja einustu byssuhasarmynd sem gerð hefur verið (hallóóó, Point Break!), en hér taka geimveruvélmenni yfir heiminn (eða smábæ í Bretlandi, sem er um það bil það sama).

Hins vegar er að finna eina stóra breytingu í The World's End. Hún er dekkri, þroskaðri og alvarlegri en hinar tvær. Ekki að hún sé síður fyndin, heldur leika bæði Pegg og Frost persónur sem hafa gengið í gegnum þroskaferli sem fyrri persónur þeirra hafa ekki gert. Þeir eru eldri, lifaðri og þar af leiðandi dýpri en áður. Svo hafa þeir raðað frábærum dramatískum karakterleikurum í kringum sig; Paddy Considine, Eddie Marsan og Martin Freeman, auk Rosamund Pike, sem öll eiga þar að auki mjög auðvelt með gamanleik.

Helsti gallinn á þessum nýfundna þroska er hins vegar sá að myndin fer afskaplega hægt af stað. Vísbendingum varðandi raunverulegt eðli bæjarins sem þeir ólust upp í og eru nú að heimsækja á ný er ekki



Smelltu til að horfa á stiklu fyrir myndina

komið nægilega hratt fyrir og sumar samtalssenurnar eru dregnar örlítið á langinn, alla leið að fjórða pöbbnum (af tólf).

Allt er þó fyrirgefið þegar hasarinn tekur yfir, sem verður sífellt brjálæðislegri og skemmtilegri eftir því sem á líður. Gamanið nær svo hámarki þegar Nick Frost tekur til hendinni á tjaldinu. Hann hefur til þessa leikið vinalega aulann, en sýnir hér meiri þroska, leikstyrk og sjálfsöryggi en áður. Hans besta stund er svo í miðju risastórs slagsmálaatriðis gegn skeggjuðum Pierce Brosnan og um 50 ómennskum félögum hans – á pöbbnum, auðvitað – þar sem Frost sýnir hasartakta á pari við Jason Statham á góðum degi. Pegg, og raunar allir hinir, eru líka mjög áhugaverðir karakterar. Það er gaman að sjá Pegg leika persónu sem glímir við djúpstæð vandamál, er full af innri togstreitu og er að berjast við vonbrigði og trega. En það er Frost sem vinnur tryggð áhorfandans þegar til kastanna kemur, ekki síst í lokauppgjöri myndarinnar og eftirmála, sem er bæði dökkur, jarðbundinn og hæfilega hjartfólginn. Og fyndinn. Að sjálfsögðu.

eftir Birgi Þór Harðarson



Fara ótroðnar slóðir erlendis

Deildu með umheiminum

Smelltu til að hlusta á Disco Love, lagið sem StopWaitGo gerði fyrir the Saturdays.

Íslenska upptökuteymið StopWaitGo, skipað þeim Ásgeiri Orra Ásgeirssyni, Pálma Ragnari Ásgeirssyni og Sæþóri Kristinssyni, seldi nýverið lag til ensk-írsku poppsveitarinnar The Saturdays. Eru það nokkur tímamót fyrir StopWaitGo enda njóta stelpurnar í The Saturdays mikilla vinsælda í Bretlandi og ætla að nota lagið sem kynningarlag fyrir fjórðu breiðskífu sína sem væntanleg er síðar á þessu ári. Lagið er diskódanslag í anda ríkjandi strauma í poppheiminum.

Þeir félagar í StopWaitGo eru hins vegar að fara á svig við ríkjandi stefnu íslenskra tónlistarmanna sem herjað hafa á erlendan markað, og reyna þeir nú að öðlast frama í bandarísku poppmaskínunni í Hollywood. Það er öfugt við íslenskt tónlistarfólk sem náð hefur vinsældum erlendis með því að herja á hina svokölluðu indí-senu og aðra afmarkaða geira tónlistarheimsins. Nærtækustu dæmin um íslenska tónlist sem náð hefur vinsældum erlendis eru að sjálfsögðu verk Bjarkar Guðmundsdóttur, Sigur Rósar og Of Monsters and Men sem öll hafa notið fádæma vinsælda erlendis.

Pálmi Ragnar viðurkennir að á brattan sé að sækja fyrir þá félaga í StopWaitGo. „Við erum bókstaflega rétt að byrja enda fengum við okkar fyrsta stóra útgáfusamning í maí með The Saturdays og vorum að fá þær fréttir fyrir stuttu að það lag yrði smáskífulag.“

Lag þeirra, Disco Love, er eina lagið sem komist hefur í gengum allar síur í löngu og ströngu ferli sem lag þarf að fara í gegnum áður en huga má að vinsældum. Bandarískur umboðsmaður, Darryl Farmer að nafni, hefur StopWaitGo á sínum snærum og sér þeim fyrir verkefnum. Hann hefur samband við útgáfufyrirtæki í poppsenunni sem yfirleitt eru að leita að einhverju sérstöku og einkennandi. Upptökuteymi, eins og það sem þremenningarnir reka, reyna þá að búa eitthvað til sem samræmist hugmyndum útgáfufyrirtækjanna sem svo annaðhvort hafna lögunum eða

Smelltu til að lesa nánar um StopWaitGo

samþykkja að halda áfram að vinna með efnið. Þá er næsta skref að fara í stúdíó og taka upp með vænt-anlegum flytjendum.

Flest stærstu erlendu nafnanna sem við heyrum spiluð í útvarpi taka jafnvel upp hátt í 80 lög með jafn-mörgum lagasmiðum áður en ákveðið er hvaða 13 lög verða gefin út. Þrjú af þeim lögum sem komast alla leið í útgáfu eru jafnan gerð að smáskífulögum; kynningarefni fyrir útgáfuna. Oft ræðst þetta allt saman á tilviljunum einum saman fyrir nýgræðinga eins og StopWaitGo.

Frá Hollywood til London

Haustið 2012 fluttu þremenningarnir til Los Angeles, suðupott bandarískrar tónlistamenningar, til að bera sig saman við þá farsælustu í bransanum. Drengirnir höfðu þá þegar sett sig í samband við Darryl Farmer en sá er með marga listamenn á sínum snærum, bæði lagahöfunda, upptökuteymi og flytjendur. Meðal annars hefur hann séð um íslenska stúlknabandið The Charlies (áður Nylon).

Í vor fluttu þeir aftur heim til Íslands því útlit var fyrir að þeir þyrftu að vinna mikið í London enda voru viðræður við útgáfufyrirtæki The Saturdays komnar á fullt skrið. Úr því rættist svo núna í júlí eftir að þeir höfðu flogið nokkrum sinnum út til að taka upp og gera samninga. „Þetta lag (Disco Love) var samið í janúar og átti þá að vera fyrir bresku söngkonuna Jessie J. Hún heyrði lagið en vildi það ekki svo það varð partur af lagasafninu okkar. Saturdays-stelpurnar voru að leita og lagið passar fyrir tilviljun í þeirra pakka. Þær fíla lagið og fljúga okkur út þar sem við tökum upp. Eftir að hafa gert tólf útgáfur voru allir orðnir sáttir."

Ferlið við gerð popplags snýst ekki síður um sam-skipti við listamenn í hljóðverinu en lagasmíðar og telur Pálmi það vera þeim félögum einna helst til framdráttar að vera vel talandi á ensku. Afar stór hluti af þessum bransa snúist um að hafa samskipti við fólk og ensku



Tóku upp í Metropolis Studios
Í maí tóku strákarnir í StopWaitGo upp í Metropolis-hljóðverinu í London. Verkefnið var fyrir albanska söngkonu sem stefnir á frama í bandarísku tónlistarlífi. Hljóðverið sem leigt var fyrir íslensku strákana er heimsfrægt og annálað gæðahljóðver. Fjöldi heimsþekktra listamanna hefur tekið upp í Metropolis. Þeirra á meðal eru Michael Jackson, Madonna, The Rolling Stones, Amy Winehouse, Paul McCartney, Elton John, Adele, Beyonce, Björk, Celine Dion, Led Zeppelin, Queen og Rihanna svo aðeins fáeinir séu nefndir.

kunnátta því mikilvægur þáttur í að skapa trúverðugleika og traust.

„Ég held líka að það að hafa ekki verið í ströngu tónlistarnámi mjög lengi hjálpi okkur mjög mikið. Vegna þess að þegar maður er í ströngu tónlistarnámi lærir maður að meta tónlist á allt annan hátt en almenningur metur tónlist," segir Pálmi. Þeim þykir það virkilega mikilvægt að hafa lært að gera tónlist eftir því hvernig þeir upplifa hana.

Íslensk tónlist sem vörumerki

En sá draumur sem StopWaitGo eltist við er í raun og veru allt annar en sá draumur sem íslenskar hljómsveitir eltast við þegar þær leita út fyrir landsteinana með tónlistina sína. Þeir eru ekki endilega að leita að eigin frægð og frama til að geta haft í sig og á, heldur láta þeir aðra um að ljá lögunum þeirra rödd sína.

Þær íslensku hljómsveitir sem hafa átt góðu gengi að fagna erlendis hafa gert hlutina eftir sínu höfði, verið að gera sérstaka hluti og jafnvel notið gríðarlegra vinsælda í afmörkuðum geirum tónlistarheimsins. Á þeirri sérstöðu hafa íslenskir tónlistarmenn alla jafna byggt velgengni sína.

Sigtryggur Baldursson, framkvæmdastjóri Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar (ÚTÓN), segir erlendan markað vera mjög móttækilegan fyrir íslenskri tónlist. Er það vegna þess að vörumerkið íslensk tónlist er sterkt erlendis og gefur tónlistarfólki héðan örlítinn byr í seglin, þó að velgengnin sé á endanum undir hverjum og einum komin.

„Ég veit að það fer mjög fyrir brjóstið á mörgum að tala um listir og vörumerki í sömu setningu. En þetta er útflutningsskrifstofa sem við rekum hérna og við erum því svolítið að horfa á íslenska músík sem vörumerki og skoða hana frá þeim forsendum," segir Sigtryggur og bætir við að stundum sé sagt að maður þurfi ekki að vera „sell-out" til að selja out. Það sé mikilvægt fyrir íslenska

Smelltu til að heimsækja vefsíðu ÚTÓN

listamenn í útrás að setja sér strangar listrænar reglur og nefnir þar Björk sem dæmi enda hefur hún aldrei selt tónlistina sína í auglýsingar, þrátt fyrir augljós gróðatækifæri sem í því gætu falist fyrir hana.

Starfsemi ÚTÓN er í raun og veru tvíþætt. Þar er starfrækt upplýsingaþjónusta fyrir íslenskan tónlistarmarkað um þann erlenda og öfugt. Sigtryggur segir ÚTÓN hafa á vissan hátt orðið til til þess að mæta aukinni eftirspurn eftir indítónlist frá Íslandi enda sé hún þó nokkur. Í indígeiranum liggur jafnframt sérþekking starfsmanna ÚTÓN.

Tónlist er gríðarlega stórt hugtak og getur náð yfir allt mögulegt, jafnvel þögn ef út í það er farið. Það er því auðséð að það sem á við um indítónlist á kannski ekkert endilega við um aðrar stefnur tónlistar.

„Þegar ég tala um íslenska músík sem vörumerki er það ekki eitthvað sem við höfum meðvitað búið til hér heldur verður það til út í heimi," segir Sigtryggur.

50%

Hlutfall erlendra gesta á Iceland Airwaves-hátíðinni fór í fyrsta sinn yfir 50% í fyrra.

Á réttum stað og á réttum tíma

Íslensk indítónlist á heimkvæmt hvar sem er í heiminum, hvort sem það er í Bandaríkjunum, Evrópu eða Asíu, að sögn Sigtryggs. Erfiðara sé hins vegar að átta sig á því hvað veldur þessum meðbyr með íslensku tónlistarfólki erlendis. Tónlistarhátíðin Iceland Airwaves hefur að öllum líkindum mikið að segja enda hefur hún undanfarin ár dregið að sér gífurlegan fjölda erlendra gesta og erlendu fólki sem lifir og hrærist í tónlist hefur markvisst verið boðið hingað í október til að fylgjast með íslensku tónlistarfólki í sínu nærumhverfi.

Og þótt ekki sé hægt að setja smærri tónlistarhátíðir í sama flokk og Iceland Airwaves þá hafa Myrkir músíkdagar, Aldrei fór ég suður og Eistnaflug, svo einhverjar séu nefndar, sótt í sig veðrið þannig að erlent bransafólk er farið að leggja við hlustir.

Þegar öllu er á botninn hvolft skiptir höfuðmáli að vera á réttum stað á réttum tíma. Það gerði það fyrir 25



Þokkalega vinsælt band
Íslenska dægurlagasveitin Of Monsters and Men hefur ferðast vítt og breitt um heiminn til þess að koma fram á tónleikum fyrir þúsundir manns. Jafnframt hefur þetta litla band af Suðurnesjunum komið fram í geysivinsælum spjallþáttum vestanhafs og notið fádæma hylli. Sigtryggur Baldursson segir velgengni hljómsveitarinnar ekki aðeins vera tilkomna vegna raðar tilviljana heldur segir hann umboðsmann þeirra hafa lyft grettistaki til að koma sveitinni á kortið. NORDICPHOTOS/AFP

árum þegar Sigtryggur Baldursson vakti athygli með Sykurmolunum beggja vegna Atlantshafsins, og það gerir það enn í dag eins og sannaðist þegar Of Monsters and Men stóð á toppnum þegar folk-tónlist varð skyndilega gríðarlega vinsæl um heim allan. „Þetta er í raun mjög fyndið fyrirbæri því ramminn er alltaf að breytast. Smekkur og tíska er fljótandi fyrirbæri, svo það að hitta á réttan stað á réttum tíma er ótrúlega merkilegt. Iðulega gerist það ekki nema með röð tilviljana eins og gerðist hjá Of Monsters and Men," segir Sigtryggur.

Skráning hafin!
Haust ráðstefna 2013

Litríkar fartölvur

og töff aukahlutir

Verð 134.990 kr.
Dell Inspiron (5521) 15R - i3

Verð 159.990 kr.
Dell Inspiron (5521) 15R - i5

Dell Inspiron 15R er nú þynnri og léttari með 3ju kynslóð Intel Core örgjörva og Windows 8 stýrikerfi.

Litir í boði: Silfur, blár, bleikur og rauður.



Win 8
ÖRNÁMSKEIÐ FYLGIR FRÍTT



Verð 89.990 kr.
Ódýr og góður kostur
Dell Inspiron (3521) 15 - Celeron
Með 15,6" skjá, nægu gagnaplássi, Windows 8 stýrikerfi og öllu því helsta sem góð tölva ber að hafa. Spræk vél fyrir hagsýna.



Verð 114.990 kr.
Skörp og skemmtileg
Dell Inspiron (3521) 15 - i3
Vél með 15,6" skjá, flottum örgjörva, nægu gagnaplássi og Windows 8 stýrikerfi. Vél sem klárar málin með þér.



Verð 134.990 kr.
Snaggaraleg með snertiskjá
HP Pavilion TouchSmart - AMD
Nálgastu vefinn á áþreifanlegan hátt með skemmtilegum snertiskjá og Windows 8 stýrikerfi.



Verð 6.990 kr.
PC Skin - Fartölvuumslög
Verndaðu tölvuna þína með stæl. Walk on Water gæðaumslög fara vel með tölvuna þína.



Verð 11.990 kr.
Urbanears Plattan heyrnartól
Frábær hljómur í léttri umgjörð. Hægt að brjóta þau saman í lófastærð og raðtengja við önnur heyrnartól til að deila tónlistinni.



Verð 7.990 kr.
Valuun Vibro ferðahátalari
Vibro er settur á holan flöt sem magnar hljómburðinn. Tengist með snúru eða Bluetooth.



Verið velkomin í verslun okkar að **Guðrúnartúni** Reykjavík og **Tryggvabraut** Akureyri.


advania.is/skoli

advania
Welcome to IT

eftir Dögg Hjaltalín

Sterkari við ágjöf og óvissu

Hlutir sem vaxa við óreiðu



BÆKUR
Antifragile
eftir Nassim Nicholas Taleb

Nassim Nicholas Taleb ræðst ekki á garðinn þar sem hann er lægstur í bókinni Antifragile, því bókin fjallar um tilvist nýs fyrirbæris; hvernig óreiða og óvissa getur eflt í stað þess að valda tjóni.

Taleb heldur því fram að hugtak yfir það sem er andstætt við brothætt sé ekki til í orðaforða mannanna. Í raun sé andstæðan við brothætt eitthvað sem vex við áföll eða óreiðu og orðið vanti hreinlega í orðaforða nútímamannsins. Fyrirbærið sé þó sannarlega til staðar, bæði í náttúrunni og í samfélaginu. Við lestur bókarinnar er auðvelt að vera sammála honum því hann færir góð og gild rök fyrir þessari kenningu sinni. Við lifum í heimi þar sem óvissan og óreiðan er mikil og fræðimenn og aðrir geti ekki beislað óvissuna með staðreyndum og spám.

Antifragile er frábær bók sem tvinnar saman líkindi, efnahagsmál, samfélagsmál, sálfræði og persónulega upplifun höfundarins.

Óreiðan er af hinu góða

Sem lesanda finnst mér áhugaverðast hvernig Taleb reynir að sannfæra mig um að öll óreiða sé af hinu

Deildu með umheiminum



Nassim Nicholas Taleb

Smelltu til að skoða Twitter-síðu Talebs

Smelltu til að skoða Facebook-síðu Talebs

góða. Ef þú trúir því sem hann segir fagnarðu því sem þú getur ekki stjórnað og lætur það efla þig frekar en hið andstæða. Nútímafólk hræðist óvissu og reynir að koma lífi sínu haganlega fyrir í öruggum kassa sem veitir því öryggiskennd. Taleb vill brjóta upp þennan hugsunarhátt og kemur því á framfæri í gegnum alla bókina. Hann þolir ekki meðalmennsku og venjulegt líf og gagnrýnir mjög hið hefðbundna lífsgæðakapphlaup. Taleb hvetur lesendur til að elta hamingjuna og njóta óreiðunnar og óvissunnar allt í kringum sig því aðeins þannig sé hægt að græða á henni.

Taleb gagnrýnir allt frá klæðaburði og lífsstíl en hann lítur mest niður til menntasamfélagsins og fjármálamanna. Þessi skoðun sýnir vel hroka hans því bakgrunnur hans liggur á þessum sviðum eins og hann bendir sjálfur á í bókinni. Þekking hans liggur fyrst og fremst í því að greina og reikna óvissu en hann heldur því blákalt fram að slík vísindi geti aldrei verið sannspá. Hann hrífst af listamönnum og frjálsum anda og hefur tamið sér að lesa í yfir 30 klukkutíma á viku, því hann segir mestu vitneskjuna fást með lestri bóka.

Taleb notar fjöldann allan af stuttum dæmisögum til að rökstyðja mál sitt og fléttar þar eigin lífsreynslu inn í sögurnar til að gæða bókina meira lífi. Hann fjallar um allt frá eigin mataræði og bardagaæfingum til flókinna stærðfræðiformúlna. Fyrir áhugasama er aukaefni í Antifragile með formúlum og gröfum til að sanna enn frekar tilvist þess.

Hrokafullur og sjálfumglaður

Taleb er einn hrokafyllsti og sjálfumglaðasti rithöfundur sem ég hef lesið en á einhvern klókinn hátt tekst honum oftast að sannfæra mig um að hann viti best. Þegar ég les Antifragile líður mér eins og ég sé að hlusta á langa einræðu frá Taleb og mig langar mest að spjalla við hann og spyrja hann nánar út í suma hluti og rökræða aðeins við hann um aðra. Ritstíll Taleb skapar þessi hughrif því hann setur hlutina beint fram eins og sá sem allt veit. Ég geri ráð fyrir að þeim sem finnst Taleb hrokafullur eigi erfitt með að lesa Antifragile en hafa verður í huga að Taleb hefur sannað að hann hefur oft haft rétt fyrir sér þrátt fyrir skoðanir sem ekki hafa samræmst meginstraumunum.

Antifragile sameinar fyrri metsölubækur Talebs, Black Swan og Fooled by Randomness, en eins og hann tekur fram í bókinni var það tilviljun að hugrenningar hans leiddu hann að einni niðurstöðu sem lítur dagsins ljós í Antifragile.

Bókin er í raun sjö styttri bækur þannig að hægt er að lesa hana í sjö hlutum. Á köflum er bókin svolítið langdregin en auðvelt er að staldra mismunandi lengi við kafla eftir áhugasviðum. Góður inngangur er að hverjum kafla þannig að auðvelt er að hlaupa létt yfir þá kafla sem vekja minnstan áhuga.

Texti Antifragile minnir stöðugt á að taka engum hlutum sem gefnum og að efast um réttmæti þeirra staðreynda sem taldar eru almenn vitneskja. Bækur á borð við Antifragile er nauðsynlegt að lesa reglulega til að sjá hlutina í kringum sig í gagnrýnara ljósi.

Smelltu til að loka

Malcolm Gladwell, höfundur metsölubókanna Tipping Point, Blink og Outliers, hefur skrifað frábæra grein um Taleb. Gladwell varpar ljósi á fjárfestinn Taleb og hvernig hann veðjaði gegn flestum öðrum og græddi á fjármálakreppu. Í stuttu máli veðjaði Taleb á fall markaða og á meðan vel gekk á mörkuðunum tapaði hann peningum á hverjum degi en þegar hrunið kom stórgræddi hann. Mjög skemmtilegt sjónarhorn á áhugaverðan mann.

Smelltu til að lesa greinina

BROT ÚR BÓKINNI

Taleb um af hverju viðskipti séu skemmtileg og kalli fram heilbrigða samkeppni en háskólasamfélagið ali á hinu andstæða

„Afer more than twenty years as a transactional trader and businessman in what I called the „strange profession," I tried what one calls an academic carreer. And I have something to report – actually that was the driver behind this idea of antifragility in life and the dichotomy between the natural and the alienation of the unnatural. Commerce is fun, thrilling, lively, and natural: academias as currently professionalized is none of these. And for those who think that acedemia is „quieter" and emotionally relaxing transition after the volatile and risk-taking business life, a surprise: when in action, new problems and scares emerge every day to displace and eliminate the previous day´s headaches, resentments, and conflicts. A nail displaces another nail, with astonishing variety. But academics (particularly in social science) seem to distrust each other; they live in petty obsessions, envy, and icy-cold hatreds, with small snubs developing into grudges, fossilized over time in the loneliness of the transaction with a computer screen and the immutability of their environment. Not to mention a level of eny I have almost never seen in business.... My experience is that money and transactions purify relations: ideas and abstract matters like „ recognition" and „credit" warp them, creating an atmosphere of perpetual rivalry. I grew to find people greedy for credentials nauseating, repulsive, and untrustworthy.

(Úr formmála, bls 17)

Smelltu til að horfa á fyrirlestur Talebs um tilurð bókarinnar

BROT ÚR BÓKINNI

Taleb hefur miklar áhyggjur af því að samfélagið vinni statt og stöðugt gegn óvissu og óreiðu og bæli niður eðlilegar skapsveiflur í boði lyfjafyrirtækjanna.

"Not only are we averse to stressors, and don´t understand them, but we are committing crimes against life, the living, science, and wisdom, for the sake of eliminating volatility and variation.

I feel anger and frustration when I thingk that one in ten Americans beyond the age of high school is on some kind of antidepressant, such as Prozac. Indeed, when you go through mood swings, you now have to justify why you are not on some medication. There may be a few good reasons to be on medications, in severely pathological cases, but my mood, my sadness, my bouts of anxiety, are a second source of intelligence-perhaps even the first source. I get mellow and lose physical energy when it rains, become more meditative, and tend to write more and more slowly then, with the raindrops hitting the window, what Verlaine called autumnal "sobs" Some days I enter poetic melancholic states, what the Portuguese call saudade or the Turks hüzün (from the Arabic word for sadness). Other days I am more aggressive, have more energy-and will write less, walk more, do other things, argue with researchers, answer emails, draw graphs on blackboards. Should I have turned into vegetable or a happy impecile?

Had Prozac been available last century, Baudelaire's "spleen," Edgar Allan Poe´s moods, the poetry of Sylvia Plath, the lamentations of so many other poets, everything wit a soul would have been silenced... If large pharmaceutical companies were able to eliminate the seasons, they would probably do so – for profit, of course.

There is another danger: in additions to harming children, we are harming society and our future. Measures that aim at reducing variability and swings in the lives of children are also reducing variability and differences within our said to be Great Culturally Globalized Society.

(Úr kaflanum Crimes against children, bls 61.)

eftir Árnýju Þórarinsdóttur



Áfangastaðir í stórbrotinni náttúru

Í ljósi umræðna um aukinn ferðamannastraum til landsins og aðgengi ferðamanna að vinsælum náttúruperlum er áhugavert að skoða hvernig Norðmenn hafa unnið að skipulagningu, hönnun og uppbyggingu á vinsælum ferðamannastöðum í Noregi. Stórbrotin, ósnert náttúra er það sem dregur flesta ferðamenn bæði til Íslands og Noregs og því er borðleggjandi að líta til vel útfærðra lausna frænda okkar og jafnvel taka þá til fyrirmyndar.

Deildu með umheiminum

Þar hófst verkefnið sem þeir kalla „Nasjonal turistveger“ árið 1994. Upphaflegt markmið verkefnisins var að heilla ennþá fleiri ferðamenn til landsins til að skoða stórbrotna náttúruna og bæta til muna aðstöðuna og aðgengið að völdum stöðum. Markmiðið er einnig að dreifa ferðamannastraumnum og opna augu ferðamanna fyrir nýjum áfangastöðum. Vegirnir eru það sem kemur ferðamönnunum á staðina og þá þurfti að endurbæta, en það var ekki aðeins lögð áhersla á þá. Verkefnin eru ólík og spanna allt frá göngustígum, salernisaðstöðu og útsýnispöllum til stærri bygginga sem hýsa þjónustumiðstöðvar. Verkefnið er á ábyrgð norsku Vegagerðarinnar, sem notið hefur faglegrar ráðgjafar frá nefnd sem bæði er skipuð arkitektum og listamönnum.

Hátt í 50 arkitektar hafa unnið að ólíkum verkefnum síðastliðin nítján ár. Nýjar kynslóðir arkitekta hafa fengið að spreyta sig og ólíkir arkitektar og listamenn vinna á mismunandi stöðum. Útkoman er fjölbreytt og oft hafa djarfar lausnir og tilraunakenndur arkitektúr mótað sig að landslaginu þannig að nú draga mannvirkin og einstakar lausnir á hverjum stað einnig til sín áhugafólk um arkitektúr og hönnun.

Samhliða verkefninu Nasjonal turistveger er heimasíða þar sem hægt er að velja umræddar leiðir, fræðast um staðarhætti og skoða myndir af bæði mikilfenglegri náttúru en ekki síður af framúrskarandi arkitektúr.

Náttúran er stolt okkar Íslendinga, við stærum okkur af henni utan landsteinanna og flest okkar bera virðingu fyrir henni. Náttúran á skilið faglegar lausnir og mannvirki sem hafa það hlutverk að bæði vernda hana og auðvelda aðgengi að henni. Vinsælustu áfangastaðir ferðamanna á Íslandi verða fyrir miklum átroðningi og því er einnig mikilvægt að beina sjónum okkar að nýjum áfangastöðum til að dreifa ferðamannastraumnum betur.



Vedahaugane í Aurlandsfjellet
LJB as

MYND/STEINAR SKAAR

Framtíðin er björt fyrir íslenska ferðamannaiðnað en umgengni við íslenska náttúru er vandmeðfarin og hanna þarf af kostgæfni lausnir sem henta hverjum stað. Við viljum geta litið til baka eftir tuttugu ár og verið stolt af þeirri uppbyggingu og mannvirkjum, bæði stórum og smáum, sem rísa í íslenskri náttúru.

Coca-Cola

Njóttu
Coke með...



Opnaðu hamingju #njottuCoke

eftir Svavar Halldórsson

Ham-borgara-leyndar-málið!



Deildu með umheiminum

Þótt höfuðborgarbúar hafi sleikt sólskinið örfáa daga í ágúst hefur sumarið verið blautt og kalt sunnan- og vestanlands. Júlí hefur ekki verið svona votviðrasamur í Reykjavík í rúman áratug. Á Akureyri var hann hins vegar nálægt meðaltali og fólk fyrir norðan og austan hefur notið veðurblíðu mestan hluta sumars, eftir mjög erfitt vor.

Sumar hinna misheppnuðu garðpartía

Einhver kann að spyrja hvað svona veðursagnfræði hafi að gera með mat. Jú, veðrið hefur auðvitað mikil áhrif á það hvað fólk borðar og drekkur. Veðrið hefur áhrif á hvernig við njótum matarins, hvort við gerum það inni eða úti. Jafnvel þótt mestar líkur séu á sól og blíðu um hásumar er ekkert tryggt í þeim efnum. Þetta sumar verður hugsanlega í minnum haft sem sumar hinna misheppnuðu garðpartía eða útibrúðkaupa. Margir sem undirbúið hafa slíkar veislur af kostgæfni hafa þurft að bíta í það súra epli að náttúran á engan húsbónda nema sig sjálfa.

Smelltu til að horfa á „Hamborgaraleyndarmálið“ á YouTube

Minni kjötsala í rigningu

Kjötsala var dræmari framan af sumri en á sama tíma undanfarin ár, enda minna grillað í rigningu og þoku en í sól og sumaryl. Kjötsala í júní var áberandi minni í ár en í sama mánuði í fyrra. Jóhanna Benediktsdóttir, deildarstjóri markaðssviðs hjá Sláturfélagi Suðurlands, segir að salan í júlí hafi verið svipuð og í fyrra og menn vonist til þess að sumarið komi þokkalega út þegar á heildina er litið. Veðrið í ágúst muni þó skipta sköpum. Það sé alveg greinilegt að minna selst af grillkjöti þegar veðrið er leiðinlegt. Aðrir kjötsalar og framleiðendur sem greinarhöfundur hefur heyrt frá taka undir þetta.

Samdráttur í bjórsölu

Veitingamaður nokkur í borginni fullyrti við greinar

höfund á dögunum að bjórsalan hjá honum það sem af er sumri væri innan við helmingur þess sem hún var í fyrra. Nýjustu sölutölur ÁTVR benda í sömu átt þótt sölutregðan sé ekkert viðlíka og það sem veitingamaðurinn upplifði. Sala á lagerbjór í maí, júní og júlí var nærri þremur prósentum minni í ár en á sama tímabili í fyrra.

SÖLUTÖLUR YFIR LAGERBJÓR HJÁ ÁTVR

Tölur í þús. l	maí–júlí 2012	maí–júlí 2013	
Lagerbjór	4.153	4.036	-2,8%

Munurinn er hins vegar greinilegur eftir landsvæðum. Samkvæmt tölum sem ÁTVR tók saman fyrir Kjarnann er mikil aukning í allri áfengissölu á Norður- og Austurlandi. Að sama skapi hefur dregið verulega úr sölu á Vesturlandi, Vestfjörðum, Suðurlandi og höfuðborgarsvæðinu, þar sem salan hefur minnkað um rúmlega þrjú prósent. Sú tala er auðvitað enn merkilegri í ljósi þess að tveir þriðju hlutar landsmanna búa á suðvesturhorninu.

Smelltu til að heimsækja Hamborgarabókina á vefnum

HLUTFALLSMUNUR Í SÖLUMAGNI Í MAÍ–JÚLÍ 2012 OG 2013

Vesturland og Vestfirðir	-0,6%
Norðurland	5,6%
Austurland	14,6%
Suðurland og Suðurnes	-0,1%
Höfuðborgarsvæðið	-3,1%
Heildarsala	**-0,70%**

Í heildina hefur áfengissala dregist saman um tæpt prósent þessa þrjá fyrstu mánuði sumars, sé miðað við sömu mánuði í fyrra. Þar er þó ekki bara um að kenna minni bjórsölu á öldurhúsum í Reykjavík.

Hvítvínið hverfandi á pallinum

Færri sólskinsdagar þýða líka að neysla á léttvíni breytist. Undanfarin ár hefur sala á rauðvíni minnkað lítillega frá ári til árs eða staðið í stað. Þetta má lesa út



Norskur góðborgari
Þennan frábæra og sumarlega hamborgara er að finna í Íslensku hamborgarabókinni.

Dragðu fingurinn eftir uppskriftinni til að lesa meira.

Norskur góðborgari

HRÁEFNI

- 500 g af nautahakki
- 500 g af kálfahakki
- 50 ml af Vals tómatsósu
- Lúka af smátt söxuðum graslauk
- Sjávarsalt og svartur pipar
- 2 hvítlauksrif
- 50 ml af repjuolíu
- Lúka af fersku dilli
- Kryddlegin söl (t.d. frá Íslenskri hollustu)
- 1 haus af íslensku kínakáli
- 250 g majónes, annaðhvort Gunnars léttmajónes eða heimagert eins og lýst er í sósukaflanum
- 1 óseytt rúgbrauð

AÐFERÐ

1. Setjið allt í skál, hakkið, saxaðan hvítlaukinn og graslaukinn, tómatsósuna, salt og pipar í skál, og blandið vel saman. Búið til 6-8 borgara og kælið.
2. Blandið saman repjuolíu og söxuðu dilli.
3. Steikið borgarana á pönnu eða grilli. Setjið kál ofan á átta brauðsneiðar. Setjið slettu af majónesi þar ofan á og loks borgarana. Önnur væn sletta af majónesi á toppinn. Gerið litla holu í miðjuna á majónestoppnum og látið drjúpa í dálitla repjuolíu með dilli. Látið standa í tvær til þrjár mínútur. Setjið smávegis af kryddlegnum sölum ofan á allt saman. Síðan er borgaranum lokað með öðru brauði ofan á og herlegheitin borin fram. Borðist í lopapeysu, helst við sjóinn.

úr ársskýrslum ÁTVR. Nú bregður hins vegar svo við að rauðvínssala hefur aukist í sumar. Erfitt er að segja nákvæmlega til um hvers vegna þetta er. Líklegasta skýringin er þó að rauðvínið sé að sækja í sig veðrið á kostnað hvítvíns. Eftir því sem sólpallar verða algengari við heimili og sumarbústaði virðist sem gott veður skili sér í aukinni sölu á hvítvíni samkvæmt tölum ÁTVR. Í ár bregður hins vegar svo við að hvítvínssala hefur dregist saman, í fyrsta skipti í mörg ár.

BREYTINGAR Á SÖLU LÉTTVÍNS MILLI ÁRA

Tölur í þús. l	maí–júlí 2012	maí–júl 2013	
Rauðvín	476	492	3,4%
Hvítvín	375	361	-3,6%

Hamborgarar til bjargar

En það er þó ekki öll von úti þótt hann rigni. Margt af þeim mat sem við veljum okkur gjarnan á grillið er jafn gott eða jafnvel betra að steikja á pönnu. Hér er ég fyrst og fremst að vísa til hamborgara. Leyndardómurinn við góðan hamborgara felst ekki í miklu sólskini, heldur í góðu hráefni og réttri matreiðslu. Gróft brauð, nýupptekið íslenskt grænmeti og úrvals kjöt er veislumatur, hvort sem eldað er á grilli eða pönnu. Óli Þór Hilmarsson, kjötiðnaðarmeistari hjá Matís, er höfundur Kjötbókarinnar. Hann kann að velja rétt kjöt í hamborgara af bestu gerð; hann þekkir hamborgaraleyndarmálið.

Uppskrift að góðum sumarborgara

Greinarhöfundur gaf nýlega út bók um hamborgara úr íslensku hráefni. Opinber útgáfudagur Íslensku hamborgarabókarinnar var 17. júní 2013. Þann dag var víða dumbungur en sólin lét þó á sér kræla í útgáfuhófinu, sem haldið var í samvinnu við Kvenfélagið Hallgerði í Goðalandi í Fljótshlíð. Aðstandendur bókar



Smelltu til að sjá uppskriftina að Fljótshlíðarborgaranum

innar brunuðu austur með þrjú hundruð hamborgara frá Kjarnafæði, Lífskornabollur, sósu, salat og allt annað tilheyrandi. Grillveislu var slegið upp og góður rómur gerður að borgara dagsins, því hvað er betra en kolagrillaður hamborgari með fersku íslensku grænmeti í sunnlenskri sól og blíðu. Hér fylgir uppskriftin að þessum borgara, sem hlotið hefur nafnið Fljótshlíðarborgari. Hann er ekki í Íslensku hamborgarabókinni, heldur hrein viðbót. Uppskriftin miðast við fjóra. Eins og alltaf er hægt að breyta og prjóna við, en svona var hann gerður á þjóðhátíðardaginn.



KAROLINA FUND VERKEFNI VIKUNNAR

Sköpun í krafti fjöldans

Karolina Fund og Pólar Festival gerðu hugmynd að veruleika

Pólar-hátíðin á Stöðvarfirði var eitt þeirra verkefna sem nýttu sér hópfjármögnun til að verða að veruleika í sumar. Rúmlega 70 velgjörðarmenn lögðu í púkk í gegnum vefsíðuna Karolina Fund og söfnuðu því sem upp á vantaði til að halda þessa tveggja daga lista- og frumkvöðlahátíð. Markmið hátíðarinnar, sem fór fram 12.–14. júlí, var að „ná saman fólki úr ólíkum áttum og margvíslegum

Deildu með umheiminum

Smelltu til að heimsækja vefsíðu Karolina Fund

Skapandi greinum til þess að deila reynslu sinni og þekkingu til að rannsaka nýja möguleika í samvinnu, sköpun og framleiðslu“, og það sem einkenndi skipulag hennar var traust og trú á kraft fjöldans til þess að koma hlutunum í verk.

Frá frystihúsi til sköpunarmiðstöðvar

Stöðvarfjörður er lítið þorp sem situr undir gnæfandi austfirskum fjallstoppum. Þar hefur verið mikil fólksfækkun og lokun frystihússins fyrir nokkrum árum hafði neikvæð áhrif á atvinnuhorfur, en íbúum hefur nú fækkað niður í um 190. Þegar frystihúsið hafði staðið tómt um skeið og loks átti að rífa það, tók hópur listafólks og frumkvöðla sig til og keypti húsið með það að markmiði að koma þar upp sjálfbærri sköpunarmiðstöð. Hetjulegt starf við að snúa vörn í sókn hefur verið unnið á undanförnum árum við að koma þar upp listasmiðjum, vottuðu eldhúsi og samkomusal.

Hópurinn sem stóð að skipulagningu Pólar hafði laðast að þorpinu í gegnum það starf sem átti sér stað við uppsetningu miðstöðvarinnar. Meðal þeirra er Gígja Sara Björnsson, sem ólst upp í París en fjárfesti nýlega í húsi á Stöðvarfirði ásamt unnusta sínum. Gígja var í skýjunum yfir því hvernig tókst til með hátíðina. Hún áætlar að hátt í 200 manns hafi verið með í námskeiðum og listviðburðum sem áttu sér stað, en sérstaklega var hún ánægð með hve reiðubúnir þátttakendur hátíðarinnar voru til þess að taka þátt og hjálpast að við að framkvæmd hennar.

Skak og hristingur á föstudagsmorgni

Hátíðin einkenndist af vingjarnlegu andrúmslofti og virku framlagi allra viðstaddra. Fyrsta daginn kynntust þátttakendur hver öðrum við „lunch beat“ – dansleik undir berum himni um hádegisbilið. Á eftir tóku við námsstofur um allt frá vistvænni ræktun til skapandi skrifa. Þegar kvölda tók stóð BNG danshópurinn síðan



fyrir framúrstefnulegum hljóð- og dansgjörningi við höfnina – sem síðan leystist upp í allsherjar bryggjuball fram á nótt.

Kvöldmatur í krafti fjöldans

Námsstofur og listgjörningar héldu áfram daginn eftir, meðal þeirra vinnustofan Umhverfing, undir stjórn Hugrúnar Jónsdóttur. Þar var starfaði í anda „InHere"-hugmyndafræðinnar, sem leitast við að skapa meðvitund um matvælaframleiðslu. Þátttakendur skiptust í hópa og sigldu sumir út á fjörðinn með austfirskum smábáta-sjómönnum en aðrir héldu á fjall að tína grös. Með dyggri aðstoð heimamanna var svo gert að aflanum og hópar þátttakenda útbjuggu dýrindis máltíð sem borin var fram um kvöldið.

Gleði þátttakenda fólst ekki síst í því að fá að leggja eitthvað af mörkum. Þetta var upplifun Kristians Ross, hljóðhönnuðar frá Danmörku. Þegar hljóðmaður

hátíðarinnar forfallaðist var hann ekki lengi að stíga fram og bjóða fram krafta sína. „Ég var ekki að halda námsstofu eða spila tónlist, svo það er mjög gaman að geta lagt eitthvað af mörkum," sagði hann og henti upp hátölurum og snúrum. Undir traustri hljóðblöndun Kristians og félaga stigu svo á svið bönd á borð við Ojba Rasta, Just Another Snake Cult og Boogie Trouble og héldu uppi stuði fram á nótt.

Pönnukökur, fjallagrasamjólk og spjall í Kirkjubæ

Dansþreyttir þátttakendur skriðu smám saman úr tjöldum sínum á sunnudagsmorgninum og söfnuðust að fornum sið saman í gömlu kirkjunni, sem nú er nýtt sem gistiheimili. Eftir kaffi- og pönnukökuhressingu hófust líflegar umræður á kirkjubekkjunum um grasrótarkvikmyndagerð, hæfileikasamfélagið, framtíð listarinnar og hópfjármögnun. Á meðan heit fjallagrasamjólk vann á þynnkunni meltu þátttakendur reynslu helgarinnar og góður rómur var gerður að hugmyndinni um að halda Pólar aftur að ári.

Við hjá Karolina Fund erum afskaplega stolt af því að hafa fengið þetta heillandi verkefni inn til okkar. Það var ekki aðeins skemmtilegt að taka þátt í fjörinu á þessum fallega stað, heldur var hátíðin öll áhugaverður lærdómur um samvinnu, hópframkvæmdir og hæfileikaskipti. Fyrst og fremst var hátíðin þó áminning til okkar sem erum að þróa nýjar leiðir til hópfjármögnunar og samvinnu á netinu um hve sterk hefð samvinnu og félagslífs er oft til staðar í smærri samfélögum víðs vegar um landið. Við hlökkum til Pólar að ári!

kjarninn

Takk fyrir að lesa Kjarnann

UM KJARNANN
Kjarninn kemur út á fimmtudagsmorgnum. Hann er gefinn út fyrir iPad og iPhone ásamt því að vera aðgengilegur í PDF-formi á vefnum.

Kjarninn
Kt: 690413-0190
Laugavegi 71
101 Reykjavík
S: 551-0708

www.kjarninn.is

www.facebook.com/kjarninn

www.twitter.com/kjarninn_is

Kjarninn miðlar ehf.
gefa Kjarnann út.

Ritstjórn ritstjorn@kjarninn.is

Þórður Snær Júlíusson, ritstjóri ..... thordur@kjarninn.is
Magnús Halldórsson, blaðamaður ..... magnush@kjarninn.is
Ægir Þór Eysteinsson, blaðamaður ..... aegir@kjarninn.is
Þórunn Elísabet Bogadóttir, blaðamaður ..... thorunn@kjarninn.is

Framleiðsla

Birgir Þór Harðarson, framleiðslustjóri ..... birgir@kjarninn.is

Framkvæmdastjórn kjarninn@kjarninn.is

Gísli Jóhann Eysteinsson, framkvæmdastjóri ..... gisli@kjarninn.is
Hjalti Harðarson, framkvæmdastjóri ..... hhardarson@kjarninn.is

Auglýsingar auglysingar@kjarninn.is